

GÁTT

ÁRSRIT UM FULLORÐINSFRÆÐSLU
OG STARFSMENNTUN



2006



Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í nóvember 2006: Frá vinsti: Sigrún Kristín, Sigríður, Bjarni, Ingibjörg, Björn, Sigrún, Guðmunda, Ásmundur og Fjóla María sitjandi.

Í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sitja:

Gylfi Arnbjörnsson, formaður
Gústaf A. Skúlason, varaformaður

Meðstjórnendur

Atli Lýðsson
Emil B. Karlsson
Finnbjörn A. Hermannsson
Ingi Bogi Bogason

Varastjórn

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jónína Gissurardóttir

Ritstjórn Gáttar

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir
Sigrún Jóhannesdóttir
Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri
Tölvupóstfang: ingibjorg@frae.is

Ásmundur Hilmarsson
Tölvupóstfang: asmundur@frae.is

Björn Garðarsson
Tölvupóstfang: bjorn@frae.is

Bjarni Ingvarsson
Tölvupóstfang: bjarni@frae.is

Fjóla María Lárusdóttir
Tölvupóstfang: fjola@frae.is

Guðmunda Kristinsdóttir
Tölvupóstfang: gudmunda@frae.is

Sigríður Jóhannsdóttir
Tölvupóstfang: sigridur@frae.is

Sigrún Jóhannesdóttir
Tölvupóstfang: sigrun@frae.is

Sigrún Kr. Magnúsdóttir
Tölvupóstfang: sigrunkri@frae.is

EFNISYFIRLIT

Fastir liðir

Yfirlit yfir starfsfólk og stjórn FA

Efnisyfirlit

Ritstjórn Gáttar	Ritstjórnarpistill	4
Gylfi Arnbjörnsson	Ávarp formanns	5
Ingibjörg E. Guðmundsdóttir	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á fjórða starfsári	6

Námsnálgun og fjölbreytileiki

Sigrún Jóhannesdóttir	Nám er sköpun, ekki neysla	15
Ásmundur Hilmarsson	Leikur að tölum	19
Ingemar Svanteson	Námsnálgun - nýtt sjónarhorn í heimi kennslufræðinnar	20
Ásmundur Hilmarsson	Hugrenningar um fjarnám	30
Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir ..	Íslenska er málið	33
Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Lestrar- og ritstuðningur í atvinnulífinu	41

Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun

Ólafur Grétar Kristjánsson	European Qualifications Framework (EQF)	43
Sérfræðihópurinn	Hvað áttu við?	44
Guðmunda Kristinsdóttir	Starfstengt verslunarfagnám	46
Ásmundur Hilmarsson	Reynsla af skólavist og -námi	48
Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Færni til framtíðar?	51

Raunfærni og námsráðgjöf

Fjóla María Lárusdóttir	Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað	55
Bjarni Ingvarsson	Gildi starfa	60

Af sjónarhóli

Guðrún Vala	Landnemaskólinn,	64
Birna Gunnlaugsdóttir	Mér gengur best að skilja þegar ég tengi við það sem ég þekki	65
Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Viðtal við Emil Björnsson um náms- og starfsráðgjöf	68

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Sigrún Jóhannesdóttir	Kennslufræðimiðstöð FA	70
Björn Garðarsson	Fagrað verslunar- og þjónustugreina	71
Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)	73
Ásmundur Hilmarsson	Hugrenningar um framsetningu	76



RITSTJÓRNARPISTILL

Ágæti lesandi.

Nú kynnum við þriðja tölublað Gáttar, ársrits um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, sem gefið er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, í viðtæku samstarfi um símenntun á íslenskum vinnumarkaði, til dæmis með því að skapa vettvang fyrir umræðu um þau verkefni, viðhorf og kenningar sem efst eru á baugi hverju sinni.

Þau tvö ársrit, sem komið hafa út, hafa hlotið afar góðar viðtökur. Eintökin hafa runnið út og nú er svo komið að aðeins örfá eintök eru eftir af fyrstu og annarri Gátt. Lesendahópurinn stækkar og verður fjölbreyttari með hverju riti. Leiðtogar, kennarar, ráðgjafar, stjórnendur og síðast en ekki síst námsmenn eru í þeim hópi. Ritstjórninni er kunnugt um að ritið er notað til kennslu um kennslufræði fullorðinna víðar en á námskeiðum Kennslufræðimiðstöðvar FA, til dæmis í a.m.k. þremur háskólum á landinu og fögnum við því. Fjölmargir aðilar hafa komið að máli við okkur og lýst yfir ánægju sinni að með Gátt sé kominn sá vettvangur umræðu um nám fullorðinna og starfsmenntun á Íslandi sem lengi hefur verið beðið eftir.

Markmið ritsins er óbreytt: Að efla umræðu um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi, enn fremur að safna saman og miðla reynslu, kynna það sem efst er á baugi í fræðunum, kenningum, aðferðum, námsleiðum, gögnum, tækjum og vefsíðum.

Við stefnum að því að Gátt verði rit með fjölbreyttu úrvali greina um fræðslumál fullorðinna rit sem ætlað er viðum hópi í samfélaginu; þeim sem stjórna og vinna að fræðslumálum, þeim sem eru þátttakendur og síðast en ekki síst öllum sem hafa áhuga á að kynna sér helstu sjónarmið.

Í þessu þriðja tölublaði ritsins er viðamikil umfjöllun um fjölskrúðuga flóru í fullorðinsfræðslu. Í ritinu eru fræðilegar greinar, sólskinssögur af sjónarhóli, frásagnir af starfsemi og framvindu verkefna, skilgreiningar á hugtökum og lýsingar á ýmsum möguleikum sem í boði eru fyrir þá sem hyggja á nám.

Í ritinu að þessu sinni er kynning á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og verkefnum á hennar vegum en rauði þráðurinn í umfjölluninni er námsnálgun út frá fjölbreytileika. Í markhópnum, sem okkur er ætlað að liðsinna, gætir ýmissa grasa, þar eru bæði harðgerir runnar, litrík, innflutt blóm og viðkvæmar hálendisplöntur. Sum okkar læra best í hljóðum lestrarsölum, önnur við undirleik tónlistar af ýmsu tagi og þriðja hópnum tilheyrir þeir sem er sama um hvort undirleikurinn er Ísland í bítinu, popptónlist eða Kastljósið. Sumir læra á nóttunni, aðrir á morgnana og margir hvenær og hvar sem þeir hafa tækifæri til. Þörfum flestra er hægt að mæta með margbreytilegum aðferðum og kringumstæðum. Þær eru jafn mismunandi og litirnir í regnboganum. Reynum að nálgast viðfangsefnin á breytilegan hátt, vera opin fyrir ólíkum aðferðum og tilbúin til að mæta nýjum kringumstæðum með opnum huga.

Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að Evrópa verði framgangsríkasta þekkingarhagkerfi heims með sjálfbæra þróun að leiðarljósi árið 2010. Þar eru Norðurlöndin í fararbroddi. Þau eru þekkingarsvæði þar sem möguleikarnir til að þróa mannauðinn eru miklir. Skilyrði þess að hægt sé að ná markmiðunum, sem ESB hefur sett sér, eru góð. Ísland er framarlega meðal norrænna landa, tæknin, tækifærin og markmiðin eru í okkar höndum. Sókn okkar byggist á stöðugum og öruggum framförum á færni okkar sem einstaklinga, starfsfólks og samfélagsþegna.

Ósk okkar er að Gátt verði kærkomin lesning öllum þeim sem koma að námi fullorðinna. Við hvetjum lesendur til að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar og senda okkur hugmyndir og eiga virkan þátt í því að efla fullorðinsnám og starfsmenntun á Íslandi.

Ritstjórn

ÁVARP FORMANNS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur nú lokið þriðja starfsári sínu og vill með þessu hefti ársritsins Gáttar gera kennslufræði og þarfir sérstakra hópa fyrir menntun, m.a. íslenskukennslu, að umfjöllunarefni. Eins og kunnugt er er FA samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Á þessum vettvangi hafa heildarsamtökin hvort tveggja í senn skipulagt samstarf við menntamálaráðuneytið um fullorðins- og starfsmenntun og komið á öflugri þjónustu við sameiginlegar fræðslustofnanir atvinnulífsins sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Í starfi FA hefur frá upphafi verið lögð rík áhersla á að byggja upp þekkingu og reynslu á sviði kennslufræði fyrir fullorðna og miðla þessari þekkingu áfram til þeirra sem starfa við kennslu fullorðinna á vinnumarkaði. Í seinni tíð hefur áherslan á nýjar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði fengið aukið vægi í starfinu. Að baki þessari þróun liggur mikil reynsla bæði FA og þeirra sameiginlegu fræðslustofnana sem aðilar vinnumarkaðarins standa að með því að byggja upp og þróa aðferðir til að hvetja og aðstoða fullorðið fólk við að bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Á undanförunum árum hefur einnig verið mikil og ör þróun í skipulagi og uppbyggingu þeirra fræðslustofnana sem aðildarsamtök ASÍ og SA eiga aðild að. Hvarvetna hafa aðildarsamtökin sýnt vilja sinn í verki með samstarfs- samningum og fyrirkomulagi sem eykur skilvirkni og hugmyndaauðgi fyrir viðkomandi markhópa. Sem dæmi má nefna sameiningu fjögurra fræðslumiðstöðva iðnaðar- manna í IÐUNA – fræðslusetur ehf., samstarf FA og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og samstarf Mímis – símenntunar ehf. og Námsflokka Reykjavíkur um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Það er engin vafi á því að þessi mikla gróska og hugmynda- auðgi í mótun og þróun fullorðins- og starfsmenntunar á vinnumarkaðinum og skýrari stefnumörkun af hálfu sam- taka á vinnumarkaði í þessum málum hefur aukið áhuga og vilja stjórnvalda til aðkomu að þessum málaflokki. Þessi áhugi birtist á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi endurspeglast hann í sam- komulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins við ríkisstjórn- ina í nóvember á síðasta ári um fram- lög til námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmið- stöðvum fyrir það fólk á vinnumark- aði sem minnstu menntun hefur og samkomulagi sömu aðila frá því í júní í ár um viðbótarframlög til námskeiða- halds og framlög til náms- og starfs- ráðgjafar hjá fræðslustofnunum iðn- aðarins fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegu iðnnámi. Enginn vafi er á því í mínum huga að hvort tveggja hefur og mun hleypa nýju lífi í annars grósku- mikinn jarðveg þessara mála á næstu misserum.

Í öðru lagi endurspeglast þessi áhugi stjórnvalda í þeim skipulagsbreytingum sem gerðar hafa verið í ráðuneyti menntamála með stofnun Símenntunardeildar um síðustu áramót. Með þessu hefur ráðuneytið lagt grunn að skil- virkara samstarfi og samskiptum bæði við okkur á Fræðslu- miðstöð atvinnulífsins sem og aðrar fræðslustofnanir á vinnumarkaðinum. Því ber að fagna.

Ég sagði í ávarpi mínu í síðustu Gátt að „þrátt fyrir grósku- mikið og fjölbreytt starf á þessum vettvangi, þar sem framboð af námi fyrir þá sem minnsta menntun hafa fyrir eykst hratt, er að verða nokkuð ljóst hvar skórinn kreppir. Flest vandamálin snúast um fjármögnun á framkvæmd- inni, hvort heldur um er að ræða námskeiðsgjöld eða gjöld fyrir náms- og starfsráðgjöf“. Þær breytingar, sem ég hef hér rakið, hafa að verulegu leyti tekið á þessum vanda og lagt, að mínu mati, grunn að enn þróttmeira starfi næstu misserin. Það er á okkar sameiginlegu ábyrgð að sjá til þess að þetta svigrúm gagnist því fólk á vinnumarkaði, sem minnsta menntun hefur, við að bæta og treysta sína stöðu.

Gylfi Arnbjörnsson,
formaður stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Gylfi Arnbjörnsson

INGIBJÖRG ELSA GUÐMUNDSDÓTTIR

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS Á FJÓRÐA STARFSÁRI

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt í starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Ber þar einkum að nefna nýjan þjónustusamning við menntamálaráðuneytið, ný viðfangsefni í samningnum svo og flutning starfseminnar í Skeifuna 8. Í þessari grein er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið og framgangi þeirra á árinu. Jafnframt er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem unnið var að á árinu.

Þetta starfsár er það fjórða í röðinni en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA í árslok 2002 og hóf starfsemi á miðju ári 2003. Starfsemin byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildir hann út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður fyrir en ella eða í ársbyrjun 2006.



Frá undirritun þjónustusamnings 26. janúar 2006

Í nýjum þjónustusamningi eru ákvæði um ný verkefni ásamt því að skert hefur verið á skilgreiningum eldri verkefna í ljósi reynslunnar. Helstu markmið hins nýja samnings eru eins og áður að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfær markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þörfum þessa hóps.

Í þjónustusamningnum eru þrjú ný verkefni. Tvö þeirra varða beint samstarf við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími – símenntun í Reykjavík; annars vegar að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir

fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga og skilgreina aðferðir við mat á árangri; hins vegar að skilgreina reglur um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggist á námsskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megir til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta verkefni snýr einnig að fræðslumiðstöðvum iðngreina. Þriðja verkefnið snýr að því að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfara kennara/leiðbeinendur í notkun þess.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Loks verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu. Þeim er jafnframt lýst nánar í öðrum greinum í ársritinu.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR ASÍ OG SA VIÐ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samkvæmt þjónustusamningnum reka ASÍ og SA Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) til að sinna verkefnum samkvæmt samningnum auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök starfsverkefni en FA stjórnar framkvæmd þeirra að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

HÚSFÉLAG

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnaðissamstarf. Mímir – símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verka-fólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnaði af FA. Þann 1. september flutti þetta fræðslusamfélag starfsemi sína í Skeifuna 8, 2. hæð. Þar er rúmt um starfsemi sem nú er öll á einni hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 7 kennslustofur. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsnaðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur aukna mögu-leika bæði á húsnaðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnaðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi. Þegar þessi grein er skrifuð er húsnaðið í fullri nýtingu.



Húsnaðið að Grensásvegi 16a kvatt og haldið í Skeifuna 8 í lok ágúst

ÞJÓNUSTU- OG SAMSTARFSSAMNINGAR VIÐ FRÆÐSLUAÐILA

Á síðastliðnu starfsári voru endurnýjaðir þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími – símenntun. Um er að ræða samninga sem kveða á um sameiginleg markmið og þjónustu ásamt samningum sem varða fjármögnun á vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu sem hefur skamma skólagöngu að baki. Skrifað var undir fyrstu samningana um miðjan mars og þá síðustu í byrjun júní.

MEGINMARKMIÐ ÞJÓNUSTUSAMNINGSINS

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

NÝJAR NÁMSLEIÐIR

Á árinu hafa verið metnar og gefnar út 5 námsskrár. Þær eru Grunn nám fyrir skólaliða í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Námið er 70 kennslustundir að lengd og metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 6 einingar. Fagnámskeið II í heilbrigðis- og félagsþjónustu í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Námið er 60 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 5 einingar. Fjölvirkjar í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Akureyrar. Námið er 170 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 13 einingar. Vöruflutningaskólinn í samstarfi við Eimskipafélag Íslands. Námið er 339 kennslustundir að lengd og er metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 23 einingar. Verslunarfagnám í samstarfi við Samtök verslunar- og þjónustu og VR. Námskráin hefur verið kennd sem tilraun í Verslunarskóla Íslands. Námið er 510 kennslustundir að lengd, ásamt starfsþjálfun á vinnustað í



Þjónustusamningur við Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra undirritaður

340 klukkustundir undir leiðsögn starfsþjálfra og metið til styttingar náms í framhaldsskóla um 51 einingu.

Á árinu var einnig farið yfir námsskrár og gerð tillaga að mati til eininga á framhaldsskólastigi á fjórum námsskrám fyrir byggingarliða í samstarfi við Menntafélag byggingariðnaðarins (nú lðan). Námsleiðirnar eru Grunn nám byggingarliða, 45 kennslustundir að lengd og metið til allt að 3 eininga. Húsbyggingarsvið byggingarliða, 200 kennslustundir að lengd og metið til allt að 16 eininga. Framleiðslu- og sölusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga. Gatna- og jarðvinnusvið byggingarliða, 200 kennslustundir og metið til allt að 16 eininga.

Undirbúningur er stendur yfir vegna fleiri verkefna. Ber þar fyrst að geta samnings við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi. Verið er að hanna námskeið sem sett verða upp fyrir vorið 2007. Námskeiðið þarf að uppfylla kröfur starfsgreinarinnar og starfsmannanna og vera sniðið að þörfum fullorðins fólks. Unnið verður að námsskrárgerð á vegum FA.

Einnig er í gangi undirbúningur fyrir Alþýðusamband Ísland að námsskrárgerð og mati á námi fyrir trúnaðarmenn.

GÆÐI NÁMS

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra mest hjá framkvæmdaraðilum námsins en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér **ekki** um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu til samstarfsaðila sinna um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Á árinu var unnin yfirgripsmikil vinna við að skilgreina gæðaviðmið í fræðslustarfsemi FA og samstarfsaðila í samstarfi við Arneyju Einarasdóttur hjá fyrirtækinu HRM. Handrit var tilbúið í árslok 2005 og sent símenntunarmiðstöðvunum til yfirlstrar. Fundur var haldinn með þeim í byrjun þessa árs. Þar var farið yfir gæðaviðmiðin og tekið tillit til athugasemda samstarfsaðilanna. Gæðaviðmiðin voru sett á vef FA í ársbyrjun 2006. Þau má finna á www.frae.is undir liðnum gögn. Þar er sérstakur kafli undir heitinu gæðaviðmið.

Gæðaviðmiðin skiptast í eftirtalda kafla: Almennar upplýsingar, stjórnun og skipulag, námsmenn og inntak fræðslu, mat á árangri og þekkingarfyrirtækið. Valið hefur verið að hafa gæðaviðmiðin aðgengileg á vefnum til þess að samstarfsaðilar FA eigi auðvelt með að prenta út viðeigandi viðmið til að afhenda starfsmönnum sínum, kennurum eða nemendum. Markmiðið er að gæðaviðmiðin séu í notkun í nokkurn tíma og síðan yfirfarin með samstarfsaðilum á næsta ári. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um eftirfylgni við gæðaviðmiðin heldur er þess beðið hvort gæðakerfið ALL, sem Mennt hefur verið að þróa, muni verða sett á laggirnar. En starf Menntar að þessum málum var haft til hliðsjónar við þróun gæðaviðmiðanna.

UPPLÝSINGAR UM MARKHÓPINN

Nauðsynlegt er að afla upplýsinga um markhópin, þarfir hans og möguleika til að sækja nám eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með öðrum hætti. Náms- og starfsráðgjöf hefur reynst vera góð leið til að afla upplýsinga um þarfir og áhugasvið markhópsins. Fræðslumiðstöðin hefur unnið



í tilraunaverkefnum sem varða náms- og starfsráðgjöf á undanförunum árum en nú hefur það verkefni fengið vængi með fjármagni til að byggja upp ráðgjöf fyrir starfandi fólk um allt land. Þessu verkefni er lýst nánar hér á eftir.

Á árinu hefur FA tekið þátt í verkefni ásamt menntamálaráðuneytinu sem varðar úrvinnslu úr efni sem Hagstofa Íslands safnaði í vinnumarkaðskönnun. Fyrstu drög að skýrslu eru að verða til núna á síðustu mánuðum ársins 2006. Skýrslan verður gott innlegg í stöðu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi og ætti að geta orðið vegvísir að aðgerðum við að hækka þekkingarstigið hjá markhópi FA.

ÞRÓUN MATS Á RAUNFÆRNI

Þetta er eitt stærsta og viðamesta verkefni FA. Stöðugt er leitað leiða til að safna upplýsingum og prófa leiðir, aðferðir og tæki til raunfærnimats. Síðar á árinu er fyrirhugað að senda fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins um tilhögun raunfærnimats. FA hefur tekið þátt í nokkrum tilraunaverkefnum á árinu. Þau verkefni, sem hafa varðað mat til styttingar á námi í framhaldsskóla, eru:

Tilraunaverkefni Mímis – símenntunar í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu var leitað leiða til að meta raunfærni þeirra starfsmanna í iðngreinum sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Verkefnið þróaðist þannig að ákveðið var að leggja áherslu á eina iðngrein, vélvirkjun og samstarf við Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins og Borgarholtsskóla. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu voru 18 en 16 manns fengu metna áfanga að meðaltali 12 einingar á mann.

Tilraunaverkefni á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja með styrk frá starfsmenntasjóði. Markhópur verkefnisins var byggingarverkamenn á Suðurnesjum sem hafa áhuga á að ljúka formlegu námi í byggingargreinum. Þeir sóttu nám á vegum MSS og fóru í gegnum raunfærnimat á veg-

um MSS og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í verkefninu eru 19, átta manns hafa fengið um 30 einingar metnar og verkefnið er enn í vinnslu þegar þetta er ritað.

Í undirbúningi er verkefni á vegum Samiðnar sem sprottið er úr vinnustaðakönnun Samiðnar þar sem fram hefur komið að 60% þeirra sem gegna faglærðum störfum eru lærðir iðnaðarmenn en 40% eru ófaglærðir. Af þeim ófaglærðu er helmingurinn erlendir starfsmenn og helmingurinn er Íslendingar sem hafa aflað sér þekkingar og færni með störfum sínum á vinnumarkaði. Markmiðið er að meta raunfærni þessara starfsmanna og búa til varanlega leið í menntakerfinu fyrir menn sem starfa sem faglærðir þótt þeir hafi ekki lokið námi í grein sinni. Um er að ræða allar greinar byggingariðnaðarins en tilraunaverkefnið mun beina sjónum að mati inn í húsasmíði.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér að búa til færni- viðmið fyrir Starfsgreinaráð iðróttar- og tómstundagreina vegna raunfærnimats til styttingar á námi á leik- og grunnskólabraut. Útbúnir voru gátlistar sem byggjast á námsskrá og áfangalýsingum. Gátlistarnir lýsa færni- viðmiðum hvers áfanga fyrir sig. Þeir nýtast líka við sjálfsmat einstaklinga í áföngum námsins og sem undirstaða í grein- ingarviðtali við raunfærnimat.

FA gerði samning við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina (nú Iðuna) um að þróa aðferðafræði og tæki til skráningar, staðfestingar og mats á færni einstaklinga til styttingar á námi í matvæla- og veitingagreinum með vinnustaðanám í forgangi. Jafnhliða þessu starfi verða þróaðir gátlistar og gæðaviðmið. Þetta verkefni er enn í gangi.

Þau verkefni sem hafa varðað mat á raunfærni í atvinnu- lífinu og FA hefur verið þátttakandi í eru:

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnu- stað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er þróunarverkefni Landspítala-háskólasjúkra- húss í samstarfi við Eflingu stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mann- auði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar



innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Stýrihópur, skipaður fulltrúum samstarfsaðila, stýrir verkefninu. Starfstengd færniviðmið hafa verið þróuð. Alls 18 starfsmenn hafa farið í gegnum matsferli. Unnið er að þróun leiða við yfirfærslu þekkingar á milli starfsmanna.

Á árinu var fram haldið starfi í verkefninu VOW en það byggist á styrk sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk frá Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins að upphæð 30 milljónir íslenskra króna í tilraunaverkefni sem ber titilinn „The Value of Work“ eða Gildi starfa. Unnið er að þróun aðferða til að meta raunverulega færnei einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin stýrir verkefninu. Samstarfslönd auk Íslands eru Danmörk, England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru Íslandsbanki, Landsbankinn, KB banki, Menntaskólinn í Kópavogi, Samband íslenskra bankamanna, VR, starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina og menntamálaráðuneytið. Fulltrúar þessara aðila mynda faghóp í verkefninu sem fer reglulega yfir framvindu mála. Sams konar faghópar hagsmunaaðila hafa verið myndaðir í hverju landi.

Verkefnið hefur nú staðið yfir í eitt ár af tveimur. Heimasíða verkefnisins er vow.siae.is/ en einnig er hlekkur á heimasíðu FA, www.frae.is. Kynningarbæklingur um verkefnið er tilbúinn. Unnið er að handbók um staðla í störfum bankastarfsmanna og verða þeir teknir í notkun í tilraunaskyni fljótlega. Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson, starfsmenn FA, stýra verkefninu. Bjarni Ingvarsson gerir nánari grein fyrir verkefninu í grein sinni í Gátt.

UPPBYGGING NÁMSFERILSSKRÁR

Eitt af viðfangsefnum FA er að byggja upp kerfi fyrir námsferilsskrár (nemendabókhalld) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem m.a. verði tekið mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.

Næsta skref í þessu starfi er að gera þarfagreiningu hjá samstarfsaðilum FA þannig að skráningarkerfið nýtist þeim sem best. Á vormánuðum var leitað eftir tilboðum í þessa þarfagreiningu. Fljótlega verður gerður samningur við fyrirtækið Betri lausnir um að vinna þarfagreininguna í samráði við samstarfshóp sem skipaður er þeim Sólveigu Sveinsdóttur, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Jóhanni Ingólfssyni, Farskóla Norðurlands vestra, Birni Garðarssyni, Fagræði verslunar- og þjónustugreina, Rósu Steinunni Jónsdóttur, Mími – símenntun og Birni Sigurjónssyni, Iðunni.

Þegar þessari þarfagreiningu lýkur er komið að því að hanna kerfið en þær athuganir, sem gerðar hafa verið, benda til þess að heppilegt sé að laga Innu, skráningarkerfi framhaldsskólanna, að þörfum FA og samstarfsaðila.

ÞRÓUN NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJAFAR

Það hefur verið liður í starfi FA frá upphafi að þróa leiðir til að veita náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði. Markmiðið er einkum að ná sambandi við markhóp FA og greina þarfir ásamt því að búa til námsleiðir sem henta bæði einstaklingunum og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þeir starfa í. Ekki er síður mikilvægt að hvetja til náms og ábyrgðar á eigin færniþróun. FA hefur því unnið í nokkrum þróunarverkefnum á þessu sviði. Á síðastliðnu ári færðist náms- og starfsráðgjöfin út til samstarfsaðila FA með formlegum hætti. Hlutverk FA hefur því breyst í kjölfarið. Nú er mikilvægast að halda utan um og samræma þróun í málaflokknum. Frá því að byrjað var að ráða náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA hefur starfsemin beinst að því að veita handleiðslu um vinnuaðferðir við ráðgjöf á vinnumarkaði og í fyrirtækjum. Þessi náms- og starfsráðgjöf er um margt öðruvísi en sú ráðgjöf sem hefur tíðkast innan skólakerfisins og fyrir atvinnulausa. Námsráðgjöf á vinnustað er veitt á svæði og í tíma atvinnurekanda en það gerir hana sérstaka.

Þann 18. ágúst sl. var haldinn fyrsti fræðslufundur fyrir náms- og starfsráðgjafa hjá samstarfsaðilum FA. Á fundinum voru kynnt ýmis mál sem að gagni geta komið við ráðgjöfina. Jafnframt var farið yfir forsendur ráðgjafar-

innar. Það er von okkar að þetta samstarf verði gjöfult í framtíðinni vegna þess að Ísland er að taka forystu meðal Evrópuþjóða í þessum málaflokki.

Á árinu lauk verkefni sem FA tók þátt í með Eflingu stéttarfélagi, Starfsafli, starfsmennt samtaka atvinnurekenda og Flóabandalagsins og erlendum samstarfsaðilum sem laut að þróun námshvatningar á vinnustað. Lokaráðstefna var haldin í verkefninu í Kennaraháskóla Íslands 23. mars sl. Í verkefninu var lögð áhersla á að þjálfa starfsfólk (trúnaðarmenn, verkstjóra) í jafningjaráðgjöf. Þessi tegund ráðgjafar er vel þekkt í nágrannalöndum, s.s. í Bretlandi þar sem þróuð hefur verið staða fræðslufulltrúa á vegum verkalyðshreyfingarinnar. Þessu verkefni hefur verið komið fyrir hjá Félagsmálaskóla alþýðu.

ÞRÓUN AÐFERÐA Í FULLORÐINSFRÆÐSLU OG STARFSMENNTUN

Liður í því að bæta fræðsluna er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Á síðastliðnu ári voru haldin 10 námskeið á vegum kennslufræðimiðstöðvar FA. Af þeim voru 5 af námskeiðinu Stiklur haldin hjá Mími – símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Þekkingarneti Austurlands, Tollstjóraembættinu og Ísbrú sem er félagsskapur þeirra sem kenna nýbúum. Jafnframt voru haldin tvö starfsþjálfanámskeið, annað fyrir Verzlunarskóla Íslands og hitt fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Loks var haldið námskeið um fjarkennslu fyrir Alþýðusamband Íslands og námskeið um mismunandi námsnálgun var haldið með Ingemar Svanteson frá Svíþjóð en það var jafnframt umfangsmesta námskeið ársins. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA, www.frae.is

Jafnframt hefur verið byggt upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsakynnum FA og er bætt við safnið á hverju ári. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu. Í undirbúningi eru reglur um útlán og kynning safnsins fyrir samstarfsaðilum FA.



Frá námskeiði Ingemars Svantesons

EINSTAKLINGSMÍÐUÐ NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF FYRIR FÓLK Á VINNUMARKAÐI MEÐ LITLA GRUNNMENNTUN

Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 30 milljónum á árinu til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntarmiðstöðvunum og Mími – símenntun. Undirbúningsstarfið fór af stað af krafti um leið og nýr þjónustusamningur tók gildi. Unnið var að því að meta þarfirnar með því að taka saman yfirlit yfir markhópin eftir svæðum. Stuðst er við meðaltalstölur árána 2002-2004. Inntak samninga var mótað og þar með ýmis atriði varðandi kostnaðarþátttöku og upplýsingasöfnun. Loks voru árangursmarkmið ákveðin. Þessi vinna var öll unnin í samráði við menntamálaráðuneytið. Á vormánuðum ársins 2006 voru samningar undirritaðir við alla til þess bæra aðila. Á haustmánuðum var ráðgjöfin komin í framkvæmd hjá þeim að einum aðila undanskildum. Framkvæmdin er unnin eftir þeirri fyrirmynd sem varð til í tilraunaverkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“ og FA tók þátt í á árunum 2003-2005.



NÁMSEFNI Í ÍSLENSKU FYRIR ERLENDA STARFSMENN

Eitt af verkefnum FA samkvæmt nýjum þjónustusamningi er að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra leiðbeinendur í notkun þess. Þessu verkefni hefur miðað hægt á árinu en áætlanir gera ráð fyrir að vinna við það hefjist í október og því ljúki ekki fyrr en snemma á næsta ári. Búið er að velja stýrihóp til að móta verkefnið. Í stýrihópnum eru eftirtaldir aðilar: Þorbjörg Halldórsdóttir og Sólborg Jónsdóttir hjá Mími – símenntun, Laufey Eiríksdóttir hjá Þekkingarneti Austurlands, Þórleif Drífa Jónsdóttir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Ísleifur Arnarson hjá HB Granda og Sigrún Jóhannesdóttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Stýrihópurinn mun búa til mælistikur í námsefnisgerð í íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk, meta hvers konar námsefni muni henta best, skoða það efni sem til er og meta það út frá mælistikum. Síðan mun verða samið við höfunda um notkun þess efnis sem valið verður, greina hvaða efni vantar og semja við höfunda um að skrifa/hanna nýtt námsefni.

GREIÐSLUR TIL VOTTAÐS NÁMS

Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir – símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Skilgreining á vottuðu námi eru þær námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar til eininga á framhaldsskólastigi.

Ákveðið var að verja 65 milljónum á árinu til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Undirbúningur fyrir þetta verkefni fólst í því að finna leiðir til að greiða framlag frá ríkinu til símenntunarmiðstöðva, Mímis – símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina vegna vottaðra námsleiða. Auk þess þurfti að semja reglur um framlagið, m.a. hvaða upplýsingum halda þarf sam- an vegna þessa starfs. Reglur voru unnar í nánú samráði við menntamálaráðuneytið. Ljóst er að þetta verkefni hefur farið vel af stað og eru allir samstarfsaðilar FA að

undirbúa framkvæmd á haustmánuðum en eingöngu þrír þeirra fóru af stað með vottaðar námsleiðir á vorönn 2006. Sem dæmi má nefna að námsleiðin Aftur í nám, sem er fyrir fólk með lesblindu, mun fara af stað á 3-4 stöðum á landinu. Landnemaskólinn verður kenndur á sjö stöðum. Verslunarfagnám hefst á Akureyri. Grunn nám fyrir skóla- liða hefst á tveimur stöðum á landinu og fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu á þremur stöðum. Glæný námsskrá fyrir Fjölvirkja verður kennd innan ferða- þjónustunnar á tveimur stöðum á landinu. Ljóst má vera af þessari upptalningu að vöxturinn í þessu starfi er mikill og vel hefur gengið að dreifa þeim námsleiðum sem hafa verið gefnar út og metnar, óháð búsetu.

SÖFNUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Ársrit FA, Gátt, var gefið út í nóvember 2005. Þetta var annað ritið í röðinni. Áhersla í þessu riti var á kennslufræði í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Óhætt er að segja að þessu riti, svo og Gátt 2004, hefur verið vel tekið. Enda er ekki mikið um faglegt efni um fullorðinsfræðslu og starfs- menntun á íslensku. Í Gátt 2006 er sjónum áfram beint að kennslufræði en nú fremur að sérstökum hópum heldur en almennri kennslufræði.

Ársfundur FA var haldinn 23. nóvember sl. Erindi fluttu Ingemar Svanteson frá Svíþjóð, sem talaði um mismun- andi námsnálgun fólks undir heitinu Learning styles and study success, Elísabet Arnardóttir greindi frá niðurstöðum úr lestrarrannsókn sinni og Guðmundar Kristmundssonar en erindið bar nafnið Slakir lesarar. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir talaði um náms- og starfsráðgjöf fyrir starfandi fólk, og Árni Sigurbjarnarson flutti erindi um samspil menntastofn- ana og samfélags. Gylfi Arnbjörnsson, stjórnarformaður FA, ávarpaði fundinn í upphafi og Ingibjörg E. Guðmunds- dóttir, framkvæmdastjóri FA, kynnti Gátt 2005. Fundar- stjóri var Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu. Fundinn sóttu 64 manns.

Kynningarbæklingur um raunfærnimat kom út á haust- mánuðum. Hann er ætlaður til notkunar í tilraunaverk- efnum og er efni hans einkum beint að samstarfsaðilum í slíkum verkefnum. Í bæklingnum er raunfærni skilgreind og



greint frá ferlinu í raunfærnimati. Dregin er fram gagnsemi raunfærnimats og farið yfir hlutverk helstu ábyrgðar- og hagsmunaaðila. Jafnframt er útdráttur úr evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

Kynningarbæklingur um náms- og starfsráðgjöf ásamt veggspjaldi kom einnig út á haustmánuðum. Kynningar-efnið er ætlað samstarfsaðilum FA sem bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Í bæklingnum er höfðað bæði til einstaklinga á vinnumarkaði og fyrirtækja.

Kynningarbæklingar hafa verið gefnir út með nokkrum námsleiðum. Á árinu voru gefnir út bæklingar vegna námsleiðanna Aftur í nám, Jarðlagnatækni og Verslunarfagnáms.

ÖNNUR VERKEFNI:

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

Um næstkomandi áramót rennur út samningur sá sem FA gerði við NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) en sá samningur var til tveggja ára frá áramótum 2004 til ársloka 2006. NVL er starfrækt á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Aðalviðfangsefni í starfsáætlun netsins hafa verið: 1. Efling gæða og þróun gæðamælinga innan fullorðinsfræðslu. 2. Símenntun og þróun raunfærni á mismunandi sviðum menntunar, mat á persónulegri og faglegri færni. 3. Þverfaglegt samstarf til þess að auka samkeppnishæfni atvinnu- og þjóðlífs. 4. Þverfaglegt samstarf til að efla persónulegan þroska fólks og lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Heimasiða netsins er www.nordvux.net. Mikið starf hefur verið unnið í netinu á síðast liðnu ári. Sigrún Kristín Magnúsdóttir er tengiliður Íslands í netinu.

FAGMENNTUN Á SVIÐI VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Meðal annars er um að ræða verkefni sem koma að heildarmynd og tengingu náms á sviðinu, kynningar og

faglega vinnu vegna starfsmenntasjóðsins, náms- og starfsráðgjöf fyrir starfsmenn á vinnustöðum, vinnu að tillögum að nýju námi, ferilbókum og raunfærnimati. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins réð starfsmann til verkefnisins. Meðal þeirra verkefna, sem fagráðið vann á árinu 2005-2006, er eftirfylgni við framkvæmd tilraunakennslu í verslunarfagnámi sem Verslunarskóli Íslands hefur séð um. Tengt því er vinna við mótun ferilbókar nemenda í verslunarfagnámi. Þá er unnið að gerð tillagna að raunfærnimati fyrir umsækjendur í verslunarfagnámið. Fagráðið hefur skipulagt og haft umsjón með náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum en Mímir – símenntun hefur séð um framkvæmd ráðgjafarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða hafa verið kynningar á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Markmiðið með verkefninu er að efla fagmenntun á sviði verslunar og þjónustu og leitast er við að ná samlegðaráhrifum við aðra starfsemi FA eftir því sem kostur er. Björn Garðarsson er starfsmaður Fagráðsins en samningurinn rennur út um áramótin.

STARFSGREINARÁÐ FJÁRMÁLA-, VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUGREINA

FA hefur gert samning um að greina þarfir og útbúa viðmið um úrvalsnámsefni sem hentar nýrri námsskrá fyrir tveggja ára starfsnám í þjónustugreinum. Starfið er á byrjunarreit en ljóst er að hér er um mjög nýja nálgun að ræða í tengslum við gerð kennsluefnis. Meðal afurða verkefnis mun verða lýsing á því hvaða námsefni þarf að útbúa til að fullnægja kröfum námsskrár og á hvaða formi það á að vera, leiðbeiningar fyrir höfunda námsefnis um framsetningu og efnistöð, mælistika sem má nota við mat á gæðum námsefnis í starfsnámi, athugun og söfnun á dæmum um árangursríkt námsefni.

FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2006

Þau gleðilegu tíðindi bárust FA í maí að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefði lent í 12. sæti minni fyrirtækja sem fyrirmyndarfyrirtæki í könnun VR. Framkvæmastjóri FA tók við blómum og viðurkenningu af þessu tilefni 19. maí sl.



Fyrirmyndarfyrirtæki 2006 í flokki minni fyrirtækja

UM HÖFUNDINN

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hún hefur B.A.-próf í sálfræði, kennsluréttindi frá HÍ, M.Ed.-próf í kennslufræðum frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Ingibjörg hefur unnið við fullorðinsfræðslu frá 1985 við stjórnun, kennslu og skipulagningu, m.a. hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og Tólmundaskólanum. Hún hefur einnig tekið þátt bæði í evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

ABSTRACT

The past year has been eventful in the operations at the Education and Training Service Centre. Among major events were the new service contract with the Ministry of Education, new tasks in the contract and the move to a new location at Skeifan 8. This article details the main tasks according to the new contract with the Ministry and their implementation during this year. Other tasks carried out throughout the year are also covered.

SIGRÚN JÓHANNESSDÓTTIR

NÁM ER SKÖPUN, EKKI NEYSLA ÁRANGURSRÍKAR NÁMSAÐFERÐIR Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Miklar breytingar hafa orðið á lífsháttum, viðhorfum og vinnubrögðum undanfarna áratugi. Þróun fræðslustarfs og kennsluaðferða hefur ekki orðið með sama hraða og breytingarnar í þjóðfélaginu en við erum knúin til að finna og nýta aðferðir sem undirbúa okkur til að takast sem best á við nútímann. Það er því ekki að undra að hraðnámsaðferðirnar njóti vaxandi áhuga og athygli þeirra sem sinna fræðslumálum.

ÞÖRF FYRIR SKILVIRKAR NÁMS- OG KENNSLUAÐFERÐIR

„Allt sem ég þarf að vita - lærði ég í leikskóla!“ er titill á metsölubók eftir Robert Fulghum. Í þessum titli felst það viðhorf að aðferðir leikskólanna séu árangursríkar en það nám sem á eftir kemur (næstu 10-20 ár) skipti minna máli! Þetta er að vísu nokkuð öfgakennt viðhorf en ýmislegt í nútímakennslufræði, svokallaðri hraðnámskennslufræði, styður þá staðhæfingu að aðferðir leikskólanna séu árangursríkar sem kennsluaðferðir fyrir alla aldurshópa. Það er einnig viðurkennd staðreynd að enn er allt of algengt að notaðar séu gagnslitlar miðaldaaðferðir í formlegu fræðslustarfi allt frá grunnskóla til fullorðinsfræðslu. Sumir hafa nefnt þennan draug úr fortíðinni „Latínu-Grána“ – þar sem nemendur sitja óvirkir í beinum röðum og hlusta á kennara tala, hvern úr sínu hólfi fræðanna. Nemendur eru svo prófaðir í þekkingaratriðum, oft án tengingar við önnur fræði eða þær aðstæður sem við búum við í nútímapjóðfélagi og þá lífsleikni sem við þurfum á að halda í lífinu. Enn leggjum við traust á próf og námstítla, sem oft og tíðum eru gagnslítill afsprengi miðaldaaðferðanna, í stað þess að leggja áherslu á að menntunin leiði til nauðsynlegrar lífsleikni og raunfærni sem nýtist nútímafólki í lífi og starfi.

Hver er þessi lífsleikni sem við þurfum á að halda núna og hvernig getum við nálgast náms- og kennsluaðferðir sem duga betur í fræðslustarfi nútímans? Það er viðfangsefni þessarar greinar að nefna nokkra lífsleikniþætti sem nauðsynlegir eru nútímamönnum og jafnframt að rýna aðeins í þá kennslufræði eða námstækni sem talin er henta vel. Hún hefur verið nefnd hraðnám, ofurnám eða árangursnám og er í vaxandi mæli notuð í fullorðins- og fyrirtækjafræðslu þar sem krafist er skilvirkni í námi.

VERULEIKI NÚTÍMAMANNSINS

Ef við skoðum eftirfarandi fullyrðingar um ýmis einkenni nútímans þá sjáum við að síst af öllu hefur mannkynið verið að gera sér lífið auðveldara með framþróun liðinna áratuga:

- Þekking heimsins tvöfaldast á hverjum 18 mánuðum og allt stefnir í enn örari þekkingarmyndun.
- Þekkingin er aðgengileg við fingurgómana á okkur á nokkrum sekúndum getum við „gúglað“ fram svör við fjölbreytilegustu spurningum með aðstoð tölvu og nets.
- Stöðugar breytingar eru á tækni, vinnubrögðum og viðhorfum til vinnu og verkefna.
- Störf hverfa og ný verða til.
- Samspil einstaklinga, fjölskyldu og þjóðfélags verður stöðugt flóknara.
- Heimurinn allur er eitt samskiptasvæði þvert á tungumál og menningarmun.
- Reynsla kynslóðanna er ekki lengur vegvísir til framtíðar.

Við þessa upptalningu mætti bæta löngum lista en látum þetta nægja til að gefa til kynna í hverju lífsleikni nútímamanna felst. Það blasir strax við að við þessar aðstæður er það hæfileikinn til að læra á árangursríkan hátt, að skilgreina á röklegan hátt og leysa mál á skapandi hátt ásamt jákvæðu viðhorfi til breytinga og eigin endurmenntunar sem er mikilvæg lífsleikni. Einnig er mikilvægt að tengja og samþætta það sem lærist og vera snöggur að tileinka sér nýja færni, ná yfirsýn og heildarskilningi.





Hraðnámsaðferðir eru hlýlegri en miðaldaaðferðir

Það segir sig einnig sjálft að til að lifa við ofangreint ástand duga ekki miðaldaaðferðir við nám og kennslu heldur erum við knúin til að finna og nýta aðferðir sem búa okkur undir að takast sem best á við nútímann. Það er því ekki að undra að hraðnámsaðferðirnar njóti vaxandi áhuga og athygli þeirra sem sinna fræðslumálum. Mörg fræðslufyrirtæki, bæði vestanhafs og í Evrópu sérhæfa sig í hraðnámskennslufræði og útfærslu hennar og má finna mörg dæmi um það þegar „gúglað“ er á Netinu.

HVAÐ ER HRAÐNÁM?

Hraðnám, ofurnám eða árangursnám eru þýðingar á ensku hugtökunum „accelerated learning“ eða „superlearning“ sem notuð hafa verið um náms- og kennsluaðferðir sem minna um margt á aðferðir leikskólanna og reynst hafa mjög árangursríkar og henta vel til að efla þá lífsleikni sem okkur nútímamönnum er nauðsynleg. (Sjá orðskýringargreinina „Hvað áttu við?“ hér í Gátt). Mikið hefur verið skrifað um hraðnám og ótal skilgreiningar má finna um í hverju það felist en sameiginlegt með þeim er að það er skipulögð heildaraðferð við nám og kennslu sem felst

í því að virkja sem best allar námsnálgunarleiðir einstaklingsins. Hún er í raun safn ótal aðferða og leiða. Aðferðin byggist á nýjustu rannsóknum á heilastarfsemi við nám, kenningum um athygli, örvun og árangur og fjölgreindarkenningum. Almennur skilningur er sá að þegar nemendur fá næga námshvatningu og viðeigandi kennsluaðferðir geti allir lært, mun betur og á styttri tíma en áður var talið (Meier 2000, Russel 1999, DePorter 1999).

Í stuttu máli má segja að ávinningurinn af hraðnámi fyrir einstaklinginn sé að hann lærir hraðar, man betur, yfirfærir námið betur á líf og starf, fær aukið sjálfstraust og aukna löngun til að læra meira. Kennarar upplifa mun jákvæðara andrúmsloft á námsvettvangi, áhugasamari nemendur, bætt samskipti nemenda, stöðuga viðleitni allra aðila til að auka gæði námsins og að námið verður skemmtilegra. Vinnustaðir fá sveigjanlegri og meira skapandi einstaklinga sem eiga auðveldara með að laga sig að starfsumhverfinu og leysa þau vandamál sem upp koma í starfi (DePorter 2001).

Nokkrir grundvallarþættir eru uppistaðan í þessari kennslufræði og þegar þeir eru notaðir saman virka þeir sem aflgjafi fyrir árangursríkara, auðveldara og skemmtilegra nám (Meier 2000, Russel 1999, DePorter 1999, Rose 1997)!

Grundvallarþættir hraðnáms eru m.a.:

Almennt viðhorf til náms:

- Við lærum með öllum skilningarvitum, huga, hönd og líkama.
- Afar mikilvægur þáttur er jákvætt viðhorf kennarans/leiðbeinandans gagnvart viðfangsefninu og nemendum sem birtist í því að nota jákvætt orðalag og jákvæðar væntingar í öllum samskiptum.
- Hvernig við lærum skiptir meira máli en hvað við lærum – árangursríkar aðferðir duga ævilangt en innihald úreldist fljótt.
- Nám er ekki óvirk geymsla upplýsinga eða undirbúningur fyrir starf sem byggist á endurtekningum



heldur virk sköpun þekkingar og færni sem byggist á að hugsa, vefengja, rannsaka og skapa.

- Náms er ekki lengur undirbúningur fyrir starf – það er starf.
- Nauðsynlegt er að byggja sem mest á styrkleikum fólks í allri nálgun.

Kennsla og umhverfi:

- Nemendur stíga af bremsunni og á bensínið, þ.e. það þarf að losa sem mest um þá þætti, bæði sálræna og úr umhverfinu sem hindra nám og jafnframt örva sem mest þá þætti sem auka árangur náms.
- Námsumhverfi er hvetjandi og þar ríkir jákvætt andrúmsloft. Tæki, gögn, umhverfi og leiðir að árangursríkum samskiptum eru vel úthugaðar.
- Sérstaklega er hlúð að hverjum einstaklingi og að skerpa námshvatningu hvers og eins með ýmsum aðgerðum og athygli í upphafi.
- Nemendur eru virkjaðir í að fara eigin leiðir og koma með tillögur um hvað þeir vilja gera til að ná árangri.
- Tónlist, sjónlist og leiklist er markvisst notuð til örvunar.
- Taktinum í náminu, þar sem mikilvægir þættir eru tilbreyting, margbreytileiki, hressing og hlé, er stýrt í samræmi við þarfir og væntingar.
- Kapp er lagt á að virkja bæði meðvitund og undir-
meðvitund, tilfinningar og líkamlega vellíðan.
- Námið er sett í stærra samhengi svo að þátt-takendur finni gagnsemi þess.

Þessi upptalning er ekki tæmandi en eins og sést af dæmunum reynir þessi aðferð töluvert á annars konar skipulag, undirbúning og framkvæmd en hefðbundin fyrirlestrar-aðferð. Útfærslan og leiðirnar eru margar og fjölbreyttar og um leið skemmtilegt samvinnuverkefni nemenda og kennara.

Mikið hefur verið rannsakað og kannað um árangur af þessum aðferðum bæði í háskólum og fyrirtækjum. Sá



Árangur hraðnáms

árangur felst t.d. í auknum skilningi, betra minni og aukinni færni í að beita gagnrýnni hugsun. Einnig hefur verið sýnt fram á aukna námshvatningu, sjálfstraust, samvinnu og hærri einkunnir nemenda en áður og allt þetta á styttri tíma en með hefðbundnum aðferðum (DePorter 2001).

Einn af upphafsmönnum þessarar kennslufræði var Georgi Lozanov, búlgarskur sálfræðingur sem notaði slökunaraðferðir, sjónlist, tónlist og jákvæðar væntingar og hvatningu til að auka árangur í tungumálanámi á 7. áratugnum (Wikipedia 29.9. 2006). Aðferðir hans hafa svo verið þróaðar og bættar með ýmsu móti í samræmi við nýja þekkingu í kennslufræðum en meira hefur verið uppgötvað um starfsemi heilans síðastliðin 15 ár heldur en í gjörvallri sögu mannkyns fram að því. Í kjölfarið hafa svo sprottið upp ýmiss konar fyrirtæki og fræðslustofnanir sem sérhæfa sig í ráðgjöf og kennslu um hraðnámsaðferðir og mikið hefur verið gefið út af efni og hjálpartækjum. Nægir þar að vísa í vefleitir á Netinu þar sem notuð eru hugtökin „accelerated learning“, „superlearning“ eða „suggestopedia“.



DÆMI UM AÐFERÐ

Í kennslustund þar sem aðferðinni er beitt skapar kennarinn rétta andrúmsloftið og stemmninguna, er jákvæður, líflegur og vingjarnlegur – heilsar hverjum nemenda hlýlega. Augnsamband, viðeigandi athugasemd, nokkur orð: „Góðan daginn, gaman að sjá ykkur. Við ætlum að eiga saman skemmtilegan dag!“ – oft þarf ekki meira til í upphafi námskeiðs eða kennslustundar til að losa nemendur við neikvæðar tilfinningar og byggja upp jákvæðar væntingar um árangur í náminu. Kennarinn vinnur að því að skapa traust þannig að nemendur upplifi öryggi og afslappað andrúmsloft. Viðeigandi tónlist er spiluð sem liður í því að skapa jákvætt andrúmsloft og tilhlökkun gagnvart verkefnum fram undan.

Námsstaðurinn/kennslustofan er vandlega skipulögð og úthugsuð: lýsing, blóm, uppröðun, tónlist og sjónlist sem styðja við þá þekkingu og færni og þau gildi sem unnið er með á hverjum tíma.

Hlutverk kennarans er svo að kveikja athygli og áhuga og gefa yfirsýn en að öðru leyti er byggt á virkni nemenda þar sem notaðar eru hinar fjölbreytilegustu aðferðir þannig að nemendur upplifa námið sem skemmtilega og eðlilega framvindu sem þeir taka sjálfir þátt í að skapa í örvandi umhverfi.

HVAÐ HINDRAR OKKUR Í AÐ BEITA ÞESSARI KENNSLUFRÆÐI?

Að koma á breytingum í fræðslustarfi er hvorki einfalt né fljótlegt. Það byggist m.a. á viðhorfi stjórnenda, kennara og nemenda til náms og kennslu. Kennarar og skipuleggjendur þurfa að vera sannfærðir um gildi aðferðanna og tilbúnir að leggja á sig þá vinnu og undirbúning sem aðferðirnar krefjast því að þær breyta á margan hátt hlutverki kennarans sem þarf þá að:

- rækta með sér annars konar sjálfsmynd og viðhorf
- flytja áhersluna frá þekkingarmiðlun í aðferðamiðlun
- leggja áherslu á að hafa víða yfirsýn í stað þröngs fræðasviðs

- eiga samstarf við aðra á tengdum sviðum
- hafa vald á mörgum mismunandi aðferðum, tækjum og tólum
- skipuleggja sveigjanlegar kennsluaðstæður
- fást við efasemdarviðhorf nemenda og samstarfsmanna
- vera jafnt leiðtogi og leiðbeinandi

Þessi upptalning sýnir vissulega miklar kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda og kennara og oft eru þeir sem sinna fullorðinsfræðslu með mikið á sinni könnu og því erfitt að gera til þeirra auknar kröfur. Það er hins vegar mikið í húfi ef hægt er að ná betri árangri á styttri tíma og gera námið um leið ánægjulegra og augljósara fyrir nemandann.

HEIMILDIR:

DePorter, Bobbi (2001). *Accelerated Learning*. Seattle, New Horizons for Learning. Sótt 29.8. af <http://www.newhorizons.org/strategies/accelerated/deporter.htm>

Meier, Dave (2000). *The Accelerated Learning Handbook: A Creative Guide to Designing and Delivering Faster, More Effective Training Programs*. N.Y., McGraw-Hill

Rose, Colin & Malcolm J. Nicholl (1997). *Accelerated Learning for the 21st Century. The 6-step Plan to Unlock your Master Mind*. London, Piatkus.

Russell, Lou (1999). *The Accelerated Learning Fieldbook*. San Francisco, Jossey-Bass/Pfeiffer.

Wikipedia – *The free encyclopedia*. GeorgiLozanov. Sótt 29. september 2006

UM HÖFUNDINN

Sigrún starfar nú sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar sér hún m.a. um kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Einnig er hún stunda-kennari við Listaháskóla Íslands.

Hún hefur Phil.Cand.-menntun í uppeldis- og sálarfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, M.S.-próf í menntunarhönnun og -stjórnun og kennslutækni frá National University í Kaliforníu og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Sigrún hefur einnig víðtæka reynslu af fræðslustarfi, menntunarstjórnun og starfsþróunarmálum.



ABSTRACT

Great changes have taken place in lifestyle, opinion and in work practices during the last decades. Training and teaching methods have not changed as quickly as changes in society in general but we are driven to find and use new

methods that will prepare us as well as possible to meet the challenges of the new era. It comes as no surprise that accelerated learning methods enjoy the attention and interest of those who deal with training.

ÁSMUNDUR S. HILMARSSON

LEIKUR AÐ TÖLUM

Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er um 63.000 manns. Nálægt 29.000 manns eru á aldrinum frá þrítugu að sextugu og í fullu starfi.

Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, sem hefur horfið frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar.

Grunnmenntun er hugtak sem í vinnumarkaðsskóun Hagstofunnar merkir grunnskólamenntun eða þaðan af minni menntun. Auk grunnskólamenntunar telst unglingapróf, grunnskólapróf eða miðskólapróf þ.m.t. landspróf. Einnig gagnfræðapróf eða eins árs nám úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla. Ennfremur starfsmenntun á námskeiðum sem eru 100 kennslustundir hið minnsta en minna en einu skólaári.

Vinnuafli er fólk á aldrinum 16-74 ára sem er í vinnu eða skráð atvinnulaust. Árið 2005 var vinnuaflið 165.600 manns (Hagstofa Íslands, árstölur 2005). Af þeim áætla ég að 63.000 hafi eingöngu grunnmenntun (Landshagir, 2005). Þennan hóp tel ég vera stærsta mögulega markhóp Fræðslumiðstöðvarinnar árið 2005.

Innflytjendur teljast erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi. Árið 2005 voru þeir um það bil 13.800, langflestir með pólskt ríkisfang (3.221). Í kjölfar þeirra fylgja Danir (903), Þjóðverjar (781) og þar á eftir þeir sem eru með

ríkisfang á Filippseyjum (771) (Hagstofa Íslands, 31/2006).

Starfandi eru þeir sem hafa unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða verið fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Árið 2005 voru 164.880 manns í þessum hópi. Af þeim voru 155.870 með íslenskt ríkisfang en 9.010 með erlent ríkisfang (Hagtiðindi, 2006:2). Af þeim má ætla að um 61.000 manns hafi grunnmenntun.

Nú ætla ég að gefa mér að þeir sem eru á aldrinum 30-59 ára, í fullu starfi og hafa eingöngu grunnmenntun séu sá hluti markhóps Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem líklegastur er til þess að hafa hug á að sækja námsskeið. Til þess að geta mér til um stærð hópsins nota ég tölur Hagstofunnar um fjölda starfandi á þessum aldri, hlutfalls-tölur þeirra sem eru í fullu starfi auk þess sem ég áætla að 35% þeirra hafi ekki lokið framhaldsskóla. Þá verður niðurstaða mín að hópurinn hafi árið 2005 verið tæplega 29.000 manns.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi - árstölur 1991-2005

Hagstofa Íslands. (2005). Landshagir. Tafla 3.3. Mannfjöldi 16-74 ára eftir stöðu á vinnumarkaði, kyni og menntun 1991-2003

Hagstofa Íslands. (2006). Fréttir nr. 31

Hagstofa Íslands. (2006). Hagtiðindi:2.

INGEMAR SVANTESON

NÁMSNÁLGUN – NÝTT SJÓNARHORN Í HEIMI KENNSLUFRÆÐINNAR

Á síðari árum hefur hugtakið námsnálgun unnið sér ákveðinn sess í norrænum menntakerfum. Í nýrri sýn á þekkingu og einstaklinginn er lögð áhersla á að einstaklingurinn hafi allt frá fæðingu margvísleg persónuleg verkfæri, eiginleika og getu. Þetta eru tækifæri sem skólinn og aðrir fræðsluaðilar, sem hafa símenntun að leiðarljósi, eiga að þróa og þroska.

Námsnálgun okkar mótast snemma á lífsleiðinni. Stundum á hún sér erfðafræðilegar orsakir en stundum verður hún til í uppeldinu. Námsvenjur okkar hafa ótrúlega mikil áhrif á hvernig okkur gengur og lánast í skólanum, í vinahópnum, í starfsvali, starfsmenntun, á vinnustöðum og ótal margt annað. Það liggur í hlutarins eðli að alla þessa þætti er hægt að hafa áhrif á en þeir líkjast vana vegna þess að þegar fólk hefur tileinkað sér þá verða þeir frekar bindandi.

Í greininni er kynnt líkan þar sem mismunandi námsnálgunarþáttum er komið fyrir. Þetta líkan er nefnt The Dunn & Dunn Learning Styles Model eftir höfundum þess sem hafa lagt meira af mörkum við rannsóknir á námsnálgun en flestir aðrir, prófessorarnir Rita Dunn (St John's University í New York) og Kenneth Dunn (Queen's College í New York).

Líkanið er samsett úr rúmlega tuttugu þáttum sem hafa áhrif á umhverfisbundna tilfinningalega, félagslega, líkamlega og sálræna þætti. Engin ein námsnálgun er betri eða verri en önnur, þær segja aðeins til um hverjar þarfir einstaklingsins eru þegar hann á að taka á móti og einbeita sér að erfiðum og nýjum upplýsingum. Námsnálgun fjallar um hvernig einstaklingum hentar best að fá þessar upplýsingar til þess að geta tileinkað sér þær.

*Ef einstaklingur lærir ekki á þann hátt
sem kennarinn kennir verður kennarinn
að kenna á annan hátt svo að einstaklingurinn læri.*

Prófessor Rita Dunn, St John's University N.Y.
Prófessor Kenneth Dunn, Queen's College N.Y.



Ingemar Svantesson

VINNUAÐFERÐIR VIÐ NÁM

Á síðari árum hefur hugtakið námsnálgun unnið sér ákveðinn sess í norrænum menntakerfum. Í nýrri sýn á þekkingu og einstaklinginn er lögð áhersla á að einstaklingurinn hafi allt frá fæðingu margvísleg persónuleg verkfæri, eiginleika og getu. Þetta eru tækifæri sem skólinn og aðrir fræðsluaðilar, sem hafa símenntun að leiðarljósi, eiga að þróa og þroska.

Mest af því sem við lærum er í gegnum hversdagslega hluti, daglega allt lífið. Það getur verið í gegnum samtöl við aðra, eins og gerist og gengur í vinnunni, nýtt um-

hverfi, nýjar vélar, bækur sem við lesum, sjónvarpsþætti sem við horfum á og þar fram eftir götunum. Aðeins lítinn hluti þess sem við lærum tileinkum við okkur með skipulögðu námi. Það hefur í för með sér að undir öllum öðrum kringumstæðum neyðist maður til þess að leysa námið af hendi á sinn eigin máta eða samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, handbókum o.s.frv.

Við innbyrðum ótrúlegt magn af upplýsingum frá umhverfi okkar, fyrst og fremst í gegnum skynjun og það er ómögulegt fyrir heilann að skrá og vista allt. Heili okkar virkar ekki þannig heldur þvert á móti gegnir hann mikilvægu hlutverki við flokkun. Við skoðun á frumeindum sjást í taugamótum heilans mismunandi merkiefni sem ákvarða hvaða upplýsingum er hleypt í gegn og hvað á ekki að skrá. Eiginlega þarf nýtt efni að búa yfir ákveðnum eiginleikum og styrk til þess að komast inn – og með sanni má



segja að efnið þurfi að vera hlaðið „fréttagildi“ til þess að slá í gegn. Og þess vegna fer efni, sem ekki hefur þessi ein-kenni, oftast hjá án þess að skilja nein spor eftir sig.

Þegar einhver hefur öðlast áhuga á einhverju hefur mikil-vægt skref í námsferlinu þegar átt sér stað. Orðið „áhugi“ gefur í skyn að hreyft hafi verið við *tilfinningum* mínum á einhvern hátt. Það er mikilvægt til þess að hægt sé að virkja annað skrefið af þriggja þrepa keðju – athygli – og síðan þriðja skrefið – nám. Lítum á dæmi um þetta.

Á SKÍÐUM Í NOREGI

Á miðjum níunda áratugnum var Sveinn afar upptekinn af námskeiðum um persónulegan þroska, þróun fyrirtækja og þar fram eftir götunum. Eitt sinn var hann beðinn, af ein-um viðskiptavina sinna, um að halda vikunámskeið fyrir hóp starfsmanna með blöndu af þessu tvennu. Námskeiðið fór fram í byrjun apríl og það var mikill snjór í fjöllumum í Noregi sem veitti tækifæri til bæði vinnu og heilsubótar. Það var unnið á morgnana og kvöldin en seinni partinn var farið á skíði. Allt benti til að fram undan væri vika þar sem tækifæri gæfist til bæði mikilla afkasta og notalegra frístunda.

Meðal starfsmannanna var hópur ungra kvenna sem veitti Sveini sérstaka athygli. Það var hlegið og flissað og Sveinn vissi ekki alveg hvað var á seyði. Í hádegisverðarhlað-borðinu á miðvikudag „námu ungu konurnar Svein á brott“. Þær fóru með hann fram í anddyrið þar sem þær færðu hann úr fötunum og létu hann í stað þeirra fara í skíðagalla sem þær höfðu leigt vegna þess að nú var komið að því að Sveinn lærði að renna sér á skíðum! Sveinn hafði nefnilega gantast með að hann hefði ekki hugsað sér að fara á skíði í þessu lífi vegna þess að það væri hættulegt lífi og limum að sveifla sér yfir brúnina á snævi þakinni brekku á sleipum skíðum. Ekki iðja sem hæfði þriggja barna föður! Ungu konunum fannst að fyrst þær ættu að þroska sig ætti Sveinn einnig að gera það! Þess vegna höfðu þær leigt allar græjur og uppi á fjallinu beið hans nú einkaskíðakennari.

Þegar Sveinn kom að skíðalyftunni fylltist hann áhyggjum. Hann hafði auðvitað séð hvernig aðrir báru sig að en nú var komið að honum að standa sig. Það gekk síður en svo vel. Það var ekki fyrr en hann hafði dottið úr lyftunni þrisvar sinnum og orðið að athlægi að einhver sá aumur á honum og aðstoðaði hann við að komast í lyftuna. Ferðin upp gekk vel en honum var ekki rótt yfir hugsuninni um að hann ætti líka eftir að komast úr lyftunni. Þegar upp var komið gat hann það ekki og það þurfti að stöðva lyftuna svo ekki hlytust slys af.

Þegar upp var komið beið kennari eftir Sveini, hress maður, sem ætlaði að kenna honum á skíðum. Hann „festi“ sjálfan sig aftan á Svein eins og bakpoka með handleggina undir örmum Sveins. Svo áttu þeir að renna sér af stað, alveg eins og á tveggja manna reiðhjóli, niður brekkuna. Sveinn fékk líka skýr og greinileg fyrirmæli beint inn í hægri eyrað. Mikið hól fyrir hverja beygju og hreyfingu sem heppnaðist. En þetta var bara aðeins of mikið af því góða! Með unga manninn hangandi og skriðandi upp eftir bakinu urðu kringumstæður bæði hlægilegar og óþægilegar og féllu Sveini alls ekki í geð. Hann fékk sannarlega hvatningu til þess að læra meira en aðeins til þess að losna sem allra fyrst við kennarann. Að endingu gat Sveinn rennt sér niður brekkurnar upp á eigin spýtur. Eftir það fór hann nokkrar ferðir til viðbótar með viðunandi árangri öllum viðstöddum til mikillar ánægju.

Hvað getum við lært af þessu? Þessar uppáþrengjandi líkamlegu leiðbeiningar hentuðu Sveini síður en svo vel. En það er einnig ljóst að hvatningin virkar þrátt fyrir erfiðar kringumstæður og neikvæðar tilfinningar og að það er hægt að tileinka sér flest ef maður má til eða virkilega langar til þess. Hvernig leiðbeiningar hefði Sveinn óskað sér að fá? Svei mér þá, hann var næstum fertugur með háskólapróf og margra ára reynslu af fræðslustarfsemi þegar atvikið átti sér stað. En enginn hafði nokkurn tíma spurt hann: Hvernig gengur þér best að læra? Þrátt fyrir að hann hafi lokið prófi frá kennaraháskóla og hefði starfsréttindi kennara og hefði þar að auki lokið ýmsum símenntunarnámskeiðum í kennslufræðum hafði enginn spurt hvernig honum félli best að læra, ekki einu sinn hann sjálfur!



VANAFESTA

Allir einstaklingar þróa með sér ákveðna hegðun sem samsett er úr framkomu, vana, reynslu og siðareglum. Vissa hversdagslega atburði á að framkvæma á ákveðinn máta og í ákveðinni röð. Sem dæmi má nefna heimilishaldið – þegar farið er á fætur á morgnana og fram í eldhús þarf að framkvæma ákveðin atriði til þess að morgunverðurinn verði til. Það þarf að leggja á borðið, taka fram það sem á að borða, gera ákveðnar hreyfingar og nota hluti sem eru einstakir fyrir einmitt þig og þá sem þú kannt að búa með en sem eru að hluta til frábrugðnir venjum annarra. Venjulega er um að ræða ómeðvitaðar hreyfingar og venjur fyrir þá sem framkvæma þær og það er ekki fyrr en að einhver sem er gestkomandi í húsinu og gerir hlutina öðruvísi að eigin venjur verða ljósar. Spurningar vakna, frávik koma í ljós og ef til vill verða til ný tækifæri til þess að mæta kröfum gestsins. Ef gesturinn hefur allt aðrar matarvenjur, – er kannski grænmetisæta – þá verður máltíðin vettvangur nýrra viðbragða og venja.

Vani myndast til þess að verja okkur og skapa tilgang í óreiðu heimsins. Hann er til þess að auka líkurnar á að við lifum af. Mismunandi kringumstæður kalla á ólíka hegðun – ef við lendum í A þá bregðumst við með hegðun 1, ef við lendum í B þá bregðumst við með hegðun 2 og þar fram eftir götunum. Í lífinu tileinkar maður sér óteljandi viðbrögð til þess að takast á við mismunandi kringumstæður. Maður öðlast reynslu af að takast á við mikinn fjölda ólíkra aðstæðna og þroskar með sér viðbrögð/hegðun til þess að sjá fyrir og takast á við þær.

Uppeldi og skólun felst að mestu leyti í æfingu ólíkrar hegðunar hjá börnunum okkar. Við teljum æskilegt að þau geri ákveðna hluti, eins og t.d. að bursta tennurnar, klæða sig, borða, þurrka af borðinu eftir sig, setja diskinn í uppþvottavélina, læra eða hvaðeina annað sem við óskum eftir. Æfing þessarar hegðunar hefur í för með sér mikið jafn, jafnt og fuður en þegar henni er náð og hún verður sjálfvirk, þ.e.a.s. verður ósjálfráð, þá gengur allt betur. Þetta á jafnt við um framkomu einstaklinga í stórfjölskyldunni, hjá stórfyrirtæki, við trúariðkun eða í ákveðinni menningu.

Hegðunarmynstur veita okkur öryggi vanans, hefðanna, um leið og þau koma í veg fyrir breytingar. Að brjóta vana, að breyta, er mörgum sársaukafullt, sérstaklega ef breytingarnar verða margar og örur. Ef breytingarnar virka einnig tilgangslausar minnka líkurnar á að þeim verði raunverulega hrint í framkvæmd.

Sé horft á dæmi Sveins í skíðabrekkunum frá þessu sjónarhorni sjáum við greinilega samspil flókinna og vel æfðra hegðunarmynstra. Það þýðir ekki að sama áætlun virki við hvaða kringumstæður sem er. Þvert á móti eru allar líkur á að sú fyrsta sem maður grípur til virki vegna þess að hún hefur, án meðvitaðrar stjórnar, gert það svo ótal oft áður.

Það sama á við um námsnálgun. Námsnálgun okkar mótast snemma á lífsleiðinni. Sumar venjur eiga sér erfðafræðilegar orsakir, aðrar verða til í uppeldinu. Þær hafa ótrúlega mikil áhrif á hvernig okkur gengur og lánast í skólanum, í vinahópnum, í starfsvali, starfmenntun, á vinnustöðum og við ótal margt annað. Það liggur í hlutarins eðli að alla þessa þætti er hægt að hafa áhrif á en þeir líkjast vana vegna þess að þegar þeir fyrst hafa unnið sér sess verða þeir frekar bindandi.

NÁMSNÁLGUN – LÍKAN

Þú spyrð þig ef til vill hvort það sama gildi ekki um námsnálgun eins og svo margt annað að hún taki breytingum í áranna rás og þegar maður er orðinn fullorðinn séu allt aðrar aðstæður en þegar maður er barn og gengur í skóla. Raunin er sú að það er fátt sem breytist. Flestir halda sig við þær sterku þarfir sem þeir hafa (námsnálgun) allt lífið með litlum frávikum. Maður verður að bæta við sveigjanleikann til þess að mæta utanaðkomandi kröfum en fellur aftur í djúpt far þarfanna um leið og mikil streita gerir vart við sig eða manni verður frjálst að nálgast nám sitt án þess að þurfa að taka tillit til annarra.

Lítum á fjóra einstaklinga á mismunandi aldri og við ólíkar kringumstæður í lífinu og sem hafa mjög ólíka námsnálgun:

1. **Árni**, 5 ára. Hann hefur, eins og svo mörg börn, sérstaklega drengir á hans aldri, mikla hreyfipörf, á það



bæði við um höfuðið og líkamann – hann er auk þess forvitinn, spurull, léttur á fæti, hávær en hann getur einnig, eins og mörg önnur börn, setið lengi kyrr ef athyglinni er haldið fanginni. Árni staðfestir að snemma beygist krókurinn og hann hefur sterkt heyrnarminni: á auðvelt með að koma fyrir sig orði, hefur mikinn orðaforða, hefur skýran framburð, er fær um að eiga langar samræður, getur hlustað og er fanginn af frásögn. Árni mun að öllu líkindum halda áfram að þroska máltilfinningu sína vegna þeirrar örvunar sem hann hlýtur heima sem og á leikskólanum. Þar fyrir utan er Árni afar snertinæmur. Hann er heillaður af öllu sem krefst fínhyfinga, eins og að hnýta, klippa, líma, skrúfa og toga. Að auki hefur hann uppgötvað LEGO og tekst að skapa frábærar byggingar úr kubbunum.

Samspil þess að heyra – fíkta – gera er ekki almennt meðal svo ungra drengja. Miklu algengara er samsetningin sjá – fíkta – gera. Hins vegar er hún algengari meðal stúlkna vegna þess að heyrnarminni í bland við sjónminni þroskast fyrr hjá þeim. Þegar prófað er hversu vel börn eru undirbúin undir skólasetur kemur greinilega í ljós að stúlkurnar eiga auðveldara með að sitja kyrrar, hlusta og taka eftir heldur en drengir á sama aldri, þeir eiga erfitt með að sitja kyrrir og eru lélegir hlustendur. Bæði stelpur og strákar hafa tilhneigingu til þess að vilja fíkta á forskólaaldri.

2. **Hanna**, 15 ára, er nemandi í grunnskóla. Hönnu liður ekki lengur vel í skólanum. Henni gekk vel á meðan hún var í yngri bekkjardeildunum og fáir kennarar kenndu henni. Nú hefur hún 9 kennara og henni finnst það ruglingslegt og að kennararnir hafi ekki tíma til þess að kynnast nemendum sínum. Henni gengur vel í nokkrum fögum, sérstaklega í stærðfræði og þýsku, en öðrum í bekknum hennar finnst þeir kennarar vera frekar strangir. Hanna kann vel við það og finnst þeir vera góðir í að útskýra. Hönnu finnst best að fá greinilegar leiðbeiningar og vita til hvers er ætlast af henni. Hún verður auðveldlega óttaslegin og hrædd við að gera mistök eða að hún geti ekki leyst þau verkefni sem henni eru sett fyrir. Hanna þarf að hafa ró og frið í kringum sig á meðan hún tileinkar sér nýjar og erfiðar upplýsingar. Hún er lengi

að komast af stað en um leið og hún hefur skilið verkefnið á hún ekki í neinum erfiðleikum með að leysa það af hendi. Í hinum fögunum er meiri óreiða í bekknum, oft hópavinna, leikur og störf. Þá verður Hanna auðveldlega stressuð, fær höfuðverk eða magapínu. Hún er oft fjarverandi. Kennurunum finnst hún samt vera samviskusöm og að hún vinni heimavinnuna sína. Henni tekst best upp á skriflegum prófum þegar hún hefur nægan tíma.

Það sem er mikilvægast fyrir Hönnu er að farið sé hægt og greinilega yfir undirstöðuatriðin og að henni gefist tími til þess að tileinka sér efnið á sinn eigin hátt. Hún notar ekki eitt skynfæri frekar en annað en henni gengur oftast vel ef hún getur hlustað (jafnvel á upptökur á segulbandi) eða lesið á hraða sem hentar henni, smá hluta í einu og gert svo eitthvað annað. Hún vill að aðrir taki frumkvæðið og aðstoði hana við að koma skipulagi á hlutina. Henni gengur ekki vel að vinna í hópi heldur vill hún vinna ein eða með einhverjum félaga sem henni fellur vel við.

3. **Helen**, 55 ára. Hún hefur starfað á mörgum sviðum. Hún hefur unnið á skrifstofu, verið læknaritari, framleiðslustjóri, nú verkstjóri. Þegar hún var í skóla átti hún auðvelt með að læra staðreyndir utan að með því að endurtaka þær nógu oft. Henni gekk vel í skólanum en var samt ekki með hæstu einkunnirnar. Á fullorðinsárunum fór hún að gera tilraunir með námið og komst að því að henni gekk mun betur ef hún las fyrst yfir efnið og glósaði við lesturinn og fékk síðan tækifæri til umræðna um það sem hún hafði lesið eða fékk einhvern til þess að „hlýða sér yfir“. Þá kom oftast í ljós að hún mundi næstum orðrétt það sem hún hafði skrifað. Hún tók líka eftir að hún þurfti fyrst að fá heildarsýn yfir það sem hún átti að læra áður en hún fór að setja sig inn í smáatriðin. Með heildarsýninni átti hún auðvelt með að sjá innra með sér í þríviðri mynd hvernig smáatriðin héngu saman.

Námsnálgun Helenar sýnir sambland sem er algengara meðal kvenna en karla – lesa (kannski í bland við snertinálgun) og hlusta. Henni fellur vel að ræða við fólk jafnt



í vinnunni sem í einkalífinu. Þegar henni gefst færi til frí-
stunda situr hún helst í ró og friði og les. Við og við tekur
hún hlé, nær sambandi við fólk og vill miðla eða ræða um
það sem hún hefur lesið. Til þess að slappa alveg af situr
hún gjarnan og þrjónar.

4. **Bengt**, 58 ára. Hann starfar sem kennari. Bengt er
álitinn afar félagslyndur og ánægður með vinnuna,
jafnt nemendur sína og samkennara. Hann valdi kenns-
luna fyrir löngu vegna þess að hann uppgötvaði að hann
átti auðvelt með að fá fólk til að hlusta og það valdi
hann sem leiðtoga. Strax á unga aldri var hann foringi í
skátunum, í fótboltaliðinu, meðal vinanna og í skólan-
um var hann kosinn umsjónarmaður. Í vinnunni er hann
einstaklega faglegur trúnaðarmaður. Bengt tók eftir að
hann á auðveldast með að læra ef hann getur gert það
sem hann á að læra. Hann þarf að koma nýju efni sem
hann tileinkar sér í framkvæmd eins fljótt og hægt er.
Fyrstu upplýsingarnar vill hann gjarnan fá munnlega eða
með því að lesa (aðeins ef um er að ræða stutta texta)
en svo þarf hann að vinna úr því með líkamanum á einn
eða annan hátt. Þegar hann var í kennaraháskólanum
átti hann í erfiðleikum með skrifleg próf en gekk þeim
mun betur með þau munnlegu. Á kennaraprófi hlaut
hann hæstu einkunn fyrir vinnuna í kennslustofunni en
árangurinn var langtum verri í bóklegum greinum. Sem
kennari notfærir Bengt sér að segja frá og með því að
leyfa nemendum sínum að upplifa það sem þeir eiga
að læra. Það er mikið líf í kennslustofunni hjá Bengt.
Nemendur eru virkir næstum alla kennslustundina og
Bengt gengur um og leiðbeinir þegar þörf er fyrir það.

Bengt hefur líkamlega námsnálgun í bland við sjónar- og
heyrnarnám. Hann átti erfitt með að vera kyrr þegar hann
var barn og honum er það ekki auðvelt sem fullorðnum
heldur. Hann er fingrafimur og ef þörf er fyrir fínhyfingar
í náminu getur hann framkvæmt þær líka þótt það sé ekki
hans sterkasta hlið. Auk þess sem hann velur sum skiln-
ingarvit fram yfir önnur fellur honum einnig önnur nálgun
vel eins og mikil hreyfing, hópavinna, koma á eigin skipu-
lagi og rík þörf fyrir að koma að ákvörðunum (þátturinn
„ábyrgð/aðlögun“).

Sérkenni fólks er ekki

byrði

heldur styrkleiki.

*Við verðum að komast að því hver þessi styrkur er
til þess að geta kennt á virkan hátt.*

*Prófessor Rita Dunn, S:t John's University, New York
Prófessor Kenneth Dunn, Queen's College, New York*

Til þess að halda röksemdafærslunni áfram kynnum við til
sögunnar líkan þar sem mismunandi námsnálgunarþáttum
er komið fyrir. Þetta líkan er nefnt The Dunn & Dunn Learn-
ing Styles Model eftir höfundum þess sem hafa lagt meira
af mörkum við rannsóknir á námsnálgun en flestir aðrir,
prófessorarnir Rita Dunn (S:t John's University í New York)
og Kenneth Dunn (Queen's College í New York).

Líkan þeirra Dunn og Dunns inniheldur 21 mismunandi
þátt í fimm flokkum.

1. Umhverfisþættir
2. Tilfinningalegir þættir
3. Félagslegir þættir
4. Líkamlegir þættir
5. Sálrænir þættir

1. NÁMSUMHVERFI

Margir kjósa að hafa **hljótt** í kringum sig þegar þeir ein-
beita sér, aðrir tilheyra hópi sem verður að hafa **hávaða** í
kringum sig til þess að geta einbeitt sér og enn einn hópur-
inn er **sveigjanlegur**, það er að segja það fer eftir kring-
umstæðunum hvort þeir kjósa að hafa hljótt eða ekki.

Sumum finnst auðveldara að læra við **sterkt ljós**, öðrum
lætur betur að einbeita sér við **milda** eða **litaða birtu** og
enn aðrir tilheyra hópi sem er **sveigjanlegur**. (Rannsóknir
sýna að sum börn verða ofvirk í sterkri birtu sem kemur
af flúorljósum en fullorðnir finna oftast fyrir höfuðverk og
þreytu í slíku ljósi.)

Til er fólk sem verður að hafa **svalt** í herberginu til þess
að geta einbeitt sér. Aðrir kjósa að hafa **hlýtt** en þeir sem
tilheyra þriðja hópnum eru **sveigjanlegir**.



Kennslulíkan Dunn & Dunn



© Svensk översättning Brain Books, 2001. Detta material tillhör Brain Books AB och får endast kopieras av den som förvärvat skriftligt tillstånd från Brain Books AB. All annan kopiering, oavsett form, är strängt förbjuden och kommer att beivras.

Fólk, sem kys að sitja upprétt í hörðum stól við (skrif-)borð, kys frekar **formlegt umhverfi**. Aðrir kjósa að sitja eða liggja á einhverju mjúku á **óformlegan** hátt, kannski í hægingastól eða á gólfinu og þeir í þriðja hópnum eru **sveigjanlegir** og þetta fer allt eftir kringumstæðunum.

2. ALLT SNÝST UM – TILFINNINGALEGU ÞÆTTINA

Jafnvel þótt við séum öll með sömu uppbyggingu á kerfum heilans eins og skilningarvit og grundvallartilfinningar eru þær samþættar á mismunandi hátt í hverjum heila.

Þar að auki breytir allt nám í sjálfu sér skipulagi í heilanum og þess vegna verðum við einstakari eftir því sem við lærum meira.

Geoffrey Caine, Renate Nummela Caine
California State University, San Bernardino


Tilfinningalíf okkar er samsett af meðvituðum, sýnilegum eða sálrænum þáttum sem við í daglegu máli köllum **tilfinningar** eða **líkamlegt ástand** (t.d. ef við skjálfum eða erum með hjartslátt) og **gedhrif** sem eru ómeðvitaðir, duldur þættir sem við notum til þess að lifa af. Í mörgum tungumálum er ekki gerður greinarmunur á **gedhrifum** og **tilfinningum** en hvað heilann varðar þá er mikill munur á þessu tvennu.

Hver nýr einstaklingur, sem þú hittir, er ný áskorun fyrir heilann. Við kunnuglegar kringumstæður er áskorunin ekki jafn mikil og greinileg og sú sem á sér stað ef við erum við framandi kringumstæður. Heilinn meðhöndlar upplýsingarnar, sem streyma inn, á bæði meðvitaðan og ómeðvitaðan hátt. Ómeðvitaði hátturinn er ótrúlega snöggur að lesa í mismunandi smáatriði, s.s. líkamstjáningu, svipbrigði, augu, raddbrigði, hvernig einstaklingurinn hreyfir sig og fjölda annarra smáatriða sem eru túlkuð eldsnögg og mynda fyrstu áhrif í undirvitundinni. Sem afleiðing af



Þessum upplýsingum getum við brugðist við á mismunandi hátt, af varkárni, opnum hug, vinsamlega, fjandsamlega, hræðslu eða einhverjum öðrum tilfinningum sem við erum okkur ef til vill ekki algerlega meðvitað um fyrir en við hugsum um hvernig við komum fram. Fyrstu kynni af nýjum einstaklingi geta setið afar lengi þrátt fyrir að við endurskoðum þau strax á meðvitaðan hátt.

Upplýsingar, sem berast, eru fyrst meðhöndlaðar á milli-lagi sem er kallað *randkerfið*. Það tekur yfir margs konar starfsemi og mismunandi hlutverk en sem sameiginlega meðhöndla og „meta“ þær upplýsingar sem berast (góðar – slæmar, þykir vænt um – þykir ekki vænt um, jákvæðar – neikvæðar o.s.frv.). Aðeins lítill hluti þess sem á sér stað á þessu ómeðvitaða, tilfinningalega stigi berst upp í heilabörkinn til meðvitaðrar meðhöndlunar tilfinninga sem aftur hefur í för með sér ólíka virkni og hegðun.



Táknmyndir um meðhöndlun upplýsinga í heilanum

Við kringumstæður þar sem maður þarf ekki að framkvæma eða bregðast samstundis við munu upplýsingarnar verða greindar hægt og rólega í heilaberkinum. Þegar maður til dæmis er á leið til vinnu sinnar eða í búðina leikur sá hluti af randkerfinu, sem kallaður er dreki og stjórnar aðgengi að vistuðum minningum, mikilvægt hlutverk. Svo lengi sem ekkert nýtt og athyglisvert, sem heilinn þarf að mynda sér skoðun á, kemur fyrir þá er kerfið sjálfvirkt. Ef maður þarf að fara yfir götu stendur maður

skyndilega frammi fyrir mörgum ógnandi kringumstæðum. Bill kemur á fljúgandi ferð á móti – þá nemur maður staðar til þess að vega og meta hvor billinn muni aka á mann, kannski drepa mann. Ef maður vill ekki deyja úr forvitni er talsvert öruggara að framkvæma á annan hátt. Upplýsingum er skotið niður í heilann að heilastofninum sem virkjar hegðunina „flýðu eins og fætur toga“. Við slíkar kringumstæður nær maður sjaldnast að ihuga hvað maður á að gera heldur eru það ósjálfráð viðbrögð. Í slíkum tilfellum berast upplýsingarnar t.d. um sjónskynið til *talamus* og þaðan í möndlulagaðan kirtil sem heitir *amygdala* og síðan fara upplýsingarnar beint til heilabarkarins sem virkjar flóttahegðun. Amygdala er viðvörðunarkirtill heilans og getur ásamt öðrum hlutum heilans komið af stað streituviðbrögðum sem kveikja á ýmsum kerfum í líkamanum til þess að bregðast við ógnandi kringumstæðum.

Það er afar mikilvægt að þekkja vel til slíkrar starfsemi í heilanum vegna þess að á hverjum degi sjáum við árangur þeirra í kennslunni. Minningar um ógnandi kringumstæður, auðmýkingu, lítillækkun, hræðslu, áföll og þar fram eftir götunum eru vistaðar í líkamanum og geta hjá sumum komið af stað óútreiknanlegum viðbrögðum við atvikum sem fyrir aðra eru með öllu meinlaus. Augnatillit má túlka ranglega, orð er hægt að misskilja og snögga hreyfingu er hægt að túlka sem árás og getur haft í för með sér kolröng viðbrögð.

Þessir tilfinningalegu þættir eru það sem líkan Dunns og Dunns snýst um.

Hvatning

Einstaklingar með **sterkar eigin hvatir** hafa ekki mikla þörf á ytri hvatningu og örvun eins og þeir sem eru með **veikar eigin hvatir**. Þeir sem hafa þörf fyrir ytri hvatningu, þurfa skammtíamarkmið, örvun og lof. Hinir **sveigjanlegu** þurfa hvatningu sem hæfir verkefninu.

Úthald

Mikið úthald hefur í för með sér að einstaklingurinn getur unnið að langtíamarkmiði og lokið einu verkefni í einu.



Sumir hafa styttri einbeitingu – **lítið úthald** – og „halda helst mörgum boltum á lofti í einu“. Þeir ljúka einnig verkefnum sínum en þurfa á tilbreytingu að halda. Þriðji hópurinn hefur **lélegt úthald** og skiptir oft um verkefni án þess að ljúka nokkru.

Ábyrgð og aðlögunarhæfni

Rík ábyrgðakennd er oft tengd sterkum hvötum og miklu úthaldi en **veik** tengist lítilli hvatningu og lélegu úthaldi. Þeir sem eru **sveigjanlegir** hvað þetta varðar sýna ábyrgðakennd sem er breytileg eftir eðli verkefnisins. Eftir því sem einstaklingi finnst að viðfangsefnið varði sig meiru þeim mun líklegri er að viðkomandi hafi ríka ábyrgðatilfinningu og **mikla aðlögunarhæfni**. Þeir sem vinna verkefni sín án þess að efast hafa mikla aðlögunarhæfni og fylgja settum reglum. Aðrir setja spurningarmerki við hvaðeina og eru taldir **uppreisnargjarnir** eða **uppivöðslusamir**. Á meðal hinna **sveigjanlegu** eru þessir þættir breytilegir eftir verkefnum.

Skipulag

Sumt fólk þarf nákvæmar leiðbeiningar og **ákveðið skipulag** til þess að geta leyst verkefni sín. En fyrir aðra gildir hið gagnstæða, þeir eru að miklu leyti **sjálfstýrðir** og hætta að hlusta um leið og einhver reynir að leiðbeina þeim og ákveða sjálfir hvernig þeir telja að hlutirnir eigi að vera. Á meðal hinna **sveigjanlegu** fer þetta eftir eðli verkefna.

Reynið ekki að leiðbeina fólki sem hefur mikla innri hvatningu og er sjálfstætt. Það telur sig geta best sjálft. Spyrið það frekar og bendið á aðra kosti.

Mismunandi vinnuaðferðir

Fyrir flesta skiptir tilbreyting miklu máli. Fyrir aðra eru rúttínur og reglur mikilvægari.

3. FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR – MEÐ HVERJUM ÁTTU AUÐVELDAST MEÐ AÐ VINNA?

Einn

Ertu **einfari** sem vinnur helst upp á eigin spýtur? Sumum gengur greinilega betur ef þeir fá að einbeita sér að verkefnum sínum alveg út af fyrir sig eða ef vinnan er að hluta til á þann veg og síðan í hópvinnu.

Par eða hópur

Hluti fólks vill helst vinna með félögum sínum í **pörum** eða í **hópi**. Það gildir helst um fólk sem hefur þörf fyrir að ræða við félaga sína um það sem verið er að læra.

Teymi/lið

Sumt fólk áorkar mestu ef það vinnur í hópum sem hafa ákveðin markmið undir leiðsögn stjórnanda/þjálfara (t.d. í íþróttum) – það vill helst vera hluti af **teymi** eða **liði** og liður best undir slíkum kringumstæðum, meira að segja í námi. Þetta fólk á auðvelt með að sjá tækifæri til samkeppni og er hluti af liði í framkomu og námi.

Yfirmaður

Fólk, sem kann vel við yfirmenn/stjórnendur, laðast oft að þeim sem eru yfirmenn, verkstjórar kennarar o.s.frv.

Nýjar rannsóknir á virkni hópvinnu hafa sýnt fram á að hópar afkasta oftast mestu ef vinnan hefst hjá einstaklingum (til umhugsunar) og færast síðan yfir í hópavinnu með greinilegum markmiðum. Annars virðist hópvinna ekki skila jafn góðum árangri. Þetta eru mikilvægar niðurstöður með tilliti til þess hve mikil áhersla er oft lögð á hópvinnu. Einstaklingar, sem ekki eiga gott með að vinna í hópi, trufla vinnuna ekki viljandi heldur vegna þess að þeir afkasta ekki mestu undir slíkum kringumstæðum. Í þjóðfélagi okkar, þar sem mikil áhersla er lögð á hópviðhorf, er mikilvægt að við tileinkum okkur betur þekkingu um afkastagetu einstaklinganna áður en við ákveðum að ákveðið vinnufyrirkomulag henti betur en annað. Það er fjölbreytni sem veitir *flestu fólki* mesta möguleika á að ná góðum árangri!



4. UMHVERFISÞÆTTIR

Hreyfing

Þeir sem hafa **mikla hreyfipörf** verða oft órólegir í umhverfi sem veitir þeim ekki færi á hreyfingu. Þeir eiga auðveldara með að læra ef þeir geta samtímis hreyft sig. Þeir sem verða að hafa **ró og næði** í kringum sig missa oft einbeitinguna ef það ríkir óreiða í kring um þá. Þeir geta setið kyrrir tímum saman og unnið. Aðrir eru hins vegar **sveigjanlegir** hvað varðar hreyfingu, þörfin fyrir hana fer eftir því hve áhugavert verkefnið er.

Neysla

Fólk, sem hefur mikla þörf fyrir **neyslu á mat og drykk**, er eiginlega að láta í ljós þörf á munnörvun. Það þarf að hafa eitthvað í munnum til þess að tryggja eða sjúga til þess að geta einbeitt sér. Aðrir þurfa að einbeita sér að einum hlut í einu og fyrir þá er naslið truflandi.

Tími dags

Á hvaða tíma dags er einbeiting og árangur bestur? Árla morguns? Um miðjan dag? Síðdegis? Á kvöldin? Eða fer það eftir tegund verkefnisins?

Margir eru ekki upp á sitt besta á morgnana og því er mikilvægt vinni maður í hópi að gera sér grein fyrir hvenær dagsins er best að kynna nýtt, flókið efni, hvenær á að leggja fyrir próf og hvenær á að leggja fyrir krefjandi umfjöllun efnis o.s.frv.

Skilningarvitin

Heyrn:Hlusta/tala

Þetta skilningarvit er hvað varðar nám venjulega það sem þroskast seinast. Þar að auki eru það frekar konur en karlar sem þroska með sér hæfileikann til þess að hlusta og tala. Ef kennsla byggist of mikið á þessari leið munu margir eiga í erfiðleikum. Í kennslu verður einnig að virkja önnur skilningarvit til viðbótar við hlustun.

Sjón:Ytri/innri myndir

Með þessu skilningarviti vinnum við úr sjónrænum upplýsingum í formi texta og mynda (jafnt ytri sem innri). Fólk, sem hefur veikt sjónminni, lendir í vandræðum ef of mikil áhersla er lögð á lestur í kennslunni. Ef hendur og/eða allur líkaminn er einnig virkjaður (helst með því að fá að upplifa hlutina) gengur flestum betur.

Snerting:Tilfinningar, hendurnar

Fólk, sem er snertinæmt og fiktur við alls konar hluti um leið og það hlustar eða einbeitt sér mikið að einhverju, sýnir fram á að það hefur þörf fyrir að nota fleiri skilningarvit til þess að tileinka sér upplýsingar. Sé komið í veg fyrir það verður það afar órólegt, talar mikið og missir áhugann.

Líkamsbeiting:Líkaminn – ytri og innri tilfinningar

Sumir þurfa að fá tækifæri til þess að nota allan líkamann við að læra – heimsækja tilraunastofur, fara í rannsóknarferðir, námsferðir eða byggja hluti til þess að geta tileinkað sér upplýsingar. Þeir hafa oft mikla hreyfipörf og áhuginn kviknar þegar þeir geta tekist á við eitthvað áþreifanlegt. Fyrir marga þeirra eru innri tilfinningar einnig mikilvægar. Ef þeim þykir það sem þeir eiga að gera ekki mikilvægt láta þeir það vera.

5. SÁL RÆNIR ÞÆTTIR

Þegar nýjar upplýsingar berast heilanum verður maður að skilja þær á einhvern hátt og koma skipulagi á innihaldið. Sumir eiga best með að meðhöndla upplýsingar á svokallaðan greinandi hátt. Þeir eiga auðveldast með að læra ef upplýsingarnar eru gefnar stig af stigi, smáatriðin fyrst, frá hlutunum yfir í samhengið, í rökrétttri röð. Öðrum finnst best að meðhöndla á heildrænan hátt – sjá samhengið fyrst og síðan smáatriðin með myndum, litum, formum og munstrum. Hinir síðarnefndu verða fyrst að fá hugmyndirnar sem liggja til grundvallar, sjá samhengið og lykilhugtök til þess að skilja þekkinguna á sem bestan hátt.



Heilinn er svo frábær ef hann fær tækifæri til þess að læra á þann hátt sem hentar honum best þá eru upplýsingarnar endurteknar á andstæðan hátt. Þess vegna er mikilvægt að fá líka tækifæri til þess að þroska aðra námsnálgun jafnframt okkar sterku hliðum. Með því að hlusta á orðaval og veita hegðun fólks athygli er hægt að komast að því hvaða námsnálgun er ríkjandi hjá því.

Þeir sem eru góðir í að greina leggja mikla vinnu í hvert smáatriði, hafa rökrænt vinnulag og láta hvern hlut eiga sinn stað á vinnuborðinu en þeir sem vinna með heildrænu aðferðinni virðast hafa efnið út um allt, vera óskipulagðir og vinna tímabundið eftir því hvernig þeim líður og í hvernig skapi þeir eru.

Rannsóknir á mismunandi aðferðum hafa sýnt fram á að það er algengt meðal fullorðinna að um 55% kjósi heildræna aðferð, 28% læra best með greinandi aðferðum en afgangurinn er sveigjanlegur. Þeir sem eru sveigjanlegir kjósa stundum heldur að meðhöndla upplýsingar samkvæmt reglubundnum endurtekningum en stundum með heildrænum aðferðum. Það fer t.d. eftir verkefnum, efni, dagsformi og kringumstæðum. Fólki í öllum hópnum þremur getur tileinkað sér upplýsingar eða lært færni ef þeim er kennt með aðferðum og leiðbeiningum sem hentar námsnálgun þeirra.

Engin ein nálgun er fremri annarri, þær bera aðeins vitni um hvernig þarfir einstaklingsins eru við kringumstæður sem hann á að takast á við og einbeita sér að nýjum og flóknum upplýsingum. Námsnálgun fjallar um hvernig hverjum og einum hentar að fá þær upplýsingar framreiddar svo að hann eigi sem auðveldast með að læra.

HEIMILDIR

Boström L. (1998). *Från undervisning till lärande*, Brain Books,

Boström, L. (2004). *Lärande & Metod. Lärstilsanpassad undervisning jämfört med traditionell undervisning i svensk grammatik*. Högskolan för lärande & kommunikation, Jönköping och Helsingfors Universitet.

Boström L. & Wallenberg H. (1997) *Inläring på elevernas villkor*, Brain Books,

DeBello, T. (1990). *Comparison of eleven major Learning Style models; Variables, appropriate population, validity of instrumentations and the research behind them*. Journal of Reading, Writing and Learning Disabilities International. 6 (3), p. 203 - 222. New York: Hemisphere.

Dunn R. & Dunn K.; (1999). *The complete guide to the Learning Styles inventory system*, Allyn and Bacon.

Dunn, R. & Griggs, S.A. (2003). *Synthesis of the Dunn and Dunn Learning Style model: Who, what, when, where, and so what?* NY: St. John's University, Center for the Study of Learning and Teaching Styles.

Griggs, Shirley (1991) *Learning styles counselling*, ERIC / CASS,

Hannaford Carla (1998) *Dominansfaktorn*, Brain Books

Hellertz, P. (1999). *Kvinnors kunskapssyn och lärandestrategier. En studie av tjugosju kvinnliga socionomstuderande*. Örebro Universitet. Institutionen för socialt arbete. Örebro Studies 17.

Svantesson, Ingemar (2004) *Tankekartor*, Kontrast förlag

UM HÖFUNDINN

Ingemar Svantesson hefur langa og víðtæka reynslu af fræðslustörfum og starfaði fyrst sem kennari í meria en tíu ár (kennari í ensku og sænsku), síðan skrifaði hann kennsluefni fyrir skóla og fullorðinsfræðslu. Árið 1991 stofnaði hann bókaforlagið Brain Books og frá 2001 hefur hann starfað við fræðslu- og útgáfustarfsemi í nýju fyrirtæki, Kontrast Utbildning & Förlag AB, í Kristianstad.

Með Brain Books kynnti hann meðal annars námsnálgun í sænskum skólum á tíunda áratugnum. Árið 2007 er væntanleg bók um námsnálgun á sænsku sem hann skrifaði ásamt fil.dr. Lena Boström.

ABSTRACT

In the past years the concept "learning styles" has made its mark on the Nordic education systems. In a new vision of knowledge and the individual, it is emphasised that from birth, the individual has a range of personal tools, attributes and abilities. These are the opportunities that schools and other educational players who have life long learning as their guiding light, should nurture and develop.

Our learning style is formed early in life. Some habits are hereditary, others we adopt in our upbringing. They have an unbelievable influence on how well we do at school, or among friends, on job choice, training, in the workplace and on many other things. Of course we can influence all



of these issues, but they are by nature like habit, because once they are established they tend to be binding.

The article presents a model where various learning style elements are included. This is the Dunn & Dunn Learning Styles Model by authors who have done more for research on such models than most, Professors Rita Dunn (St John's University, New York) and Kenneth Dunn (Queen's College, New York).

The model comprises about twenty elements that affect environmental, emotional, sociological, physiological and psychological strands.

No one style is better or worse than another. It simply informs on the needs of the individual when he is faced with the task of receiving and concentrating on new and difficult information.

Learning Style is about optimum ways for the individual to get this information and familiarize himself with it.

ÁSMUNDUR S. HILMARSSON

HUGRENNINGAR UM FJARNÁM

Líklega er Nýja testamentið kunnast fyrir guðspjöllin fjögur. En auk guðspjallanna eru Postulasagan, Opinberun Jóhannesar og 21 bréf í Nýja testamentinu! Kannski er of mikið sagt að bréfin séu vísbending um bréfaskóla í frumkristni en ef til vill er óhætt að segja að bréfin séu dæmi um fjarnám til forna. Í fjarnámi eru leiðbeinandi og námsmaður ekki samtímis á sama stað þegar nám fer fram. Þess vegna getum við enn lært af bréfum Nýja testamentisins! Flutningatækni, framsetning og efni í fjarnámi hefur vissulega breyst í tímans rás. Vanalega er nýjasta tækni fljótlega reynd í fjarnámi en kjarni málsins hefur alla tíð verið spurningin: Hvernig er hægt að blanda saman efni, framsetningu og tækni þannig að viðtakandinn nemi það sem skiptir máli?

Sveigjanleika í tíma, rúmi og staðsetningu hefur verið haldið á lofti sem meginkostum fjarnáms á Netinu. En þessi sveigjanleiki hefur átt við um annars konar fjarnám. Hvað með fjarnám í bréfaskóla, útvarpi, sjónvarpi, á myndböndum o.s.frv.? Öll tækni hefur sérstök einkenni,

möguleika og sérstakar hindranir. Framsetningu námsefnis og samskipti leiðbeinanda og námsmanna hefur þurft að þróa jafnhliða tæknibreytingunum. Þrátt fyrir tæknibreytingar og þróun framsetningar námsefnis hefur brottfall ævinlega verið áhyggjuefni í fjarnámi. Í samanburði við staðbundið nám hefur það alltaf verið meira.

NETIÐ

Netið er engu líkt. Aldrei hefur gefist annað eins tækifæri í fjarnámi. Á Netinu er hægt að bjóða upp á bréfaskóla, útvarp, sjónvarp, myndbönd o.s.frv., allt í senn – og meira til. Aldrei hafa verið jafn margir kostir að velja úr og velja saman til framsetningar á námsefni og leiðbeiningum í námi. Hvatningu og aðstoð er einnig hægt að veita í raun-tíma.

Allir sem hafa stundað fjarnám vita hvað agi og áhugi skiptir miklu við að halda sér að námi. Margir sem eru



í fjarnámi sakna félagskappar við samnemendur og sumir þurfa á skjótum viðbrögðum og hvatningum leiðbeinanda að halda til þess að missa ekki, ef svo má segja, fótfestuna og gefast upp. Af sjónarhóli leiðbeinanda er fullkominn sveigjanleiki í fjarnámi jafngildi einkakennslu. Námsmenn, sem detta úr fjarnámi, finna til þess að þeir hafi ekki nægan sjálfsaga en kvarta einnig undan lélegri hönnun og framsetningu námsefnis. Þeir kvarta einnig undan leiðbeinendum sem ráða illa við fjarkennslu. Þeim þykir skorta á hvata til að halda sér að námi auk vandræða sem fylgja tölvuvinnu og kvarta undan óviðunandi tækniðstoð frá skólanum. Brottfall úr fjarnámi er hæst 54% í hlutanámi. Hvernig er hægt að túlka þetta? Er því um að kenna hverjir sækja námið, leiðbeinendum eða er hönnun og framsetning námsefnis óviðunandi? Getur verið að hönnuðir fjarnáms á Netinu séu um of bundnir hugmyndum sem eiga fremur við í stofnun eins og skóla og notfæri sér ekki möguleika sem felast í tölvutækniinni við að færa heildarhugmyndina alveg út úr skólanum í fjarnám á Netinu? Er fjölbreytt framsetning á námsefni fyrir fjarnám í tölvu einfaldlega of tímafrek og kostnaðarsöm til þess að vera raunhæfur kostur?

VIÐHORF TIL NETSINS

Einn starfsmanna FA hefur kannað viðhorf sérstakra rýnihópa til væntanlegs fjarnáms á Netinu sem fjallar um fræðilegt efni og mannleg samskipti. Fæstir í hópnum höfðu stundað fjarnám í tölvu eða annað rafrænt nám. Þess vegna má segja að hugleiðingar þeirra lýsi hugmyndum fólks um fjarnám í tölvu, huglásum og gagnlegum ábendingum. Hugtakið fjarnám var ekki skilgreint fyrir fram heldur var þátttakendum nánast alveg látið það eftir hvað þeim fyndist um fjarnám. Í ljós kom að þeir höfðu ekki mikla trú á færni sinni til þess að nota tölvu í fjarnámi. Þeir töldu að fjarnám væri ekki vel til þess fallið að þjálfa persónulega færni. Ef ætlast er til að námið fari fram í vinnutíma er það ýmsum annmörkum háð. Hvort tveggja er að tæknilegar aðstæður á vinnustöðum eru


ekki viðunandi og erfitt að sinna námi á vinnustað í vinnutíma. Þeir búast við því að finna til samviskubits yfir því að standa sig ekki í starfi og að námi þeirra á vinnustað verði tekið af tortryggni eða efasemdum. Þeir eiga von á því að nám í frístundum sé ekki líklegt til að vera lokkandi, nema sérstakar ástæður séu til þess, vegna þess hve frístundir eru verðmætar í hugum margra. Þeir benda á að fjarnám stuðli ekki að samkennd eða sé til þess fallið að byggja upp eða viðhalda tengslaneti.

DÆMI UM LAUSNIR

Rafrænt nám er nám þar sem efnisflutningur og samskipti fara fram með og/eða í rafrænum miðlum, svo sem tölvum, geisladiskum, DVD, Interneti, innra neti, fjarfundarbúnaði, sjónvarpi, síma, spilurum o.s.frv. í rauntíma eða eftir vali námsmannsins. Eins og sést af þessu er afar fjölbreyttur tækjakostur til framleiðslu og flutnings fyrir rafrænt nám.

FJARFUNDARBÚNAÐUR

Hefðbundinn fjarfundarbúnaður í símenntunarmiðstöð hefur vissulega sannað gildi sitt. Miðað við álit, sem komu fram í rýnihópi um fjarnám á Netinu, er hann eins og sniðinn fyrir rýnihópinn. Hann gerir ekki kröfu til tölvukunnáttu áheyrenda. Þeir geta verið í námi í vinnutíma án þess að vera á vinnustað. Í fjarfundarbúnaði er hægt að leggja verkefni fyrir áheyrendur til að virkja þá í námi. En í áður nefndum rýnihópi skipuðum verkafólki kom fram að þeim geðjast mun betur að verkefnavinnu en að hlusta á fyrirlestur. Blandað nám með fjarfundarbúnaði og staðbundið nám hefur verið reynt með ágætum árangri. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvar hægt er að koma fjarfundarbúnaði fyrir. Þess vegna er hann oftast í húsakynnum sem rúmar hópa. En það er bara kostur í augum þeirra sem líta á nám sem félagslega athöfn.



Á vefsíðunni marratech.com eru nákvæmari upplýsingar.
Þeir sem viljið reyna forritið geta boðað til allt að 5 manna
fundar án endurgjalds.

Ásmundur er starfsmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnu-
lífsins. Hann er húsasmiður en hefur unnið að félags- og
fræðslumálum síðast liðin 25 ár.

The New Testament is probably best known for the four gospels. But one should not forget the Acts, The Prophecy and the 21 Epistles! It may be an overstatement to maintain that the Epistles were the correspondence courses of early Christianity, but it surely can be said that they were an example of distance learning in ancient times. In distance learning the trainer and student are in separate locations when teaching takes place. So we can still learn from the Epistles of the New Testament! Communication technology, presentation and content have all clearly changed in distance learning through the passage of time. It is normal to employ the newest technology at an early stage of its development in distance learning, but the core question has always been: How can we interweave content, presentation and technology in such a way that the recipient receives what really matters?

Marratech er fjárfundarbúnaður í einkatölvu. Í samanburði við hefðbundinn fjárfundarbúnað er Marratech því ekki eins bundinn staðsetningu og hefðbundinn fjárfundarbúnaður í símenntunarmiðstöð. Einkatölva með háhraðatengingu, í hvaða húsakynnum sem verkast vill, hvar sem er á landinu, á að duga fyrir fjárfund í Marratech. Forritið getur hentað hvort heldur sem er til náms í einrómi eða með öðrum. Með skjávarpa er hægt að sýna hópi skjámyndir forritsins úr fartölvu alls staðar þar sem háhraðatenging er. Þess vegna getur Marratech að mínu mati verið áhugaverð viðbót við núverandi fjárfundarbúnað símenntunarmiðstöðva.

32

SÓLBORG JÓNSDÓTTIR ÞORBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR

ÍSLENSKA ER MÁLIÐ! KENNSLA ÓLÍKRA MENNINGARHÓPA

Á Íslandi er fjölmenningarlegt samfélag sem vex ár frá ári. Flestir sem flytja hingað til að setjast hér að freista þess að læra íslensku. Markmið þeirra er það sama – að læra íslensku – en forsendur til námsins geta verið mjög ólíkar. Geta fólks til að læra tungumál er bæði einstaklingsbundin og háð því umhverfi sem nemendur lifa í. Nemendur koma frá ólíkum menningarheimum og líf þeirra í margbreytilegu fjölskyldulífi, vinnu og frístundum er einstaklingsbundið. Markmið íslenskukennslu fyrir fullorðna er að allir fái kennslu sem nýtist þeim þrátt fyrir ólíkar forsendur til náms og ekki síður að allir njóti námsins. Fjölbreyttar samskiptamiðaðar aðferðir henta best til kennslu fjölmenningarlegs hóps eins og leikir, spil, hópvinna og samtöl. Það skiptir einnig máli að námsefnið og kennslan taki mið af reynslu og þekkingu nemenda og sé í tengslum við raunveruleika nemenda og gagnist þeim í lífinu. Það er nauðsynlegt að kennslustofan sé öruggt umhverfi þar sem nemendur fá að gera mistök og æfa sig að tala því að oft gefast fá tækifæri til þess í daglega lífinu. Í þróun kennsluhátta í íslensku sem öðru máli er Evrópska tungumálamappan spennandi valkostur. Mappan býður upp á fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu sem mæta ólíkum þörfum fjölmenningarlegs nemendahóps.

Mánudagskvöld ...

Það er miður nóvember í Reykjavík. Klukkan er að ganga tíu á mánudagskvöldi. Úti er dimmt og farið að frysta. Köld norðanáttin nærir um göturnar. Inni í kennslustofunni sitja fimmtán manns frá ellefu þjóðlöndum og þremur heimsálfum. Samtals tala þau tuttugu og þrjú tungumál og hafa búið í sautján löndum. Í hópnum eru m.a. læknir, verkfræðingur, smiður, nuddari, tölvufræðingur, erfðafræðingur, bílstjóri, arkitekt, ljósmóðir, viðskiptafræðingur og snyrtifræðingur. Allir vinna á Íslandi en fæstir vinna við störf þar sem menntun þeirra nýtist. Skyldi þessi hópur eiga eitthvað sameiginlegt? Jú, allir eru þreyttir og allir eru að læra íslensku.

Kennarinn er líka þreyttur en ánægður með tímann. Honum tókst að virkja alla nemendur í leik þar sem allir nemendur töluðu og í ljós kom að margir gátu meira en þeir héldu í upphafi leiksins. Loksins fékkst Vladimir til að taka þátt í leiknum með bros á vör og Elizabeth gat borið fram r.

Sagan hér á undan lýsir frábærum árangri af samstilltri vinnu nemenda og kennara. Svipaðar sögur gerast í kennslustofum um allt land þar sem fullorðið fólk frá öllum heimshornum situr saman og vinnur að sameiginlegu markmiði – að læra íslensku. Íslenskukennsla fyrir fólk, sem hingað er komið til að lifa og starfa, er sívaxandi fag og nauðsynlegt að kennslan sé í samræmi við þarfir nemenda með ólíkan bakgrunn. En hvað skiptir mestu máli í fjölmenningarlegri kennslu fullorðinna nemenda?



Sólborg Jónsdóttir



Þorbjörg Halldórsdóttir

ÓLÍKAR FORSENDUR – SÖMU MARKMIÐ

Allir nemendurnir hafa sama markmiðið: Að læra íslensku en forsendur þeirra geta verið gjörólíkar. Fullorðið fólk, sem kemur til Íslands til þess að setjast hér að og sest á skólabekk til að læra íslensku, á það sameiginlegt að vilja sjá tilgang með námi sínu og læra gagnlega hluti sem nýtast því í lífinu. Fullorðnir læra þegar þeir finna fyrir þörf til þess (Knowles 1998: 64-67). Jafnt ytri og innri þarfir geta legið að baki þegar fólk ákveður að hefja nám í íslensku. Lög, sem kveða á um 150 stunda nám í íslensku til að fá búsetuleyfi hér á landi fyrir ákveðinn hóp fólks, rekur marga af stað á námskeið. Fleiri koma samt af knýjandi þörf fyrir að geta tjáð sig og skilið það sem fram fer í umhverfi þeirra, t.d.



í vinnunni. Fólki, sem á börn á skólaaldri, finnur fyrir þörf til að skilja það sem börnin þeirra læra og geta átt samskipti við kennara þeirra. Þeir sem eiga íslenskan maka hafa einnig aðrar þarfir, t.d ósk um að tengjast fjölskyldu maka síns betur í gegnum íslensku. Innri þörf getur einnig birst sem sterk ósk um að eignast íslenska vini, stunda frekara nám á íslensku eða skilja íslenskan húmor! Pólsk kona kom í þriðja sinn á fjórða stig hjá sama kennaranum og hafði náð góðum tókum á námsefninu. Aðspurð um ástæðuna fyrir því að koma aftur í skólann, tvö kvöld í viku í 12 vikur, sagði hún að hana langaði að tala íslensku vel svo hún gæti eignast íslenska vinkonu.

Útlendingar, sem koma til Íslands, þurfa að takast á við ótalmarga nýja hluti á sama tíma og þeir læra íslensku. Fólki finnur fyrir óöryggi við slíkar aðstæður og einnig í kennslustofunni því að íslenskunámið er líka nýtt fyrir það, margir hafa aldrei lært annað tungumál en sitt eigið. Í íslenskunáminu sjá, heyra og upplifa nemendur margt nýtt sem jafnvel gengur í berhögg við siðferðiskennd þeirra, eins og til dæmis teikningar af fáklæddu fólki. Þeir kynnst nýju fólki, komast í kynni við marga nýja menningarheima sem þeir hafa aldrei kynnst fyrr og þurfa jafnvel að takast á við eigin fordóma í garð annarra þjóða. Þeir þurfa að standast kröfur sem eru gerðar til þeirra og jafnvel gera hluti í kennslustundunum, líkt og að taka þátt í leikjum eða tjá sig fyrir framan hóp fólks sem þeir hafa aldrei gert áður. Í einum og sama hópnum getur verið fólki með litla skólagöngu eða mikla menntun en menntun fólks segir ekki endilega til um hæfileika þess til að læra nýtt tungumál.

Nemendur í íslensku lifa flóknu lífi sem samanstendur af vinnu, fjölskyldu og vinum auk persónulegs menningarlegs bakgrunns þar sem jafnvel pólitísk kúgun, fátækt, stéttaskipting, fyrra nám og starf leikur stórt hlutverk í gerð hvers einstaklings. Þetta verður að hafa í huga þegar meta á þá þætti sem hafa áhrif á tungumálanám. Markmið íslenskukennslu fyrir fullorðna er fyrst og fremst að allir nemendur fái kennslu við hæfi þrátt fyrir ólíkan bakgrunn eða forsendur til náms. Geta fólks til að læra tungumál er alltaf einstaklingsbundin og háð ýmsum þáttum, s.s.

meðfæddum hæfileikum, aldri, menntun og annarri tungumálakunnáttu (Jackendoff 1994:35). Það er því mikilvægt að líta á nemendur sem einstaklinga. En þótt hver námsmaður sé einstakur með einstakar þarfir eru þarfirnar, sem ýta fólki í íslenskunám, oft sameiginlegar. Þessar sameiginlegu þarfir, og ekki síður sammannleg reynsla fólks, eru góður efniviður í kennslu fjölmennningarlegs hóps. Í slíkum hópum myndast kraftmikið andrúmsloft sem getur verið afar skapandi og skemmtilegt ef rétt er á haldið. Hópur nemenda þar sem ofan á ólíka reynslu, aldur, vinnu og hlutverk í lífinu bætist við mismunandi þjóðerni býður upp á mikla fjölbreytni í kennsluháttum og mikil samskipti milli nemenda. Ef ólík reynsla jafnt og ólík hæfni til tungumálanáms fær að njóta sín í kennslustofunni aukast líkurnar á að allir blómstri og tileinki sér það sem gagnast þeim.

AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ ÓLÍKAR ÞARFIR

Allir kennarar þurfa að vera meðvitaðir um þá menningarheima sem nemendurnir koma frá og geta leitað sér upplýsinga um hvaða menningarlegu þættir gætu hugsanlega haft áhrif á hegðun þeirra í kennslustofunni. Rannsókn frá 1996 (Samuel Lefever 2005:28) sýndi fram á að kínverskir nemendur telja það dónaskap og móðgun við kennarann að hafa sig mikið í frammi í kennslustund en vestrænir kennarar þeirra líta á frumkvæði og virkni nemenda sem mjög æskilega hegðun og merki um áhuga þeirra á náminu. Slíkur grundvallarmunur á viðhorfi til „réttra“ kennsluáðferða getur skapað misskilning og óöryggi á báða bóga ef kennarar eru ekki meðvitaðir um hvað býr að baki.

Fólki frá sama menningarsvæði glímur oft við sömu vandamál í íslenskunáminu. Það getur verið heppilegt að skipta nemendum í hóp eftir móðurmáli, sérstaklega í upphafi námsins. Þessi sérstöku vandamál snúa aðallega að mun á tungumálum en tungumál eins og kínverska, taíenska og víetnamska eru tónamál sem eru afar ólík indóevrópskum málum, bæði hvað varðar framburð og málfræði. Önnur tungumál hafa annað letur, líkt og arabíska, amharíska,



singalíska og taílenska og hægir það oft á námi fólks. Ólæsi á latneskt letur gerir fólki erfitt fyrir að fylgja eftir í almennum hópum, þótt fólk geti vel lært íslensku. Heppi-legra er að ólæst fólk læri lestur og íslensku á sínum forsendum í sérhópum eða í einkakennslu. Þekking á grunnatriðum í tungumálakerfi nemenda getur einnig hjálpað kennurum að kenna íslensku á þann hátt að nemendur skilji hugsunina á bak við ákveðna þætti. Það er alltaf gott ef kennarinn kann tungumál nemenda og þekkir muninn á málunum og getur nýtt sér það til útskýringa. Í taílensku er ekki til sögnin „að vera“ og þess vegna er t.d. betra að kenna Taílendingum spurninguna „hvaðan kemur þú?“ í stað „hvaðan ertu?“

Sérstakir hópar geta verið nauðsynlegir tungumálsins vegna en ekki endilega vegna menningarmunar því að það getur örugglega verið jafn erfitt fyrir Þjóðverja og Víetnama að koma til Íslands. Menningarmunur milli Íslands og Þýskalands getur verið mjög mikill í huga Þjóðverja þótt tungumálin þýska og íslenska séu lík. Óstundvísi Íslendinga og skipulagsleysi getur verið Þjóðverja jafn mikill þýrnir í augum og kuldinn og skortur á iðandi götulífi er fyrir Víetnama. Kennsla í menningarfærni er jafn mikilvæg í öllum hópum. Það er hollt fyrir kennara að alhæfa ekki um of fyrir fram út frá þjóðerni nemenda hversu framandi, auðvelt eða erfitt sé fyrir þá að búa á Íslandi.

Það skiptir máli í kennslunni að sýna hverjum einstaklingi áhuga og nýta þá kunnáttu og þekkingu sem hann býr yfir. Í fjölþjóðlegum hópum er fólgin mikill fjársjóður sem hægt er að nýta í tímunum. Það er t.d. hægt að hvetja nemendur til að segja frá ýmsu sem tíðkast í þeirra landi eins og matarmenningu, vinnu, samskiptum, listalífi, skólamálum, stjórnmálum, veðri o.fl. og bera saman bækur sínar. Stundum er tilhneiging hjá kennurum að líta á fjölbreytileikann og hinar ólíku þarfir nemenda sem vandamál sem geri þeim erfitt fyrir í kennslunni. En um leið og kennarinn tileinkar sér aðferðir, sem henta breiðum hópni nemenda, er reynslan oftast sú að þetta er áhugaverðari og lærdómsríkari kennsla en sú sem skapast þegar einleitu hópum er kennt.

ÁRANGURSRÍKAR KENNSLUADFERÐIR HEFÐIN OG NÝJUNGARNAR

En hvaða kennsluadferðir eru árangursríkar þegar kenna á svona fjölbreyttum nemendahópi? Kennsla á flestum almennum námskeiðum miðast við alla málfærniþættina (e. linguistic skills): tal, ritun, hlustun, lestur og skilning. Reynslan hefur sýnt að nemendur í íslensku eiga það langflestir sameiginlegt að vilja ná góðu flæði í munnlegri tjáningu.



Það skiptir máli í kennslunni að sýna hverjum einstaklingi áhuga

Hefðin í kennslu íslensku sem annars máls hefur að miklu leyti snúist um málfræðikennslu með hefðbundnum fall- og sagnabeygingum og skriflegum innfyllingaræfingum. Í raun hentar sú kennsla fáum nemendum og þeir geta auðveldlega nálgast þessa tegund æfinga í málfræðibókum og á Netinu og slíkt kennsluefni hentar einnig vel til sjálfsnáms. Tungumál er hins vegar fyrst og fremst samskiptatæki og þjálfun í töluðu máli er erfitt að stunda í einrúmi. Þekking verður til með reynslu – með því að prófa. Þú lærir ekki að synda með því að sitja á bakkanum og þú lærir ekki tungumál með því að hlusta og skrifa upp reglur í bók heldur með því að opna munninn og tala. Við raunverulegar aðstæður eru tækifærin til að æfa talið á árangursríkan hátt oft mjög fá og stundum er lítill skilningur á því að fólk



þurfi endurtekningu og leiðbeiningu og oftast en ekki er skipt yfir í ensku. Fólk talar saman þegar það er að reyna að skilja eitthvað og lausn vandamála á vinnustað mundi vera ógerleg ef ekki væri talað saman. Samt er markviss þjálfun í samtölum of lítið notuð í kennslustofum.



Nemendur koma að verkefninu með ólík viðhorf og nálgun

SAMSKIPTAMIÐAÐAR NÁMSLEIÐIR

Kennsluaðferðir, sem snúast um samskipti og munnlega tjáningu (communicative language learning), eru heppilegastar til árangurs og mæta þörfum flestra nemenda ef vandað er til kennslunnar. Þess vegna ættu allir tungumálakennarar að hafa kennslunni þannig að í hverjum einasta tíma fari fram talþjálfun og samskiptaæfingar og nota minni tíma í málfræðiinnlög og infyllingaræfingar. Hið síðastnefnda hentar mun betur sem heimavinna þar sem nemendur vinna einir. Samskiptamiðaðar námsleiðir í tungumálakennslu eru alþekktar í kennslu ensku sem annars máls og því eðlilegt að kennarar, sem kenna íslensku sem annað mál, líti til þeirrar reynslu sem þar hefur skapast.

Samskiptamiðaðar kennsluaðferðir eru af margbreytilegum toga og nauðsynlegt að hafa þær fjölbreyttar því að þeim mun fjölbreytilegri sem kennslan er þeim mun líklegri er að hún höfði til allra auk þess sem hún verður skemmtilegri. Dæmi um samskiptamiðaðar aðferðir eru

ýmsir leikir, spil, hópvinna, viðtöl og samtöl sem geta bæði verið stýrð (með fyrir fram ákveðnu umræðuefni/spurningum) eða frjáls (nemendur velja sjálfir umræðuefni). Aðferðirnar geta verið af ýmsum toga. Leikir og spil skiptast til dæmis í hlutverkaleiki, borðspil, orðaleiki, þrautalausnir, bingó og málfræðimiðaða, orðaforðamiðaða eða samtalsmiðaða leiki sem eru ýmist hannaðir fyrir tvo, þrjá, fjóra þátttakendur eða allan bekkinn (sjá t.d. Hadfield 1984, 1987, 1998, 1990). Á sama hátt getur hópvinna verið mjög fjölbreytileg, nemendur geta t.d. hannað veggspjöld, búið sjálfir til verkefni sem þeir leggja fyrir bekkinn, samið leikrit sem þeir svo flytja eða safnað saman upplýsingum um tiltekið efni. Í hópvinnu er nauðsynlegt að allir þátttakendur hafi ákveðið hlutverk og að allir tali þegar verkefninu er skilað í bekknum (Guðrún Pétursdóttir 2003:20). Sem dæmi um slíkt verkefni er að þrír nemendur skipuleggi máltíð saman þar sem einn nemandi segir frá hvað eigi að elda, annar segir frá hver gerir hvað og sá þriðji hvaða áhöld og tæki þurfi að nota til verksins. Ferðalag um Ísland er annað dæmi um verkefni sem hentar vel í hópvinnu. Í slíku verkefni skipuleggur hópur ferðalag um Ísland með því að skoða Íslandskort og ferðabæklinga. Við skil á verkefninu segir hópurinn frá hvert á að fara, hvað eigi að gera/skoða og hvað þurfi að taka með sér. Vettvangsferðir í verslanir, kaffihús, stofnanir og á söfn, þar sem nemendur undirbúa ferðina fyrir fram og leysa verkefni á staðnum, eru einnig ánægjuleg og gefandi verkefni.

Kennari verður að vanda hópa- og paraskiptinguna og í fjölmenningarlegum hópi er spennandi að hóparnir eða pörin séu samsett af einstaklingum frá ólíkum löndum eða menningarsvæðum. Þá koma nemendur að verkefninu með ólík viðhorf og nálgun. Einn kennari stillti saman hjónum frá Víetnam og Póllandi sem áttu börn á sama aldri og voru í svipaðri stöðu. Í fyrstu ríkti tortryggni milli þeirra en smám saman urðu þau vinir og fóru að hittast utan skólans. Þau komust að því að þau þurftu að glíma við sömu sammannlegu reynsluna á hverjum degi: að vakna, vinna, sækja í leikskólann, elska sína nánustu, sakna heimalandsins, svæfa börnin og halda aga, hjálpa þeim við heimalærdóminn, kaupa inn, elda mat, kaupa bíl og



íbúð og eiga í samskiptum við opinbera aðila. Sammannleg og samfélagsleg reynsla nemenda er gott viðfangsefni í skólustofunni og þar er af nógu er af taka.

Tengingin við raunveruleikann er mikilvæg fyrir nemendur og þess vegna verða viðfangsefnin og málnotkunin, sem æfð er í skólanum, að endurspegla það sem nemendur þurfa að kljást við í sínu daglega lífi. Fasteignakaup eru stórt atriði í lífi flestra nemenda. Það er hægt að gera þau að viðfangsefni í kennslustofunni á þann hátt að allir nemendur geti notið sín. Eftir að orðaforði um leigu, sölu og kaup á húsnæði hefur verið lagður inn semja nemendur auglýsingar þar sem þeir auglýsa íbúð til sölu. Kennarinn safnar auglýsingunum saman og útbýr fasteignablaðið. Í framhaldinu er nemendum skipt í kaupendur og fasteignasala þar sem kaupendur ganga á milli fasteignasala og reyna að finna húsnæði sem hentar þeim. Hægt er að stýra þeim samtölum með gátlistum sem nemendur hafa í höndum og láta ákveðnar óskir um íbúð falla saman við ákveðna eign sem er til sölu. Í framhaldi geta nemendur unnið einir eða í hópum veggspjald með myndum (t.d. úr tímaritum) og upplýsingum um draumahúsið sitt. Í þessu verkefni er unnið með sama orðaforðann frá mörgum hliðum en það er nauðsynlegt ef hann á að festast nemendum í minni og gagnast þeim. Í verkefninu geta allir nemendur notið sín, bæði þeir sem eru sterkir á skriflega sviðinu og þeir sem hafa meiri færni í að tala, en það skiptir miklu máli að koma til móts við ólíkar þarfir og ólíka hæfni nemenda.

Í kennslustofunni eru allir jafningjar og það er hlutverk kennarans að sjá til þess að nemendurnir hafi samskipti við alla í bekknum en ekki bara þann sem situr við hliðina á þeim og/eða þá sem tala sama tungumál. Það er alltaf jafn gefandi að fylgjast með tveimur einstaklingum, sem koma hvor úr sinni heimsálfunni og eiga gjörólik móðurmál, taka viðtal hvor við annan á íslensku. Oftar en ekki er þetta leið til að brjóta niður hugsanlega fordóma í hópnum. Í sama bekknum voru danskur háskólastudent og kona frá Sri Lanka sem var ólæs á latneskt letur. Hún talaði sæmilega íslensku en sá danski gerði ekki og hún glósaði allt saman á eigin letri (singalísku). Þessir tveir nemendur

unnu saman og þegar illa gekk hjá Dananum að fá konuna til að lesa einhverjar spurningar á blaði benti kennarinn honum á að hún læsi ekki þetta letur en hins vegar læsi hún annað letur og var bent á glósurnar hennar sem voru þéttskrifaðar á blaði við hliðina á henni. Sá danski varð furðu lostinn, bæði yfir því hvað konan gat sagt og skilið mikið í íslensku án þess að kunna lettrið, og einnig hvað hún gat lesið og skrifað eitthvað á þessu ótrúlega framandi móðurmáli hennar. Í framhaldi af þessu töluðu þau heilmikið saman, hann hjálpaði henni með spurningarnar og hún hjálpaði honum að svara. Íslenska var eina sameiginlega málið sem þau gátu notað.

SAMFÉLAGIÐ OG ÍSLENSKUKENNSLA

Hvað getur kennarinn gert til að auka líkur á því að fólk noti málið úti í samfélaginu? Persónuleiki fólks, aðstæður til náms og félagslegt samhengi eru allt þættir sem hafa áhrif á nám. Gott námsumhverfi hefur einnig áhrif á nám, hvort sem kennslan fer fram í skóla eða á vinnustað. Til þess að árangur náist í náminu verður andrúmsloftið í kennslunni að vera þannig að nemendum finnist þeir öryggir og að leyfilegt sé að gera mistök og prófa sig áfram. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í tungumálanámi því að bæði á fólk oft mjög erfitt með að þora að prófa það sem það lærir úti í daglega lífinu eða að það hefur fá tækifæri til þess. Kennslustofan er staðurinn þar sem nemandanum leyfist að gera mistök og hann fær þær leiðbeiningar og endurtekningar sem hann þarfnast. Kennarinn þarf einnig að stíga af stallinum og skapa þægilegt andrúmsloft sem byggist á gagnkvæmri virðingu. Kennarinn þarf að vera tilbúinn að kanna þarfir nemendanna og/eða vinnustaðarins, koma til móts við óskir nemenda og vinnuveitenda um orðaforða og námsefni, virkja þátttakendur í kennslustundum, stuðla að góðri námsupplifun og vera hugmynda- ríkur hvað varðar kennslugögn og kennsluaðferðir.

Kennslugögn eru líkleg til árangurs ef þau hjálpa nemendum að ná tökum á viðfangsefni sem skiptir þá máli að hafa á valdi sínu. Heildstætt námsefni, sem þyngist



stig af stigi og mætir þörfum nemenda á hverju stigi, er hentugt í tungumálanámi. Það veitir nemendum yfirsýn og er þægilegt fyrir þá til að rifja upp og læra sjálfir. Í fjölbreyttum nemendahópum getur samt ein kennslubók sjaldan komið til móts við þarfir allra og því er nauðsynlegt fyrir kennarann að nota ítarefni. Gögn úr daglega lífinu eru nauðsynleg námsgögn. Náms efni í íslensku þarf að miða út frá daglegu máli og starfstengdum orðaforða þegar við á. Markmið námsfarnis ættu að snúast um að þjálfar alla færniþætti tungumálsins og að auka virkni nemenda í kennslustundum, vinnu og samfélaginu.

Það sem gerist, eftir að nemandinn fer úr kennslustofunni, er í raun lykillinn að tungumálanámi samkvæmt Norton (Halpern 2001: 743). Hún sýndi í rannsókn sinni hve fá tækifæri útlandingar fá í rauninni til að nota málið fyrir utan kennslustofuna. Því lélegri ensku sem viðkomandi talar því minni líkur eru á því að hann fái vinnu þar sem hann þarf að nota ensku og því minna er talað við viðkomandi á vinnustaðnum sem aftur leiðir til þess að hann fær litla æfingu. Margir fullorðnir hafa mikla löngun til að læra og eru vel menntaðir en það tryggir ekki að það sé auðvelt að læra nýja tungumálið. Að eyða miklum tíma í samfélagi með fólki, sem talar sama tungumál, leiðir til þess að fólki líður betur félagslega og andlega og það styrkir stöðu þess sem einstaklinga. Til þess að geta á hinn bóginn átt samskipti á tungumáli landsins, sem fólk býr í, verður það að fá stuðning og hvatningu frá öllum samfélaginu, vinnustað og skólanum til að komast yfir hjallann að byrja að tala.

EVROPSKA TUNGUMÁLAMAPPAN Í ÍSLENSKUKENNSLU FULLORÐINNA

Í lokin er rétt að líta til þess hvert skal stefna í íslensku-kennslu fyrir hinn fjölmennningarlega hóp sem vill og þarf að læra íslensku. Margt bendir til að spennandi tímar séu fram undan í þessu fagi. Í Evrópu eru landamæri smám saman að verða ógreinilegri og fólk flytur í síauknum mæli milli landa vegna atvinnu, náms eða fjölskyldu. Hingað flyst einnig vaxandi fjöldi fólks úr öllum heimshornum til

þess að setjast hér að til frambúðar. Ef við viljum að þessi fjölmennningarlegi hópur tileinki sér tungumálið okkar er mál til komið að fagið íslenska sem annað mál sé tekið föstum tókum. Reynslan af fjölmenningsamfélaginu í Evrópu hefur orðið til þess að litið er á tungumálanám frá fleiri sjónarhornum en áður tíðkaðist. Víða í Evrópu hefur hin svokallaða Evrópska tungumálamappa, ETM (European Language Portfolio), verið tekin til notkunar sem tæki í tungumálakennslu. Mappan byggist á kennslufræðilegu kenningarkerfi sem hefur verið í þróun í um þrjá áratugi. Nýjustu rannsóknir um nám og kennslu hafa verið nýttar í þessu viðtæka þróunarstarfi. Upprunalega var mappan kennd í tilraunaskyni í fimmtán Evrópulöndum á árunum 1998-2000 í verkefni sem var hluti af rammaáætlun Evrópuráðsins um kennslu og nám í erlendum tungumálum. Yfir tuttugu lönd hafa nú formlega tekið upp möppuna og enn fleiri eru að þróa þessa vinnu, m.a. Ísland (Hafðís Ingvarsdóttir 2006: 5-6).

Hugmyndafræði tungumálamöppunnar gengur út frá því að tungumál og menning séu órjúfanleg fyrirbæri og að þegar tungumál sé kennt skuli ekki einblína á málfærniþættina heldur verði markmiðin einnig að snúast um að efla skilning á menningu þeirrar þjóðar eða þjóða sem tala tungumálin. Þess vegna er kennsla í menningarfærni ein af meginstöðum hugmyndafræðinnar. Þar er einnig fjallað um aðferðir nemandans við að læra. Annars vegar er mikið lagt upp úr því að nemandi taki ábyrgð á eigin námi og hins vegar er áhersla lögð á að nemandinn sé meðvitaður um það hvernig hann lærir.

Markviss kennsla í menningarfærni í anda tungumálamöppunnar er þörf og spennandi að þróa frekar í íslensku-kennslu. Matsleiðir í ETM eru líka áhugaverður kostur þar sem raungeta nemandans í öllum færniþáttum tungumálsins er metin eftir stöðluðum sjálfsmatsramma. Matið er árangurstengt en það merkir að einblint er á það sem nemandinn kann en ekki það sem hann kann ekki. Safnmappa verkefna nemanda er einnig hluti af tungumálamöppunni og sýnir árangur og þróun námsins á áhrifaríkan hátt. Sjálfsábyrgð nemenda á eigin námi og aukin meðvitund um námsaðferðir hljóta líka að vera mikill kostur í kennslu fullorðinna



námsmanna. Þegar þetta er allt upptalið má segja að hugmyndafræði Evrópsku tungumálamöppunnar falli að þeim hugmyndum sem hafa verið reifaðar fyrir í greininni: aukinni áherslu á virkni nemenda, áhersla á samskiptamiðað nám í tengslum við menningarfærni, minna vægi lagt á hefðbundna málfræðiinnlög og áhersla lögð á að kennarinn sé ekki lengur í hlutverki alviturs yfirvalds.

Því miður eru enn mörg ljón á veginum áður en kennslufræðilegt kerfi ETM getur orðið að raunveruleika í kennslu íslensku sem annars máls. Þeir 150 tímar, sem búið er að binda í lög fyrir ákveðinn hóp fólks, er mjög takmarkaður tími ef fólk ætlar sér að ná valdi á tungumálinu, sérstaklega ef móðurmál þess er fjarskylt íslenskunni. Í raun ætti frekar að miða við að fólk nái tilteknu færnistigi, sem lýst er í matramma ETM, í stað þess að binda námið við stundafjölda. Flest íslenskunámskeið eru of stutt til að sannfæra nemendur um ágæti tungumálamöppunnar og þær aðferðir sem samræmast hugmyndafræði hennar. Vinna við tungumálamöppuna krefst líka mikillar samvinnu kennara og skilnings skólastjórnenda á nauðsyn þeirrar vinnu sem fylgir því að koma á nýju kerfi og þróa nýjar aðferðir. Þar sem flestir kennarar hafa þessa kennslu sem aukastarf er erfitt að vinna mikla þróunarvinnu hjá þeim skólum sem bjóða upp á námið og fá tækifæri eru til endurmenntunar þeirra. Nauðsynlegt er að auka vinnu í gerð námsefnis og kennsluleiðbeininga og stuðla að endurmenntun í anda nýrra aðferða ef þær eiga að ná til kennara.

AÐ LOKUM

Miðvikudagskvöld ...

Haglélið lemur rúðurnar á kennslustofunni. Nemendurnir eru byrjaðir að skilja af hverju Íslendingar hafa svona mikinn áhuga á veðrinu og af hverju veðurkaflinn í kennslubókinni er svona langur. Sjálfir hafa þeir flestir eitt svar þegar spurt er um veðrið í þeirra landi: Sól og heitt. Þeir hafa fengið mikilvæga innsýn í menningu landsmanna: Það er ekkert eðilegra en að ræða veðrið við strætóbílstjórann, jafnvel alla leiðina og nota aldrei sama orðið yfir snjó í samtalinu.

Í upphafi spurðum við: Hvað skiptir mestu máli í fjölmenn-ingarlegri kennslu fullorðinna nemenda? Svarið felst í aukinni þekkingu og viðurkenningu á þörfum þessa fjölbreytta nemendahóps. Með tilliti til þessara þarfa verður að huga að þróun á kennsluháttum sem nýtast fjölmenningarlegum hópum og líta til þeirrar reynslu sem hefur skapast í löndunum í kringum okkur. Ef raunverulegur vilji er til þess að kenna hinum nýju landsmönnum okkar tungumálið, sem við tölum, er tími til kominn að samræma aðferðir og hugmyndafræði í átt að því sem rannsóknir í tungumálanámi og reynsla í tungumálakennslu bendir til að líklegust sé til árangurs. Hér ber að nefna þætti eins og kennslu í menningarfærni, samskiptamiðaðar námsleiðir þar sem nemendur eru virkir í kennslustundum, aukið framboð á góðu námsefni og aukin tækifæri fyrir kennara til endurmenntunar. Við erum bjartsýnar á að fram undan séu spennandi tímar í kennslu ólíkra menningarhópa á Íslandi. Frábær árangur næst aðeins með sameinuðum kröftum allra.

HEIMILDIR

Guðrún Pétursdóttir. (2003) *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmenn-ingarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Hólar.

Hadfield, Jill. (1988) *Elementary Vocabulary Games*. Longman; (1984) *Elementary Communication Games*. Longman; (1990) *Intermediate Communication Games*. Longman; (1987) *Advanced Communication Games*. Longman.

Hafðís Ingvarsdóttir. (2006) „ETM mappan: Leið til að snúa vörn í sókn.“ *Málfríður. Tímarit Samtaka tungumálakennara*. 1. tbl. 22. árgangur. 5-9. Reykjavík.

Halpern, Honey. (2001) „Identity and Language Learning: Gender, Ethnicity and Educational Change.“ *Journal of Adolescent & Adult Literacy* 44, nr. 8. 743-746. Newark. Bókadómur um bók Bonny Norton (2000). *Identity and Language Learning: Gender, Ethnicity and Educational Change*. New York.

Hróbjartur Árnason. (2005) „Hvað er svona merkilegt við það ... að vera fullorðinn“. *Gátt. Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. 14-22. Reykjavík.

Knowles, Malcolm S. (1998) *The Adult Learner. The Definitive Classic in Adult Education and Human Resource Development*. Houston.

Jackendoff, Ray (1994) *Patterns in the mind. Language and Human Nature*. New York.

Samuel Lefever (2005). „The role of language teaching – looking to the future.“ *Málfríður. Tímarit Samtaka tungumálakennara*. 1. tbl. 21. árgangur. 26-29. Reykjavík.



UM HÖFUNDANA

Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir hafa starfað sem verkefnastjórar hjá Mími-símenntun frá hausti 2005. Áður störfuðu þær í fjölda ára hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Helstu verkefni þeirra tengjast íslenskukennslu fyrir útlendinga og námsefnisgerð. Þær stýra þróunarverkefnum á sviði námsefnisgerðar og kennsluaðferða, á almennum og sérhæfðum námskeiðum og einnig starfs-tengdum íslenskunámskeiðum.

Þær hafa samið námsefnið Íslenska fyrir alla 1, 2 og 3 sem er námsefni ætlað til kennslu á almennum námskeiðum á þremur stigum. Þær sömdu námsefnið Íslenska. Lykill að starfinu með styrk frá Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytinu en efnið er heildstætt námsefni ætlað til notkunar á starfstengdum íslenskunámskeiðum á heilbrigðissviði. Einnig hafa þær samið, þýtt og aðlagð fjölda smærri verkefna og leikja til notkunar í íslenskukennslu. Þær kenna á námskeiðum fyrir kennara um fjölbreytta kennsluhætti og námsefnisgerð.

Sólborg Jónsdóttir stundaði meistaranám í kennslufræðiskennslu sem annars tungumáls við Notre Dame College í Manchester, New Hampshire og stundar nú nám á framhaldsstigi í fullorðinsfræðslu við Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur kennt íslensku sem annað mál í 12 ár bæði á almennum og sérhæfðum námskeiðum á mörgum stigum. Hún er einn af höfundum námsefnisins Íslenska fyrir fólk frá fjarlægum málsvæðum. Hún er formaður Ísbrúar, félags fólks sem starfar að fræðslumálum útlendinga/tvítyngdra á öllum skólastigum.

Þorbjörg Halldórsdóttir er með B.Ed.-próf frá Kennaraháskóla Íslands og M.Paed-próf í íslensku frá Háskóla Íslands. Hún hefur kennt íslensku sem annað mál í 8 ár, bæði á almennum og sérhæfðum námskeiðum á mörgum stigum. Hún er í stjórn Ísbrúar, félags fólks sem starfar að fræðslumálum útlendinga/tvítyngdra á öllum skólastigum.

ABSTRACT

Iceland is a multicultural society, growing in variety year by year. Most who immigrate and settle here try to learn Icelandic. Their aim is the same – to learn Icelandic – but the basis on which they are learning can vary. People's ability to learn languages varies between individuals and is affected by the environment the learner lives in. Individuals come from different cultures and their family lives, work and leisure also vary from person to person. The aim of the Icelandic teaching for adults is that all should receive teaching that is useful for them, despite their varying circumstances, and not least that all should enjoy the learning experience. Varied communication oriented methods are best suited to teaching multicultural groups, using techniques like activities, games, group work and conversation. It is also important that teaching and teaching material takes the learners' experience and knowledge into account, that it is related to the learners' reality and that it has practical uses in their everyday life. It is necessary that the classroom is a safe environment where learners can make mistakes and practise speaking, as they often have few opportunities for this in their daily life. The European language portfolio is an attractive option when developing teaching methods for Icelandic as a second language. The portfolio offers varied paths in study and teaching that meet the varied needs of the multicultural learner group.

SÍGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

LESTRAR- OG RITSTUÐNINGUR Í ATVINNULÍFINU

Lestrar- og riterfiðleikar eru útbreiddir. Talið er að rúmlega fjórðungur fullorðinna eigi í vandræðum með lestur og ritun á einn eða annan hátt. Sumir fullorðnir eiga í svo miklum erfiðleikum með að lesa að þeir geta ekki lesið upphátt fyrir börnin sín. Þeir geta heldur ekki fylgst með textuðu efni í sjónvarpinu eða lesið greinar í dagblöðunum sér til gagns eða gamans. Öðrum veitist það ekki svo erfitt en þeir lesa afar hægt, muna illa eða alls ekki hvað þeir lesa vegna þess að þeir þurfa að einbeita sér svo að því að skilja orðin. Samtímis eru í samfélagi nútímans gerðar sífellt meiri kröfur um skriflega færni. Meira og meira af samskiptum fer fram með texta. Hver kannast ekki við skilaboð með farsímum og tölvupósti, alls konar leiðbeiningar á formi handbóka og gátlista sem og skýrslur sem hlaðast upp?

Það krefst góðrar lestrar- og ritunarfærni að vera úti á vinnumarkaðnum og virkur þegn í samfélaginu. Það er eiginlega sama hvar maður ber niður, ef maður er ekki fær um að lesa, reikna og skilja texta, sem fyrir augun ber, þá fer illa. Það er mun flóknara að lifa ef maður er ekki fær um að lesa leiðbeiningarnar, mataruppskriftina, bréfið frá sveitarfélaginu, töfluna á strætisvagnastöðinni, textann á skjánum á flugstöðinni. Svo ekki sé talað um leiðbeiningarnar um notkun nýju vélarinnar á vinnustaðnum, launaseðilinn, hvað þá ef maður á í erfiðleikum með að fylla út eyðublaðið á pósthúsinu og vinnuseðilinn á verkstæðinu.

Það er ljóst að lestrar- og riterfiðleikar hafa í för með sér aukið álag fyrir fólk sem tekst á við þá. Hljóti það enga aðstoð getur langvarandi álag valdið heilsuvandamálum og fjarveru frá vinnu. Það hefur í för með sér kostnað fyrir einstaklingana, fyrirtækin og samfélagið í heild. Það þarf samstillt átak margra aðila að takast á við lestrar- og ritunarvandann. Fyrirtæki og stofnanir hafa brugðist við og bjóða starfsmönnum sínum upp á námskeið til þess og einnig eru til ýmis hjálpartæki sem fólk getur nýtt sér. Oft duga einföld ráð eins og t.d. að starfsfólk endurskoði og endurskipuleggi vinnu og vinnuferla.

NORRÆNT VERKEFNI

Miðvikudaginn 15. nóvember 2006 var haldinn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kynningarfundur á ýmsum lausnum fyrir fólk sem tilheyrir fyrrgreindum hópi. Kynningarfundurinn markaði lok samnorræns verkefnis um lestrar- og riterfiðleika fólks í atvinnulífinu og fólst annars vegar í

sameiginlegri norrænni kynningu á verkefninu í gegnum fjarfundarbúnað og hins vegar í kynningu á DVD-diski sem er afurð verkefnisins í hverju landi fyrir sig.

Það var NAV NONITE, sem er þekkingarmiðstöð tryggingastofnunar norska ríkisins innan upplýsingatækni, sem hafði forgöngu að verkefninu en það var fjármagnað með styrk frá Norræna þróunarsetrinu á hjálpartækjum fatlaðra (Nordiskt utvecklingscenter för handikaphjälpmedel, NUH). Markmiðið var að útbúa upplýsingarþakka (DVD) um ýmis hjálpartæki við lestrar- og ritunarstuðning byggð á upplýsingatækni á Norðurlöndunum. Verkefnið hefur staðið yfir frá því í febrúar 2005 með þátttöku aðila frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Íslandi. Fulltrúar Íslands í stýrihópi verkefnisins voru Guðmunda Kristinsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Guðmundur Johnsen, Félagi lesblindra, og Sigrún Jóhannsdóttir, Tölvumiðstöð fatlaðra.

Hin norrænu löndin eru lengra á veg komin með þróun og notkun hjálpartækja og með verkefninu og diskinum fæst góð yfirsýn yfir það sem gert er í hinum löndunum. Mörg af þeim hjálpartækjum, sem lýst er á diskinum, hafa ekki verið þýdd á íslensku enn þá, en mörg úrræðanna geta reynst gagnleg og flest þeirra er hægt að taka í notkun án mikils tilkostnaðar.

HJÁLPARTÆKI

Það var niðurstaða verkefnisins að atvinnulífið gæti, með því að veðja á notkun hjálpartækja á vinnustaðnum, lagt sitt af mörkum til þess að efla færni þess fólks sem stríðir



við lestrar- og riterfiðleika. Þjóðfélagið myndi spara mikil útgjöld ef tæknileg hjálpartæki verða löguð að vinnu- og hversdagslífinu fyrir þá sem þarfnast þess.

Fullorðnir með lestrar- og riterfiðleika sem fá viðeigandi hjálpartæki:

- eiga auðveldara með að sækja sér þá menntun sem þeir óska
- eiga auðveldara með að sækja um störf sem þeir álíta sig vera færa um að vinna
- eru ánægðari í vinnu sem er aðlöguð aðstæðum þeirra
- eiga auðveldara með að vinna á öruggan og skilvirkan hátt
- eiga auðveldara með að vera lengur í vinnu áður en þeir fara á eftirlaun
- eiga auðveldara með að sneiða hjá afleiðingum andlegs og líkamlegs álags
- eiga auðveldara með að aðstoða börnin með heima-lærdóminn
- fá auðugra líf og taka sem ellilífeyrisþegar þátt í lífinu eins og aðrir
- eiga auðveldara með að koma út á vinnumarkaðinn eftir atvinnuleysi eða endurhæfingu

DVD-DISKUR

Á DVD-diskinum eru kynntar lausnir fyrir fólk sem á við lestrar- og riterfiðleika að stríða. Mörg þeirra tækja og tóla, sem þar er lýst, krefjast tiltölulega lítils tilkostnaðar. Ýmis úrræði geta falist í því að vinnuferlar og kringum-stæður eru aðlagðar þörfum þess starfsfólks sem þarf á stuðningi að halda. Þá er fróðlegt að sjá hvernig einstaklingar, við nánari umhugsun og einbeitingu, hafa fundið nýja styrkleika sem þeir geta nýtt sér til þess að vega upp á móti þeim örðugleikum sem þeir þurfa að kljást við í sambandi við lestur og ritun.


Diskurinn inniheldur:

- samtöl við fullorðna sem fundið hafa tæknilegar lausnir og aðferðir sem hjálpa þeim við vinnu
- samtöl við vinnuveitendur um notkun á hjálpartækjum og skipulagningu
- fyrirlestur um kennslu og notkun hjálpartækja
- fyrirlestur um greiningu og hvatningu
- sýnikennslu á hjálpartæki

Sýnt er hvernig tæknibúnaður er aðlagður þeim sem eiga í erfiðleikum með lestur og skrift til að bæta þeim upp fötlun sína bæði í hversdagslífinu og á vinnustaðnum.

Hvernig er hægt að nálgast diskinn

DVD diskurinn er fáanlegur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Tölvumiðstöð fatlaðra. Diskurinn gagnast þeim sem kljást við þennan vanda á vinnustað og vinnuveitendum þeirra, enn fremur er hann gagnlegur öllum stjórnendum, verkstjórum og starfsmannastjórum. Þá er efni disksins fróðlegt fyrir þá sem aðstoða og ráðleggja fólki með lestrarvanda, s.s. fræðslustjórum, kennurum, leiðbeinendum og ráðgjöfum og síðast en ekki síst samstarfsfólki og vandamönnum þeirra sem þurfa stuðning við lestur og ritun.



DVD diskur

ÓLAFUR GRÉTAR KRISTJÁNSSON

EUROPEAN QUALIFICATIONS FRAMEWORK (EQF)

Í júlí 2005 hófst meðal aðildarríkja Evrópusambandsins samráð um svokallað European Qualifications Framework, skammstafað EQF. EQF er ætlað að gera aðildarríkjunum og þeim löndum, sem taka þátt í menntastarfi ESB er lýtur að markmiðum Lissabon-ferlisins, kleift að tala einni tungu um þá færni og þekkingu sem stefnt er að í námi, allt frá lokum grunnskóla til þriðju háskólagráðu. EQF byggist á almennri lýsingu á færni, þekkingu og hæfni sem aflað er í námi og skiptist í 8 þrep þar sem þrep 6-8 jafngilda námi á háskólastigi en þrep 1-5 námi frá lokum grunnskóla og að háskólanámi. Þekkingarþrepið lýsa því sem námsmaður veit, skilur og er fær um að gera að námi loknu, óháð því hvar hann stundaði nám sitt, óháð sérstökum aðstæðum í menntastofnun eða landi. Þannig tekur þetta kerfi einnig til þekkingar eða færni sem aflað er utan hins hefðbundna menntakerfis, í símenntun eða hjá óháðum fræðsluaðilum. Sjónum er beint frá ílagi náms (input), svo sem lengd náms eða tegund menntastofnunar, og að afrakstri eða útkomu (outcome) náms.

EQF býður upp á betri samsvörun milli þarfa vinnumarkaðarins og námsframboðs einstakra fræðsluaðila. Það býður einnig upp á viðurkenningu á óformlegu og formlausu (non-formal, informal) námi og flutning og hagnýtingu prófskírteina eða annars vitnisburðar náms milli landa og skólakerfa.

Samráðið stóð fram í desember 2005 og var hugmyndinni almennt vel tekið. Var niðurstaðan sú að sumar þjóðir ákváðu að innleiða landskerfi um flokkun þekkingar og færni sem getur tengst EQF, aðrar munu hugleiða málið áður en ákvörðun verður tekin. Evrópusambandið leggur áherslu á að ákvörðun um upptöku landskerfis liggi hjá hverri þjóð fyrir sig en bendir á mikilvægi slíks kerfis til þess að auka gagnsæi prófskírteina og annars vitnisburðar um nám í þeim tilgangi að efla hreyfanleika námsmanna og för launafólks innan Evrópu.

Í september sl. samþykkti framkvæmdastjórn ESB síðan drög að tilmælum (recommendation) Evrópuþingsins og ráðsins um EQF. Við það tækifæri sagði Ján Figel, menntamálastjóri ESB: „Evrópubúar þurfa oft að horfast í augu

við hindranir þegar þeir reyna að flytja sig um set milli landa í þeim tilgangi að leggja stund á nám eða að vinna eða þegar þeir vilja bæta við fyrra nám sitt eða starfsþjálfun. EQF mun verða gagnlegt við að leysa þann vanda. Það mun gera mismunandi prófskírteini einstakra landa skiljanlegri um gervalla álfuna og auka þannig aðgang að menntun og starfsþjálfun. Þegar kerfið hefur verið samþykkt mun það auka hreyfanleika námsfólks og launamanna. Það er trú okkar að EQF-frumkvæðið leiki lykilhlutverk í að skapa fleiri störf og efla hagvöxt og muni hjálpa fólki í Evrópu að takast á við verkefni alþjóðavæðingar og efnahagskerfis þekkingarsamfélagsins.“

Ísland hefur tekið þátt í hinu svokallaða Lissabon-ferli í menntun og var m.a. aðili að hinni svokölluðu Kaupmannahafnaryfirlýsingu 2002 um aukið samstarf aðildarríkja í starfsmenntun. EQF er eðlilegt framhald þeirrar vinnu og var af þeim sökum leitað eftir styrk til ESB til þess að vinna hugmyndavinnu til þess að kanna kostina við innleiðingu landskerfis af því tagi er að ofan greinir og getur tengst EQF. Sú hugmyndavinna fór fram með stuðningi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands vorið 2006 og hlaut hugmyndin um landskerfi, er flokkar afrakstur náms, góðar undirtektir í vinnuhópi sem falið var að ræða málið. Bent var á að landskerfi um flokkun þekkingar og færni fellur vel að námsskrárgerð fyrir starfsnám á framhaldsskólastigi sem öll miðast við afrakstur náms. Einnig getur það mætt þeirri miklu grósku sem verið hefur í símenntun og fullorðinsfræðslu hér á landi síðustu árin og svarað þörfum vinnumarkaðarins og launafólks fyrir mat á fyrra námi og starfsreynslu.

Í framhaldinu mun menntamálaráðuneytið kanna kosti þess að innleiða kerfi af þessu tagi en benda má á að í nýsettum háskólaöllum er gert ráð fyrir svona kerfi fyrir nám á háskólastigi. Í 5. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, segir að menntamálaráðherra gefi út formleg viðmið um



Ólafur Grétar Kristjánsson



UM HÖFUNDINN

æðri menntun og prófgráður sem eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn hafa tileinkað sér í lok náms síns. Viðmið um prófgráður á háskólastigi eru hliðstæð þeim færniviðmiðum sem að ofan eru nefnd og falla að sumu leyti saman við EQF-kerfið.

Ólafur Grétar Kristjánsson er með sveinspróf í stálvirkja-smíði, fil.kand.-próf frá Lundi í félagsfræði og hagsögu, BA-próf í íslensku frá HÍ, kennsluréttindi í íslensku frá sama skóla og meistaraþróf í opinberri stjórnsýslu, einnig frá Háskóla Íslands. Hef starfað í menntamálaráðuneytinu s.l. 10 ár. Meðal málaflokka sem ég hef komið að eru starfsmenntun, námskrármál, fullorðinsfræðsla, auk alþjóðlegs samstarfs um þessi efni.

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Eins og í fyrri tölublöðum Gáttar munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvarinnar. Settar eru fram tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt í Gáttinni þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomu-

lagi um heppilega og samræmda notkun þeirra. Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig. Innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veltir fyrir sér heppilegri hugtakanotkun og prófar sig áfram með mismunandi hugtök.

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu hugtaka á sviði fullorðinsfræðslu og héldum því áfram í öðru tölublaði. Að þessu sinni höfum við valið að setja fram skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem eru notuð um námsaðferðir og nýja tækni.



Hugtak á ensku:	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
Accelerated learning eða superlearning	Hraðnám Virknínám	Hugtakið er vítt og nær yfir tækni, aðferðir og nálgun við kennslu og nám. Kjarninn er sá að bestur árangur næst í námi ef öll skilningarvit eru nýtt ásamt tilfinningum, snertingu og hreyfingu. Dæmi um aðferðir sem falla undir hraðnám er notkun hugkorta, beiting tónlistar við nám, beiting fjölgreindarkenninga og minnistækni.
Learning style	Námsnálgun, námsstíll	Einstaklingsbundinn munur á nálgun og aðferðum sem henta fólki best við nám. Nokkrar mismunandi kenningar eru til og mörg mismunandi líkön. Dæmi um námsnálgunarlíkan er skipting í sjón-, heyrnar- og hreyfinálgun.
Wiki Learning wiki	Upplýsingapottur Námsefnispottur	Wiki er tegund af vefsíðu, n.k. upplýsingapottur, þar sem notendur geta lagt sitt af mörkum til að safna saman þekkingu. Notendur geta bætt við, breytt eða eytt því sem fyrir er. Dæmi um Wiki er Wikipedia sem er vefræn alfræðiorðabók www.wikipedia.com Dæmi um Learning wiki er www.learningwiki.com
Podcasting Learning podcasting	Netvarp Námssvarp	Aðferð við að dreifa margmiðlunarefni, s.s. hljóð- og myndefni um Netið. Efnið má síðan spila í tölvu eða í stafrænum spilurum eins og iPod. Það sem er sérstakt við þessa aðferð er að boðið er upp á sjálfvirkni við að ná í efnið. Þannig er hægt að vera áskrifandi að daglegum pistlum, s.s. fréttatengdu efni eða fræðsluefni.
Mind mapping	Hugkort - hugkortavinna	Hugkort er teikning eða yfirlitsmynd sem samanstendur af texta, línunum/tengingum og myndum. Hlutum myndarinnar er raðað saman á merkingarbæran hátt þannig að atriði eru flokkuð saman og tengd til að sýna samhengi þeirra.
Google	Gúggla	Leita á Netinu t.d. með aðstoð Google-leitarvélarinnar.
Fingertip knowledge	Fingurgómaþekking Fingravit	Í víðasta skilningi er átt við þá miklu þekkingu sem við getum náð okkur í með uppfléttingu í leitarvélum á Netinu, s.s. Google

GUÐMUNDA KRISTINSDÓTTIR

STARFSTENGT VERSLUNARFAGNÁM REYNSLA AF TILRAUNANÁMI

Í fyrsta tölublaði Gáttar frá árinu 2004 var sagt frá viðamiklu verkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér við þarfagreiningu og hönnun náms fyrir almenna starfsmenn í verslun. Í greininni var verkefnið reifað og skýrt frá því að farið yrði af stað með tilraunahóp og að staðan yrði endurmetin að tilraunaverkefninu loknu. Nú er því tímabili lokið og hér er velt vöngum yfir því hvernig til tókst og skoðaðar þær spurningar sem varpað var fram í fyrrnefndri grein. Tilraunin þykir hafa tekist vel og er nú búið að gefa út endurskoðaða námsskrá sem er til afnota fyrir þá fræðsluaðila sem eru samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Myndin sýnir útskriftarnemendur í verslunarfagnámi frá VÍ vorið 2006 ásamt Sölva Sveinssyni skólastjóra (t.v.) og Hildi Friðriksdóttir verkefnastjóra fullorðinsfræðslu (t.h.).
Ljósmyndari: Jóhannes Long

LOK TILRAUNAVERKEFNIS

Fyrsti hópur verslunarfagmanna hefur lokið verslunarfagnámi samkvæmt tilraunanámsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þriggja ára ferli við undirbúning, hönnun og framkvæmd tilraunaverkefnis er á enda með því að tilraunanámsskráin hefur verið endurskoðuð og ný námsskrá gefin út.

Aðdraganda og undirbúningi verkefnisins var lýst í fyrsta tölublaði Gáttar frá 2004 (Guðmunda Kristinsdóttir, 2004) en í stuttu máli var aðdragandinn sá að beiðni barst frá Samtökum verslunar og þjónustu um að Fræðslumiðstöðin tæki að sér það verkefni að:

- greina þarfir fyrir verslunarfagnám sem væri ætlað starfandi fólki í verslunum,
- skrifa í framhaldi af því námsskrá sem metin yrði til eininga á framhaldsskólastigi.

Í kjölfar þarfagreiningar var hannað starfstengt nám sem samanstóð af einni stuttri undirbúningslotu og þremur aðallotum og stóðu þær yfir í 13 vikur hver. Vegna ýmissa nýmæla og óhefðbundinna leiða var ákveðið að einn hópur tæki þátt í tilraunanámi samkvæmt námsskránni áður en hún yrði formlega gefin út. Stóð tilraunanámið yfir frá janúar 2005 til maí 2006 og fór fram bæði í skóla og á vinnustað þátttakenda. Framkvæmdaaðilar voru Verzlunarskóli Íslands og nokkrar verslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Í grein um verslunarfagnámið í Gátt frá 2004 var varpað fram nokkrum spurningum sem tilraunatímabilinu var að einhverju leyti ætlað að svara. Spurt var:

- Hvar á starfsfræðsla fyrir fullorðna einstaklinga, sem eru þátttakendur í atvinnulífinu, best heima?
- Hvernig verður námið fjármagnað til frambúðar?
- Hvernig á að sinna landsbyggðinni svo vel fari?
- Uppfyllir námið þarfir vinnuveitenda og starfsmanna?
- Er þessi metnaðarfulla og að mörgu leyti nýstárlega leið raunhæf og fjárhagslega möguleg?

Hér er stórt spurt og mun tíminn þurfa að gefa okkur endanlegu svörin en hér verður velt vöngum yfir því hvernig til tókst og m.a. leitað svara við ofangreindum spurningum.



NIÐURSTAÐA TILRAUNAR

Það er mikið og vandasamt verk að fara með hóp af fólki í gegnum nýtt og að mörgu leyti óhefðbundið námsferli í fyrsta sinn. Námskráin ásamt hjálpartækjum í formi gátlista vísaði veginn en praktískar úrlausnir á ýmsum framkvæmdaatriðum voru á hendi og ábyrgð framkvæmdaaðila.

Sá hópur, sem fór í gegnum tilraunanámið, er fjölbreytilegur og með mjög mismunandi þarfir og áherslur. Allir aðilar, sem að því komu, þurftu að leggja mikið á sig til að framfylgja námskránni. Sameiginlegt með nemendum var að flestir höfðu ekki verið í skóla um hríð, þeir voru í fullu starfi í verslunum með náminu og auk þess með aðrar þær skyldur sem hvíla á fullorðnu fólki. Kennarar þurftu að aðlagast nýjum starfsháttum og viðmiðum. Starfsþjálfar í verslununum, sem gegna mikilvægu hlutverki við að aðstoða við vinnustaðanámið, voru flestir að sinna því hlutverki í fyrsta sinn og átta sig á því í hverju það fælist. Vinnuveitendur þurftu að gefa starfsmönnum svigrúm og meta langtímaávinning af náminu.

Okkar mat í FA er að þessi tilraun hafi gengið mjög vel. Fjórtán starfsmenn af þeim nítján sem hófu námið luku því vorið 2006 og fleiri úr þeim hópi munu ljúka því á næstu misserum. Lokaverkefni nemenda endurspegluðu á margvíslegan hátt að meginmarkmiðin með náminu náðust. Margvíslegar vísbendingar bárust um ánægju vinnuveitenda með góðan og áþreifanlegan árangur og gagnsemi fyrir vinnustaðinn.

Við upphaf verkefnisins var fjármögnun óviss en á Íslandi er fjármögnun fullorðinsfræðslu með þeim hætti að hún er ýmist greidd af einstaklingum sjálfum, vinnuveitendum þeirra eða fræðslusjóðum stéttarfélaganna. Með framlögum úr ríkissjóði til fullorðins- og starfsmenntamála sem kom til vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins í tengslum við framlengingu kjarasamninga í nóvember 2005 og í júní 2006 (www.forsaetisraduneyti.is/frettir), hafa opnast möguleikar fyrir samstarfsaðila Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til fjármögnunar námstilboða eins og verslunarfagnámsins. Með því er símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni gert auðveldara fyrir en þó

vantar aðrar lausnir fyrir minni byggðarlögin og þá kemur fjarkennsla, skipulagning kennslu í styttri einingum og/eða samvinna fræðsluaðila til greina.

ENDURSKOÐUN NÁMSKRÁR

Við endurskoðun námskrár voru ekki gerðar miklar breytingar. Eftir gagngera yfirferð og greiningu á öllum athugasemdum, sem safnað var saman, voru sterkar vísbendingar um það að námskráin hefði þjónað þeim tilgangi sem henni var í upphafi ætlað. Að sjálfsögðu voru ýmsir hnökrar sem þurftu að lagfæra, sumt af því átti við um námskrá en annað um framkvæmd námsins. Það er eðlilegt því allar breytingar, sem krefjast breyttra vinnubragða og hugsunar hjá svo stórum og fjölbreyttum hópi fólks eins og um er að ræða í þessu dæmi, krefjast þolinmæði, þrautseigju og sveigjanleika í framkvæmd.

Verslunarfagnámið uppfyllir flest þau skilyrði gæðanáms í fullorðinsfræðslu að svara mismunandi þörfum fullorðinna fyrir menntun þannig að hámarksárangur og notagildi sé tryggt. Áhrif þess á verslun, að hafa fagfólk að störfum, verða þó ekki metin nema á löngu tímabili. Þeir sem að þessu námi standa hafa sýnt skilning og þolinmæði við undirbúning námsins og því er von til þess að verslunarfagnámið verði eftirsótt nám þegar fram í sækir og víðtækari reynsla er komin á framkvæmdina.

Margar leiðir eru færar við útfærslu námsins og við endurskoðun námskrár var lögð megináhersla á að breyta orðalagi í þá veru að auka sveigjanleikann í framkvæmdinni þannig að hægt sé að aðlaga hana aðstæðum á hverjum stað svo lengi sem markmiðum er náð.

Endurskoðuð námskrá fyrir verslunarfagnám hefur nú verið gefin út og verður aðgengileg þeim fullorðinsfræðsluaðilum sem lúta samingsskilmálum FA. Nú þegar hefur Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, boðið upp á þetta nám og hófst það í október 2006.



HEIMILDIR

Guðmunda Kristinsdóttir (2004). *Starfstengt Verslunarfagnám*. Gátt bls 75-81.

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 15. nóvember 2005*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/Frettaundirsidur/nr/2008>

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 22. júní 2006*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2320>

og -stjórnun og kennslutækni frá National University í Kaliforníu og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Sigrún hefur einnig viðtæka reynslu af fræðslustarfi, menntunarstjórnun og starfsþróunarmálum.

UM HÖFUNDANA

Guðmunda Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem hún sinnir m.a. greiningu fræðsluþarfa í atvinnulífinu. Hún stundaði nám í sálfræði við Háskóla Íslands og lauk diplómanámi í kerfisfræði í Óðinsvéum. Guðmunda starfaði um árabil við fullorðinsfræðslu innan menntakerfis rafiðnaðarmanna, bæði sem leiðbeinandi og kennslustjóri.

Sigrún starfar nú sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar sér hún m.a. um kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Einnig er hún stundakennari við Listaháskóla Íslands.

Hún hefur Phil.Cand.-menntun í uppeldis- og sálarfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, M.S.-próf í menntunarhönnun

ABSTRACT

In the first edition of Gátt, 2004, there was coverage on an extensive project taken on by the Education and Training Service Centre, which was needs analysis and course design for general shop workers. The article covered the main aspects of the project and explained how implementation would begin with an experimental group, with subsequent evaluation and reassessment at the end of the trial period. That period has now ended and in the article the results are considered in the light of the questions asked in the introductory article referred to above. The experimental phase is considered to have been successful and a revised curriculum has been published for use by those training actors that collaborate with the Education and Training Service Centre.

ÁSMUNDUR HILMARSSON

REYNSLA AF SKÓLAVIST OG –NÁMI

Þeir sem fæddust árið 1975 eru nú 31 árs. Nærri 40% þeirra höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla við 24 ára aldur. Ætla má að umtalsverður hluti þeirra séu í markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Flestum líkað vel skólavistin og námið síðustu þrjú árin í grunnskóla þó þeir hefðu kosið meiri verklega kennslu.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal könnuðu hvort reynsla 24 ára fólks af skólakerfinu og afstaða foreldra til náms þeirra tengdist brottfalli úr námi. Rannsóknin náði til

’75 árgangsins og byggði á upplýsingum um námsárangur í lok grunnskóla og námsferil í framhaldsskóla. Þegar árgangurinn var 24 ára var hluti hans spurður um afstöðu til skólakerfisins, stuðning foreldra og um sálfræðilega þætti. Jafnframt könnuðu þau hvort námslok spáðu fyrir um sjálf-sálit og trú 24 ára fólks á eigin getu til fræðilegs náms. Í þriðja lagi var gerð sérstök greining á þeim ástæðum sem brottfallshópurinn gaf fyrir að hætta í námi.

Slæmt námsgengi og námsleiði, tilgangsleysi náms og ytri




aðstæður voru þrjár af helstu ástæðum þess að fólk hætti námi. Karlar voru líklegri til að hætta í námi en konur. Konur nefndu frekar ytri aðstæður, eins og barneignir og heimilisáðstæður, sem mikilvæga ástæðu fyrir að þær hættu námi en karlar nefndu frekar að þeim hafi boðist gott starf. Brottfall reyndist lítillega meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem höfðu meiri áhuga á bóknaði en verknámi í efri bekkjum grunnskóla voru líklegri til að ljúka framhaldsskóla. Stuðningur foreldra og samræmi á milli námsvals nemenda og áherslna foreldra voru mikilvægir þættir í framvindu náms. Þeim sem líkaði vel í framhaldsskóla reyndust líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla. Þeir sem höfðu lokið framhaldsskóla 24 ára höfðu að jafnaði meiri trú á eigin hæfni til fræðilegs náms en brottfallshópurinn. Á hinn bóginn virðist almennt sjálfsálit ekki tengjast námslokum.


Af niðurstöðum í áður nefndri skýrslu Jóns Torfa og Kristjönu Stellu álykta ég að flestum Íslendinga í markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hafi líkað vel vistin og námið í efri bekkjum grunnskólans. Fleirum líkað betur verklegt en bóklegt nám. Meirihluta þeirra sem hættu í framhaldsskóla líkaði þrátt fyrir það vel við skólann sinn.

76% svarenda líkaði mjög vel eða frekar vel vistin þrjú síðustu árin í grunnskóla. Þriðjungur þeirra hafði ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 15% aðspurðra leið mjög eða frekar illa í grunnskólanum. 53% þeirra höfðu ekki útskrifast. 36% af þeim sem svöruðu höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði 3 síðustu árin í grunnskóla – fjöldi




Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði 3 síðustu árin í grunnskóla – hundraðshluti




74% þeirra sem svöruðu líkaði námið mjög eða frekar vel síðustu 3 árin í grunnskóla. 35% höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 15% þeirra leið mjög eða frekar illa í grunnskólanum. 46% þeirra höfðu ekki útskrifast. 36% allra sem svöruðu spurningunni höfðu ekki útskrifast.

Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði námið 3 síðustu árin í grunnskóla – fjöldi



Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði námið 3 síðustu árin í grunnskóla – hundraðshluti







43% þeirra sem svöruðu líkaði betur verklegt nám í efri bekkjum grunnskóla. 54% þeirra höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 18% líkaði betur bóklegt nám. 20% þeirra höfðu ekki útskrifast. 39% allra svarenda höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

84% þeirra sem hófu nám í framhaldsskóla líkaði vistin þar mjög eða frekar vel. 30% þeirra útskrifuðust þrátt fyrir það ekki. 8% líkað mjög eða frekar illa. 60% þeirra hættu. 32% allra sem svöruðu hættu í framhaldsskóla.


Námsstaða við 24 ára aldur eftir afstöðu til verklegs og bóklegs náms í efri bekkjum grunnskóla – fjöldi




Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði í framhaldsskóla – fjöldi



Námsstaða við 24 ára aldur eftir afstöðu til verklegs og bóklegs náms í efri bekkjum grunnskóla – hundraðshluti



Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði í framhaldsskóla – hundraðshluti



HEIMILDIR

Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson. (2002). Brottfall úr námi - Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir.

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR? NORRÆNN ÞANKABANKI

NORÐURLÖNDIN SEM ALÞJÓÐLEGT SIGURSVÆÐI

Evrópa stendur frammi fyrir mikilli áskorun ef takast á að mæta kröfum og uppfylla skilyrðin sem sífellt hnattvæddari hagkerfi setja nútímasamfélögum. ESB hefur beint sjónum sérstaklega að þessu og sett fram markmið um að Evrópu-þjóðir eigi að verða öflugasta þekkingarhagkerfi heims með sjálfbæra þróun að leiðarljósi árið 2010.

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar „Norden som global vinnerregion“, sem gefin var út í samstarfi við útgáfufyrirtækið *Mánudagsmorgun* (Huset Mandag Morgen, 2005), kemur fram að Norðurlöndin eru þekkingarsvæði og þar eru möguleikar á að þróa og þroska mannauðinn miklir en hann er grundvöllurinn að því að Norðurlöndin haldi forskoti í alþjóðlegri samkeppni.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að sameiginleg gildi, menning, saga landanna og síðast en ekki síst sameiginleg sýn á lýðræði og menntun, leiki mikilvægt hlutverk í öllum framförum. Ríkisstjórnir landanna eru hvattar til þess að móta sameiginlega stefnu um hvernig hægt sé að varðveita og þróa einstök tækifæri til þess að vera í fararbroddi í samkeppninni.



Skýrslan „Norden som Global vinnerregion“ er aðgengileg á vef Norrænu ráðherranefndarinnar á slóðinni: <http://www.norden.org/pub/velfaerd/naering/sk/ANP2005777.pdf>

NORRÆNN ÞANKABANKI SAFNAR ÞEKKINGU

Með það að markmiði að skipa Norðurlöndunum í fylkingarbrjóst fer fram vinna á vegum Norrænu ráðherranefndar-

innar við að safna upplýsingum um áskoranir sem blasa við atvinnulífi á Norðurlöndunum og semja sameiginlega stefnu um hvernig hægt verður að mæta þörfum framtíðarinnar um færni. Meðal verkefna ráðherranefndarinnar er Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL). Í þessu ársriti er heil grein með umfjöllun um NVL, hlutverk þess og önnur verkefni sem fulltrúi Íslands er í forsvari fyrir. Að frumkvæði Íslendinga hefur Norræna tengslanetið komið á laggirnar norrænum þankabanka til þess að skapa grundvöll að stefnumótun í fullorðinsfræðslu.


Í þankabankanum sitja fulltrúar frá hverju norrænu landanna sem starfa á ólíkum sviðum. Mikil þekking og fjölbreytt reynsla nýtist við umræður og rannsóknir á viðfangsefnum.

Kristín Ástgeirsdóttir stýrir þankabankanum. Hún er framkvæmdastjóri rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Kristín hefur mikla reynslu af rannsóknum á sviði kynjafræða, kvennahreyfinga, lýðræðis og stjórnmála. Hún á sæti í stjórnunum Þjóðleikhússins, Íbúðalánasjóðs, Kvinnasögusafns og nýrri Miðstöð munnlegrar sögu.


Arne Carlsen er framkvæmdastjóri alþjóðamála við Kennaraháskólann í Danmörku. Hann hefur margra ára reynslu af norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu. Hann hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra kennsluviðs við sama skóla, borið ábyrgð á þróun starfstengds meistaranáms og verið rektor Nordens folkeliga akademi, þróunarseturs Norrænu ráðherranefndarinnar um símenntun. Arne situr enn fremur í ritstjórn *Journal of Lifelong Learning* in Europe og er ritstjórnarfulltrúi við *International Journal of Lifelong Education*. Þá er hann einnig formaður ASEM Education and Research Hub for Lifelong Learning Studies sem er samstarf á milli 18 asískra og evrópskra háskóla.

Harry Bjerkeng er framkvæmdastjóri Landssamtaka handverksfyrirtækja í Noregi og hefur víðtæka reynslu af málefnum varðandi færniþróun, nemaþjálfun, sí- og endurmenntun í atvinnulífinu, fjármál menntunar og samninga við fulltrúa atvinnulífsins. Hann hefur frá því árið 1994 tekið þátt í og leitt stjórn Leonardó da Vinci-áætlunarinnar og stýrt fjölmörgum evrópskum færniverkefnum.

Sigrún Kristín Magnúsdóttir er fulltrúi Íslands í NVL og vinnur við ýmis málefni sem tengjast farnipróun við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á Íslandi. Hún hefur á annan áratug starfað við fræðslu fullorðinna, unnið við kennslu og stjórnun fyrir aðila vinnumarkaðarins, í framhaldsskólum og á háskólastiginu. Hún er tengilliður NVL í bankabankann.



Mikilvægur hluti af vinnu þankabankans fór fram á námsstefnu sem haldin var á Íslandi dagana 24. og 25. ágúst. Þar lögðu tæplega 50 einstaklingar hvaðanæva af Norðurlöndum saman krafta sína á skapandi hátt og miðluðu af reynslu sinni og hugmyndum. Námsstefnan hófst 24. ágúst með nokkrum fyrirlestrum til örvunar og hvatningar, síðan hélt starfið áfram með þremur umferðum af hópavinnu. Að því starfi loknu var haldið með erlendu gestina í skoðunarferð á Gullfoss, Geysi og Þingvelli.





Af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins bauð Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir gesti velkomna og setti námsstefnuna. Fyrirlesarar voru Jón Torfi Jónasson, Háskóla Íslands, Per Frankelius, hagfræðiþrófessor við háskólann í Örebro í Svíþjóð, Tiina Hanhike, verkefnastjóri í finnska vinnumálaráðuneytinu, þá Villy Hovard Pedersen, kennslustjóri við danska menntamálaráðuneytið, Bengt Johannisson, prófessor við háskólann í Växjö í Svíþjóð og að lokum talið Robert René Hansen fra LO í Noregi.

Fyrsta umferð hópunnar var þankahrið um þrjú meginatriði undir stjórn Hróbjarts Árnasonar, lektors við Kennaraháskóla Íslands:

1. Hvað mun einkenna samfélögin á Norðurlöndunum í framtíðinni?
2. Hvaða færni verður fólk að búa yfir til þess að dafna í þeim samfélögum?
3. Hvaða verkefni blasa við fullorðinsfræðslunni til þess að styðja fólk við að tileinka sér nauðsynlega færni?

Í þessari fyrstu umferð var þankahrið um örfá orð eða hugtök sem vörðuðu spurningarnar þrjár. Þau voru síðan flokkuð undir nokkrar fyrirsagnir. Þessi þankahrið reyndist afar áhrifarík og sýndi fram á alla þá visku og þekkingu, sem þátttakendur í hópnum fjórum bjuggu yfir, og mörg lykilorð spruttu fram sem skópu grunn að næstu umferð.



Íhugulir námsstefnugestir

Eftir flokkun lykilorða fengu þátttakendur að velja sér hópa í umræðunni og fjalla um þemun út frá spurningunni: Hvernig setjum við orð á færniþættina svo að hægt sé að nota þá til þess að hanna og skipuleggja fræðslu sem snérist um:

1. Persónulega færni
2. Félagslega færni og
3. „Glokal“-færni¹.

Árangurinn af þeirri umferð birtist í þremur nýjum fyrirsögnum: Umboð (**Empowerment**), kerfi, (**Systemer**) og samstarf milli mismunandi geira (**Samarbejde mellem forskellige aktører**). Þessi þrjú þemu voru rædd í þriðju umferðinni með eftirfarandi spurningar að leiðarljósi: Héðan frá að markmiðinu – hvar munum við standa árið 2015? Til hvaða ráða verðum við að grípa? Hver á að gera hvað? Hver ber ábyrgðina?

Hér á eftir fer stutt yfirlit sem byggist á samantekt þanka-bankans af samtals þrjátíu og einu skilaboði frá þátt-takendum á námsstefnunni.

Hvað mun einkenna samfélög og atvinnulíf framtíðarinnar á Norðurlöndunum?

Myndin einkennist af því að bæði samfélögin og atvinnu-lífið muni krefjast mikils hreyfanleika, hraðrar endurskipu-lagningar og háværra krafna til einstaklinga um að þeir þrói hæfileika til þess að taka virkan þátt bæði sem starfs-menn og samfélagsborgarar.

Hvert er samhengið á milli færni og virðisaukandi aðgerða?

Á námsstefnunni var staðfest á ýmsan hátt að mikil færni leggur grundvöll að því að skapa virðisauka bæði í við-skiptalífi og þjóðfélaginu. Það kom greinilega fram í starfi hópanna á hvaða hátt ólík færni á sinn þátt í að móta gildi af ýmsu tagi. Það snýst ekki aðeins um að efla eða auka hagröxt.

Hvaða færni þurfa einstaklingar og samtök að tileinka sér til þess að dafna og auka samkeppnishæfni í slíku samfélagi?

¹ Glokal er tiltölulega nýtt hugtak samsett úr Global og Lokal, tengir saman hnattræna þróun og svæðisbundna.



Greinilegastar voru þarfirnar um færni til þess að takast á sjálfstæðan hátt á við aðstæður og skilyrði hverju sinni. Til þess að þróa slíkt sjálfstæði verða einstaklingarnir að búa yfir góðri sjálfsþekkingu og öfluggu sjálfstrausti. Aðrir mikilvægir færniþættir, sem komu fram, voru að geta tekið frumkvæði bæði í einkalífi og atvinnulífi.

Hvaða kerfi þarf til þess að þróa þessa færni?

Skipulag fullorðinsfræðslu framtíðarinnar verður að byggjast á þverfaglegri hugsun og hreyfanleika. Einfaldar og sveigjanlegar aðferðir sem tryggja einstaklingunum tækifæri til þess að fara á milli mismunandi kerfa verður að þróa. Nýtt skipulag verður að leggja þá þekkingu sem er fyrir hendi til grundvallar – sjálfbær þekkingarfyrirtæki hafa ekki efni á að tapa neinni hæfni.

Á hvaða hátt leggur norræn menning grunn að áætlun til sigurs um hvernig á að gæta að hæfni og þróun hennar?

Á námsstefnunni kom fram sterkt og samdóma álit um að norræn sjálfsemd treysti greinilega undirstöður til þess að takast á við samkeppni. Brýnast er að Norðurlöndin setji fram sameiginlega stefnu og taki ákvörðun um að fylgja henni.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFNUM

Á vef NVL, www.nordvux.net, er hægt að nálgast skýrslu með niðurstöðum námsstefnunnar. Þangað er einnig hægt að sækja blaðið með myndum og lýsingum á framvindu hennar og starfi þankabankans.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur í þankabankanum hittist nokkrum sinnum enn til þess að vinna úr því sem kom fram á ráðstefnunni og til þess að víða að sér þekkingu og reynslu frá aðilum atvinnulífsins. Á dagskrá er einn fundur í Gautaborg í desember 2006, annar í Turku í mars og sá þriðji í Osló í maí árið 2007.

Á vordögum 2007 hefst vinna við að semja skýrslu sem leggja á fram fyrri part sumars. Þankabankinn hefur einnig skipulagt mismunandi viðburði í löndunum öllum til þess

að koma efni hennar á framfæri. Fyrstu fundirnir hafa þegar verið haldnir hjá stjórn samtaka danskra fullorðinsfræðsluadila. Enn fremur munu fulltrúar þankabankans kynna starfið á sameiginlegum stjórnnum fullorðinsfræðslusamtaka í Eystrasaltslöndunum og Norðurlanda sem fram fer í Tallin í janúar 2007. Einnig munu fulltrúar kynna starf þankabankans á sænskri ráðstefnu um fullorðinsfræðslu í þróun í Linköping. (Vuxenutbildning i utveckling 2007 20. —21. mars Linköpings Konsert & Kongress.) Að lokum mun þankabankinn standa að norrænni og evrópskri ráðstefnu til kynningar á starfi sínu árið 2008.

REYNSLA OG ÞEKking

Starf þankabankans byggist á að safna saman og vinna úr þekkingu og reynslu sem til er orðin. Þess vegna bjóðum við alla sem áhuga hafa á starfinu velkomna og fögnum hvers konar hugmyndum, hugsunum og tillögum sem til okkar berast.

FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF Á VINNUSTAÐ RÁÐGJAFAR Á FARALDSFÆTI

Á þessu ári hafa verið gerðir samningar við símenntunarmiðstöðvar um land allt um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar á vinnustað. Byggt er á tilraunaverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Mímir – símenntun unnu í samstarfi við Starfsafl – Starfsmennt samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins og Eflingu – stéttarfélag. Náms- og starfsráðgjafar munu fara á vinnustaði sinna svæða þar sem þeir kynna ráðgjöfina og veita einstaklingsviðtöl um nám og störf. Áhersla er lögð á að hvetja fólk til virkrar símenntunar. Ráðgjöfin er fjármögnuð til þriggja ára. Með þessari framkvæmd er Ísland komið í hóp fremstu þjóða hvað varðar þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði.

AÐDRAGANDI

Í skýrslu OECD, Career Guidance and Public Policy: Bridging the Gap, 2004, kemur fram að bæta þurfi sérstaklega aðgengi fullorðins fólks á vinnumarkaði að náms- og starfsráðgjöf. Í flestum Evrópulöndum eru fá tækifæri fyrir þennan hóp enda sækir hann sér síst ráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur frá upphafi leitað leiða við að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu sem er markhópur FA. Það er liður í því að hvetja fólk til náms og upplýsa það um námsmöguleika. Í tilraunaverkefninu Námsráðgjöf á vinnustað, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mímir – símenntun unnu í samstarfi við Starfsafl – Starfsmennt samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins og Eflingu – stéttarfélag (sjá umfjöllun í Gátt 2004), var lögð sérstök áhersla á að færa ráðgjöfina til fólksins í gegnum samstarf við ýmis fyrirtæki. Af þeim 441 einstaklingi, sem kynning á ráðgjöfinni náði til, komu 35% í viðtal á vinnustað. Þetta hlutfall gaf sterklega til kynna að áhugi og þörf markhópsins fyrir náms- og starfsráðgjöf var fyrir hendi og að finna þyrfti hentuga leið til að gera hana aðgengilega og varanlega fyrir þennan hóp.

Þann 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við endurnýjun kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í yfirlýsingunni er kveðið á um aukin framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála, m.a. með því að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Ákveðið var að koma á laggirnar einstaklingsmiðaðri náms- og starfsráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðvanna um land allt. Hlutverk FA í þessu verkefni er, samkvæmt samningi við Menntamálráðuneytið 2006, að próa

aðferðafræði og miðla sérfræðiþekkingu með handleiðslu og kennslu (sjá www.frae.is). Um er að ræða veigamikla samstarfsverkefni sem fjármagnað hefur verið til þriggja ára.



Fræðsluaðilar sem veita náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu

1. Mímir – símenntun, Reykjavík
2. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
3. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
4. Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
5. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða
6. Þekkingarsetur Þingeyinga
7. Þekkingarnet Austurlands
8. Fræðslunet Suðurlands
9. Víska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð
10. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



FRAMKVÆMD

Náms- og starfsráðgjafar símenntunarmiðstöðvanna fara í heimsóknir á vinnustaði þar sem þeir kynna þjónustuna og veita einstaklingsviðtöl. Vinnuferlið er eftirfarandi:

1. Ráðgjafi hefur samband við stjórnendur í fyrirtæki og kynnir þjónustuna
2. Samkomulag næst um framkvæmd ráðgjafarinnar í fyrirtækinu (t.d. um kynningu)
3. Kynning á þjónustunni fyrir starfsmenn
4. Starfsmönnum gefst tækifæri til að skrá sig í einstaklingsviðtöl
5. Viðtalstímar skipulagðir í samráði við yfirmenn
6. Viðtöl á vinnustað eða í húsa kynnum símenntunarmiðstöðva
7. Eftirfylgni og úrvinnsla

Náms- og starfsráðgjafar hafa verið ráðnir við flestar símenntunarmiðstöðvarnar á landbyggðinni og til Mímis – símenntunar. Lögð hefur verið áhersla á að fá menntaða náms- og starfsráðgjafa til starfa þar sem þeirra fagþekking nýtist vel. Á þessum vettvangi gefst ráðgjöfunum einnig tækifæri til að þróa með sér nýja færniþætti í nýju vinnuferli. Í því reynir m.a. á færni ráðgjafanna sem eins konar sölumanna. Hafa þarf samband við fyrirtækin og lýsa þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjöf á vinnustað felur í sér. Afar brýnt er að geta fært rök fyrir því hvernig þjónustan getur gagnast fyrirtækinu því að margir gætu talið að með ráðgjöfinni væri ætlunin að hvetja starfsmenn úr vinnu og aftur inn í formlega skólakerfið. Ætlunin er hins vegar fyrst og fremst að hvetja fólk til þess að vera virkt í eigin símenntun og færniuppbyggingu í starfi og einkalífi. Tilgangur ráðgjafarinnar felur því í sér ávinning fyrir bæði fyrirtæki og starfsmenn þess. Styrkur mannauðsins er styrkur fyrirtækisins. Ráðgjafarnir leggja sig fram við að kynna sér fræðsluþarfir og fræðslustefnu fyrirtækjanna sem þeir sækja heim til að geta upplýst starfsmenn um möguleika til starfsþróunar. Jafnframt geta þeir m.a. upplýst um ýmsar óformlegar námsleiðir sem sérstaklega eru

sniðnar að þörfum fólks á vinnumarkaði sem og sjóði og styrkjamöguleika.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKIN

Í náms- og starfsráðgjöf er lögð áhersla á hagsmuni einstaklingsins og ráðgjöf veitt út frá forsendum hans. Staðan er þó aðeins önnur þegar um er að ræða ráðgjöf fyrir starfsmenn fyrirtækis á vinnutíma. Þá er mikilvægt að vinnuveitandinn sé vel upplýstur um tilgang og innihald ráðgjafarinnar. Í Leonardó-verkefninu Guidance merger (Svensson, Tallvid og Williams, 2005. Guidance merger, summary report. Leonardo Da Vinci Programme 2002-2006. Vefsíða: <http://www.guidancemerger.org/>) er sjónum m.a. beint að ráðgjöf í atvinnulífinu og bent á mikilvægi þess að vekja áhuga og traust fyrirtækisins á ráðgjöfinni. Gagnlegt getur verið fyrir ráðgjafann að velta fyrir sér spurningunni: Í hverju felst árangursrík náms- og starfsráðgjöf



Sigrún Þórarinsdóttir og Sigríður Dís Gunnarsdóttir náms- og starfsráðgjafar hjá Mími-símenntun með kynningu á vinnustað

fyrir fyrirtækið? Taka þarf tillit til þess að staður og stund er eign fyrirtækisins. Það hefur sýnt ráðgjafanum traust til að nálgast starfsmenn sína með ákveðinn boðskap sem þarf að vera viðeigandi. Það myndi koma yfirmönnum í opna skjöldu ef ráðgjafi legði áherslu á að fræða alla starfsmenn um starfsleitaradferðir, svo að dæmi sé nefnt, nema ef uppsagnir væru fram undan. Ráðgjafinn þarf því að vera mjög meðvitaður um hagsmuni fyrirtækisins og geta átt gott og opið samstarf við fulltrúa þess. Við náms- og starfsráðgjöf á vinnustað þarf því að hafa hagsmuni

einstaklingsins sem og fyrirtækisins í huga. Finna þarf siðferðilegt jafnvægi til að þjónustan öðlist traust beggja aðila og nái að vaxa og dafna í umsjón náms- og starfsráðgjafa.

KYNNING Á GAGNSEMI NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR

Þegar samstarfi hefur verið komið á við fyrirtæki þarf ráðgjafinn að snúa sér að starfsmönnum og upplýsa þá um gagnsemi þjónustunnar/ráðgjafarinnar fyrir þá persónulega. Komið hefur í ljós að margt fólk á vinnumarkaði tengir ráðgjöf af þessu tagi aðallega við formlega skólaferfið og skilgreinir hana fyrst og fremst fyrir skólafólk (Námsráðgjöf á vinnustað, Gátt 2004). Áherslan er því einnig á að kynna almennt þá þjónustu sem náms- og starfsráðgjöf felur í sér.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gefið út kynningarefni fyrir náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Um er að ræða bækling og veggspjald sem ráðgjafar símenntunarmiðstöðvanna geta dreift á vinnustöðum. Í kynningarefninu er lögð áhersla á að lýsa því hvað náms- og starfsráðgjöf felur í sér sem og framkvæmd verkefnisins. Einnig er þar að finna upplýsingar um hverjir veita þjónustuna.



ÁHERSLUR Í RÁÐGJÖFINNI

Undanfarna áratugi hafa miklar breytingar orðið á vinnumarkaði sem haft hafa áhrif á starfsferil einstaklingsins. Það er ekki lengur hægt að tala um að beina brautin svo-kallaða, skólaganga, vinna og eftirlaun í þessari röð, sé það ferli sem flestir fylgi. Nú er allt breytingum háð og fólk á vinnumarkaði þarf að vera í stakk búið til að bregðast við auknum og breyttum færnikröfum í þeim störfum sem það gegnir um ævina

Náms- og starfsráðgjafar, sem sinna fullorðnu fólki á vinnumarkaði, mæta afar misleitum hópi einstaklinga sem staddir eru á mismunandi stöðum í lífinu. Sumir í hópnum hafa þegar tekið ákvörðun um nám og starf, búa yfir mikilli sjálfsþekkingu og hafa þörf fyrir upplýsingar eða leiðbeiningar við að ná markmiði sínu. Aðrir hafa farið á vinnumarkaðinn án mikillar umhugsunar eða leiðsagnar, eiga erfitt með að taka ákvarðanir og hafa litla þekkingu á eigin færni og áhugasviði. Sumir hafa verið virkir í eigin símenntun og þurfa aðeins ábendingu um viðeigandi möguleika en aðrir vilja fá aðstoð við að greina betur stöðu sína. (Kerka, 1995. Adult Career Counseling in a New Age. ERIC Digest No. 167. Vefsíða: <http://www.ericdigests.org/1996-3/age.htm>.)

Reynsluheimar tveggja einstaklinga eru aldrei eins en við eigum það sameiginlegt að öll búum við yfir styrkleikum sem mikilvægt er að fá hvatningu til að þróa. Hagsmunir einstaklingsins felast í því að ráðgjafinn leiðbeini honum út frá þeim punkti sem hann er staddur og byggir ráðgjöfina á því markmiði að draga fram styrkleika og finna leiðir til áframhaldandi færniuppbyggingar. Áherslur í ráðgjöfinni eru því upplýsingamiðlun, fræðsla og leiðsögn sem miðar að því að leiðbeina einstaklingnum við að auka sjálfsþekkingu sína, þekkingu á námsmöguleikum og færni í að velja sér hentugar leiðir í símenntun.

Í ýmsum OECD-skýrslum hefur náms- og starfsráðgjöf verið dregin fram sem lykilþáttur í því ferli að virkja fólk í símenntun. Í skýrslu OECD, Career Guidance and Public Policy: Bridging the Gap, 2004, er stefnumótendum m.a. bent á mikilvægi þess að þróa kerfi þar sem fólk fær



þjálfun í að stýra eigin starfsþróun (career management). Lögð er áhersla á fjölbreyttar leiðir við slíka þjálfun allt eftir þörfum ráðþegans sem og náð samstarf við náms- og starfráðgjafa um þróun málaflokksins. Hér má sjá skilgreiningu OECD, Evrópuráðsins og Alþjóðabankans á náms- og starfsráðgjöf (career guidance):

Náms- og starfsráðgjöf felur í sér þjónustu og aðgerðir sem hafa það að markmiði að aðstoða einstaklinga, óháð aldri og stöðu í lífsleiðinni, að velja sér menntun, þjálfun og að skipuleggja starfsferil sinn. Slík ráðgjöf er veitt í grunnskólum, háskólum, framhaldskólum, í starfsþjálfun, í opinberri þjónustu, í atvinnulífi, á vinnustað, í félagsstarfi og í einkarekstri. Starfsemi sem tengist slíkri ráðgjöf býðst einstaklingum sem og hópum, jafnt beint á milli aðila (face-to-face) sem og fjarþjónusta (t.d. hjálplínur og þjónusta um vefkerfi). Þessi þjónusta veitir upplýsingar um atvinnumál (í t.d. prentuðu eða rafrænu formi), um aðferðir til að meta færni og þekkingu (þ.m.t. sjálfsmat), ráðgjafarviðtöl, námskeið um atvinnumál (til að aðstoða einstaklinga við að efla sjálfsþekkingu, læra að þekkja tækifæri og bæta færni sína í að stýra eigin færnipætti). Auk þess getur þjónustan falið í sér námskeið sem gera starfsfólki kleift að prófa ný störf áður en ákvörðun um breytingu er tekin sem og námskeið sem kenna leit að nýju starfi og aðstoð er veitt fyrir þá sem eru að skipta um vettvang.

Career Guidance: A Handbook for Policy Makers, 2004

Kanadíska ríkisstjórnin (GOC) og Blueprint for life/work design hafa þróað færniviðmið sem ganga undir nafninu Blueprint (<http://206.191.51.163/blueprint/home.cfm>). Blueprint er eins konar framkvæmdaráætlun um hvernig einstaklingur getur frá æsku og fram á fullorðinsár þróað færni sína í því að vera virkur í eigin færnipætti. Í framkvæmdaráætluninni eru færnistig ferlisins sett fram í aðgerðabundnum lýsingum. Lýsingarnar segja til um hvað einstaklingurinn á að vera fær um á hverju stigi. Markmiðið er ábyrgð og sjálfstæði. Einn færnipáttanna, sem lýst er, fjallar um að öðlast skilning á og stýra virkt eigin lífs- og starfsuppbyggingu. Til að ná tökum á þessum færnipætti er því m.a. lýst að einstaklingurinn þurfi að læra að afla sér upplýsinga úr ólíkum áttum og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að þróa sveigjanleg skammtíma- og lang-

tímamarkmið í því skyni að þróa færni í starfi og einkalífi. Færniviðmið sem þessi geta nýst vel sem leiðarljós náms- og starfsráðgjafar á vinnustað.

Annað dæmi um sambærileg færniviðmið eru þau sem HRSG Customer centred HR solutions (<http://www.hrsg.ca/>) í Kanada hefur þróað. Tafla 1 lýsir færnipætti um símenntun (continuous learning). Hann fjallar um það hvernig þróa má færni í virkri færnipætti/símenntun skref fyrir skref.

Í þessum færnipætti getur einstaklingurinn séð hvar hann er staddur í því ferli að verða virkur og ábyrgur fyrir eigin símenntun og færnipætti. Ráðgjafinn leiðbeinir um leiðir við að ná hverju færniviðmiði fyrir sig. Ekki er síður mikilvægt að hann fylgist með eigin þróun á þessu sviði.

FRÆÐSLUDAGUR RÁÐGJAFNA

Þann 18. ágúst sl. hélt FA, í samstarfi við Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, fyrsta fræðsludag fyrir náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna og Mímis –

símenntunar. Þar var lögð áhersla á að kynna þann vinnuramma sem gildir fyrir framkvæmd ráðgjafarinnar og



Þátttakendur á fyrsta fræðsludegi

þessi ný vettvangur skoðaður í gegnum framlag ýmissa hagsmunaaðila.



Tafla 1

SÍMENNTUN

Að greina og takast á við þarfir fyrir menntun og þróun til þess að bæta frammistöðu.

Framfarir í þrepum: Frumkvæði eykst. Starfsmaður leitast í vaxandi mæli við að læra það sem hann getur

1. þrep <i>Lærir þegar tækifæri gefst</i>	2. þrep <i>Leitast eftir tækifærum til að læra</i>	3. þrep <i>Gerir sína eigin frammistöðuáætlun</i>	4. þrep <i>Eykur færni í núverandi starfi</i>	5. þrep <i>Miðar nám við framtiðarþarfir</i>
• Ber eigin færni og þekkingu saman við þær kröfur sem gerðar eru fyrir núverandi stöðu og þannig greinir námsþarfir sínar. • Nýtir námsmöguleika (t.d. námskeið, mat yfirmanns eða samverkamanna á frammistöðu) til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans. • Yfirfer árangur af því sem hann hefur þegar unnið, hvað gekk vel eða illa, hvernig væri hægt að bæta frammistöðuna.	• Biður um mat á frammistöðu, til þess að skýra betur námsþarfir • Fylgir málum eftir til þess að viðhalda færni og þekkingu. • Sækist eftir þjálfun í verkferlum sem eru í örri þróun. • Tileinkar sér í sífelli nýja þekkingu sem hann jafnframt beitir til þess að bæta frammistöðu	• Safnar upplýsingum úr ýmsum áttum sem hann notar til að greina eigin styrkleika og veikleika í núverandi stöðu. • Greinir og skipuleggur þætti sem hann þarf að læra til þess að bæta sig í núverandi stöðu. • Fylgist með hvort hann nær áætluðum árangri í námi og breytir áætlun eftir þörfum.	• Fylgist með nýjungum í eigin starfi og greinir nýjar þarfir. • Sækist eftir áskorunum umfram það sem er á verksviði hans til þess að auka virði þess sem hann er að starfa við. • Með skipulögðum hætti sækir hann þekkingu í ferlum sem við fyrstu sýn tengjast ekki starf hans, en mynda samt sambönd og þekkingu sem nýtast vel í núverandi starfi þegar fram í sækir.	• Er ávallt vakandi fyrir nýjungum sem snerta vinnuumhverfið sem heild. • Tekur að sér þróunarvinnu sem mætir framtíðarþörfum í skipulagningu á breiðari grundvelli en á hans eigin sviði.

ÍSLAND Í BRODDI FYLKINGAR

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað er nýjung sem felur í sér að náms- og starfsráðgjafar standa upp frá skrifborðunum og fara í fyrirtækin með þjónustu sem allir þurfa að hafa aðgang að en hafa ekki getað sótt sér hingað til, m.a. vegna staðsetningar hennar, hvenær hún fer fram og skorts á upplýsingum um gagnsemi hennar. Um er að ræða marksækna nálgun með áherslu á upplýsingamiðlun og hvatningu til virkrar símenntunar. Íslenskir stefnumótendur hafa hér lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar svo að þekkingarstig þjóðarinnar geti eflst í takt við aðrar Evrópuþjóðir.

UM HÖFUNDINN

Fjóra María Lárusdóttir hefur starfað sem náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins frá árinu 2003 en vann m.a. áður hjá MFA og Mími-símenntun. Hún er með M.Sc. próf í náms- og starfsráðgjöf frá California State University á Long Beach og B.Ed próf frá Kennaraháskóla Íslands. Helstu verkefni hennar tengjast náms- og starfs-

ráðgjöf í atvinnulífinu, mati á raunfærni, þarfagreiningum og yfirfærslu þekkingar á vinnustað. Fjóra María er einnig verkefnisstjóri Leonardó tilraunaverkefnisins The Value of Work, ásamt Bjarna Ingvarssyni.

ABSTRACT

This year contracts have been signed with centres of lifelong learning all over the country, regarding the implementation of career counseling at the workplace. This is based on a pilot project launched by the Education and Training Service Centre (FA) and Mímir – Lifelong Learning, in cooperation with Starfsafl – Vocational Training Program and Educational Fund and Efling –trade union. Career counselors will visit workplaces in their district and provide individual counseling interviews on training and employment. Emphasis is placed on encouraging people to actively participate in lifelong learning. The counseling services are funded for three years. This action has made Iceland a leader at the international level regarding career counseling services in the employment market.

BJARNI INGVARSSON

GILDI STARFA

FRAMVINDA OG HORFUR Í LEONARDÓ-VERKEFNI MEÐ ÞÁTTTÖKU
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Á öðrum stað í þessu riti hefur verið greint frá tilurð Leonardó-verkefnisins Gildi starfa (Value of Work) undir stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). Meginmarkmið verkefnisins er að þróa viðmið fyrir mat á færni starfsmanna í bönkum en mikilvægt er að reynslan, sem af því fæst, verði færð yfir á önnur störf. Miklu skiptir að skilgreina hlutverk ráðgjafa í matsferlinu ásamt því að leggja áherslu á aðkomu fyrirtækja og stéttarfélaga.

ÞRÓUN VERKEFNISINS

Fyrsti fundur um verkefnið var haldinn í Reykjavík í október 2005. Í inngangserindi kynnti Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, m.a. aðdraganda verkefnisins en auk hennar flutti Sigurður Albert Ármannsson, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SÍB), erindi. Á þessum fyrsta fundi voru afgreidd ýmis hagnýt mál, m.a. skrifað undir samninga við hvern og einn þátttakanda í verkefni. Einnig þurfti að fá sameiginlega sýn á fjárhagslegu hliðina sem fylgir stórum verkefnum sem þessu og var fenginn fulltrúi frá Leonardó-skrifstofunni hér á landi til að fjalla um þau mál. Á fundinum kom í ljós að um samhentan hóp var að ræða sem strax fór að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í umsókn.

FUNDUR Í ENGLANDI

Næsti fundur var haldinn í Leicester á Englandi í byrjun mars 2006. Fundarstjórnun var í höndum The National Institute of Adult Continuing Education (NIACE) og var fundurinn haldinn í höfuðstöðvum þeirra. Peter Lavender, framkvæmdastjóri rannsókna, þróunar og upplýsinga hjá NIACE, kynnti stofnunina, tilurð hennar og tilgang. Hann sagði m.a. að fræðslumál væru ein af stærstu viðfangsefnum vorra tíma. Lagði hann áherslu á að námi þyrfti að halda við og ræddi sérstaklega hvað það er sem hvetur fullorðna til náms auk þess að fjalla um félagslegan og fjárhagslegan ávinning þess að læra. Að lokum fór hann nokkrum orðum um þjálfun á vinnustöðum. Nokkur umræða varð um erindi Peters enda áhugamál allra þátttakenda.

Þar sem flestir þeir sem að verkefninu koma sinna auk þess mörgum öðrum verkefnum í störfum sínum er nauðsynlegt að fara yfir stöðu verkefnisins í byrjun hvers fundar. Mikilvægar ákvarðanir varðandi verkefnið ganga fyrir og svo virðist að áframhald sé á góðum gangi í hópnum, a.m.k. gekk vel að fjalla um viðfangsefnin á málefnalegan hátt. Einnig skiptir máli að fara yfir dagskrá fundarins í upphafi þannig að allir stigi sama dans. Þannig fæst sú yfirsýn sem skiptir máli svo að verkefnið nái að þróast áfram. Á fundinum í Leicester var lögð áhersla á fjármálin, höfundarétt (Intellectual Property Rights, IPR) og síðan var rætt hvernig við metum störfin, þjálfum matsaðila, forpröfun innan bankanna og loks yfirfærslu á aðrar starfsgreinar. Einnig var rætt um kynningarmál, bæklinga, vefsíðu og mögulegar greinar í tímarit eða blöð.

Staðlar

Hlutverk NIACE í verkefninu er að finna og þróa staðla fyrir verkefnið. Þeir ensku staðlar, sem eru til, eru mjög flóknir en hægt er að finna aðra staðla á Netinu, á innra vef verkefnisins. Á fundinum lagði NIACE fram, auk eigin gagna, evrópskan staðal, European Foundation Certificate in Banking, sem byggður er á Standard Examination Model (SEM), en SEM var þróað sem samevrópskt verkefni. Auk þess lágu fyrir íslenskir staðlar og staðlar frá Svíum. Svo virðist sem staðlarnir myndi ákveðna línu með flókna staðla sem fjalla um fáar stöður innan bankageirans á öðrum endanum en á hinum endanum eru almennt skilgreindir staðlar og markmið. Samþykkt var á fundinum að fara almennu leiðina.



YFIRFÆRSLA Á ÖNNUR STÖRF

Niðurstaðan er að Kypur einbeiti sér að bankageiranum eins og Danmörk og Ísland en Slóvenía og Svíþjóð verði með verkefni í öðrum starfsgreinum. Slóvenía leggur áherslu á þá sem sinna umönnun í heimahúsum en í Svíþjóð verður litið til skrifstofumanna í stjórnsýslu og viðskiptum. Þá varð nokkur umræða um skilgreiningu á markhópnum okkar. Ætíð þarf að árétta markhóp verkefnisins en hann er starfsmenn sem hafa aukið færni sína með óformlegu og formlausu námi og hafa ekki lokið framhaldsskóla. Einnig kom fram að þátttakendur verða að vera mjög virkir í því að koma upplýsingum um niðurstöður verkefnisins á framfæri.

Gæði verkefnisins

Mikilvægt er að gæði fundanna séu eins mikil og kostur er. Kypverjar halda utan um innra mat fundanna en hins vegar þarf utanaðkomandi aðila til að meta verkefnið í heild sinni. Ákveðið hefur verið að Alfonso Alvarez frá Spáni taki að sér ytri endurskoðun verkefnisins en hann hefur áður tekið að sér verkefni á Íslandi og hefur mikla reynslu af Evrópuverkefnum.

Kynningarmál

Kynningarmál eru afar mikilvægur hluti Evrópuverkefna þar sem útbreiðsla þekkingar og reynsla af tilraunaverkefnum er í hávegum höfð. Kynning VOW-verkefnisins hefur verið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er búið að opna vefsíðu þar sem allir sem vilja geta skoðað stöðuna á verkefninu og helstu fréttir. Slóvenía ber ábyrgð á kynningarmálum og hefur veg og vanda af öllu útliti. Á vefsíðunni er hægt að nálgast allar fundargerðir, áætlanir um framkvæmd ásamt því að þar eru glærुकynningar frá fundum svo og myndir. Í öðru lagi nota þátttakendur umræðutorg á vefnum þar sem þeir senda ýmis skilaboð og henda á milli sín hugmyndum og verkefnum. Auk þessa fer á vefinn allt annað efni sem tilheyrir verkefninu. Þá eru þátttakendur í reglulegum tölvupóstsamskiptum. Þannig er hægt að skiptast

á skoðunum, skipuleggja fundi og annað sem þarf að gera milli þess sem hópurinn hittist. Í þriðja lagi er gefinn út kynningarbæklingur sem er sameiginlegur öllum þátttökulöndum. Hvert land ber ábyrgð á því að þýða bæklinginn og prenta í sínu heimalandi. Í fjórða lagi verður haldin ráðstefna í Reykjavík haustið 2007 þar sem lokaniðurstöður verkefnisins verða kynntar.

FUNDUR Í MÁLMHEY

Þriðji fundurinn var haldinn í Málmey í Svíþjóð dagana 16. og 17. júní 2006.

Ráðgert er að haustið 2006 verði lagðar forkannanir fyrir markhópin. Til að vel takist til er mikilvægt að undirbúa þær vel og því áriðandi að vinnuhópum verði komið af stað sem fyrst. Mikil vinna fer í að útbúa staðla fyrir kannanirnar. Mikilvægt er að búið verði að þróa þá sem fyrst þar sem tíma þarf til að þýða staðlana yfir á tungumál hvers lands. Svíarnir sjá um þróun tækja og tóla auk þess að hafa umsjón með þjálfun á því sviði. Á fundinum í Málmey sýndu Svíarnir hvað þeir hugsa sér varðandi tæki og tól.

Handbókin verður á ensku og gefin út á vefnum. Hún er því aðgengileg fyrir alla aðila.

European Qualification Framework (EQF)

Rætt var sérstaklega um að tengja alla staðla við EQF eða European Qualification Framework (EQF). Sú sýn, sem þar er sett fram, er að mörgu leyti byltingarkennd og er mögulegt að nýta hana í tengslum við þá vinnu sem við erum að vinna í VOW. Þess má geta hér að nánar er fjallað um EQF í sérstakri grein í þessari útgáfu Gáttar.

Í allri umræðu um staðla verður að vera sameiginlegur skilningur á hvað færni er og hvernig hægt er að tengja hana við EQF. Hægt er að horfa á færni út frá EQF en þar er færnin byggð á þremur flokkum: þekkingu, hæfileikum og sjálfstæði og ábyrgð með áherslu á „hvað þú gerir“ í staðinn fyrir „hvað þú veist“. Bent var á að hér væri



um nýja hugsun að ræða varðandi hvernig við horfum á menntun, kennslu og mat á færni. Þannig losnum við undan hefðbundinni hugsun annarra staðla og horfum á EQF í staðinn. Lögð er áhersla á persónulega færni ásamt faglegri færni þar sem persónuleg færni er mikilvæg meðal annars með tilliti til hæfileikans að læra. Brýnt er að færni, sem er aflað og notuð í vinnu, verði vel skilgreind. Í umræðum á fundinum var ætíð lögð áhersla á að hafa í huga að um er að ræða forkönnun og því verði að halda færni-viðmiðunum innan þess ramma. Ein af niðurstöðunum er því að byrja með „mýkri“ færni og enda á flóknari færni-viðmiðunum. Því þarf að aðgerðabinda færni-viðmiðin. Skilgreiningar færni-viðmiða ættu því að vera gagnsæjar. Sjálfsmat er einn af mikilvægustu þáttum forkönnunarinnar. Það varð hlutverk Dananna að gera tillögur um hvernig þessar breytingar gætu litið út og hafa í huga upplýsingar frá hverju og einu þátttökulandanna og með SEM og EQF sem viðmið. Næstu skref verkefnisins verða með áherslu á þróun færni-viðmiða.

Halda þarf ákveðna tímaáætlun til að verkefnið sé innan þess tímaramma sem því var sett í byrjun. Auk þess er lögð áhersla á eitt af meginmarkmiðum verkefnisins sem er yfirfærsla yfir á aðrar starfsstéttir en í bönkum.

Höfundaréttur

Á hverjum fundi eru skoðaðir sértækir þættir og er einn þeirra höfundaréttur, á ensku Intellectual Property Rights (IPR). Hver þátttakandi í verkefninu ætti að hafa í huga að allt það efni sem er hluti af verkefninu er eign almennings ef svo má að orði komast. Ýmsir þættir sem eru þróaðir í framhaldi eða til hliðar við verkefnið geta verið eign þess fyrirtækis sem verkið er unnið hjá og er þá háð þeim skyldum sem því fyrirtæki fylgir. Hver þátttakandi getur því skrifað undir samning við verkefnastjórnina um höfundarétt.

Ytri endurskoðun

Á fundinum í Málmei fjallaði nýi ytri endurskoðandinn, Alfonso Alvarez, almennt um hlutverk sitt í Evrópuverk-

efnum og sérstaklega um hlutverk sitt í okkar verkefni. Alvarez verður með heimasíðu sem sýnir þróun verkefnisins og hvernig hann sér það með tilliti til ákveðinna þátta sem hann notar sem viðmið í sínu mati.



Á góðri stundu

FUNDUR Í KAUPMANNAHÖFN

Fjórði fundur verkefnisins var haldinn í Kaupmannahöfn í lok september síðastliðins. Sá fundur var nokkuð frábregður inn öðrum fundum verkefnisins vegna þátttöku fulltrúa úr faglegum vinnuhópum PTG. Á fundinum fór fram þjálfun okkar sem að forkönnuninni koma. Um þjálfunina sáu þau Ingela Bergman og Ronny Nilson hjá Malmö Validation Center og fylgdi handbók verkefninu. Í öðru lagi var mikið fjallað um aðferðafræðina og hvernig við nálguðumst þátttakendur innan fyrirtækjanna. Í þriðja lagi var talsvert fjallað um hlutverk hvers og eins sem taka þátt í verkefninu. Í fjórða lagi kynnti Anne Hansen frá Bretlandi væntanlegt innihald handbókar sem gefin verður út á tungumáli hvers lands. Lögð er áhersla á að handbókin sé lifandi, þ.e. sé á vefnum og henni sé hægt að breyta og bæta hana eftir því sem verkefnið þróast áfram. Í fimmta lagi var farið yfir allar tímasetningar verkefnisins og rannsóknin skipulögð. Í sjötta lagi fór fram ítarleg umræða um skráningu



og varðveislu gagna. Í lokin fóru fram hefðbundin fundarstörf og skipulag fyrir næstu mánuði rætt. Næstu fundir eru á Kýpur og í Slóveníu. Athyglisvert var að fá nýja sýn frá þeim sem komu frá PTG-hópunum.

STAÐAN NÚNA

Verkefnið er vel á veg komið og dagsetningar, sem settar voru í byrjun, hafa verið mjög raunsæjar. Vefurinn hefur breyst og þróast og umræðutorgið, þar sem við spjöllum og sendum efni á, hefur virkað mjög vel. Samstarfsaðilum hefur gengið vel við að fylgja þeim markmiðum sem sett voru í upphafi verkefnisins. Verkefnið er mjög athyglisvert og spennandi og það skilar sér ágætlega til allra sem að því koma.

UM HÖFUNDINN

Bjarni Ingvarsson er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hann er löggiltur sálfræðingur og stundaði nám í vinnusálfræði við háskólann í Lancaster í Englandi. Bjarni hefur fjölbreytta reynslu í starfsmannamálum og stjórnun. Hann hefur einnig sinnt fræðslu og menntun fullorðinna og útbúið námsefni því tengt.

ABSTRACT

In another section in this report the background to the EC Leonardo project, Value of Work has been recounted. The Education and Training Service Centre (FA) coordinated the project. The main objective of the project was to develop benchmarking for skills of staff working in banks. It is important that the experience gained in this project should be transferred to other sectors. Key issues are the definition of the role of the advisor in the evaluation process and emphasis on the importance of involving companies and unions.

GUÐRÚN VALA ELÍSDÓTTIR.

UM LANDNEMASKÓLANN



Guðrún Vala Elísdóttir

Landnemaskólinn er 120 stunda nám fyrir innflytjendur þar sem numin er íslenska, samfélagsfræði, færmappi, sjálfsstyrking og tölvunotkun; alls 120 kennslustundir. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nýtsama þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Það er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki á íslensku að móðurmáli. Námið fer að miklu leyti fram með umræðum og verkefnavinnu þar sem námsmenn afla sér upplýsinga, svo sem á Netinu,

í fjölmiðlum og hjá stofnunum. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta námið til allt að 10 eininga til styttingar náms í framhaldsskóla.

Landnemaskólinn var haldinn í fyrsta sinn á Vesturlandi á vorönn 2006. Námið fór fram í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði frá febrúar og fram í maí. Ellefu konur stunduðu nám við Landnemaskólann: ein frá Zansibar, ein frá Lettlandi, tvær frá Rússlandi og sjö frá Póllandi. Verkefnið var styrkt af Landsmennt og sveitarfélögum þátttakenda: Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ, vinnuveitendum þátttakenda: Fisk – Seafood, Guðmundi Runólfssyni hf., Grunnskóla Stykkishólms og Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Kennt var á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 18:00 til 22:00 með matar- og kaffihléum. Ein kennslugrein var kennd hvert kvöld og því var áhersla lögð á að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.



Landnemaskólinn, kennslustund



Landnemaskólinn

Ég var svo heppin að kenna íslensku í skólanum og er það með skemmtilegustu verkefnum sem ég hef tekið að mér um dagana. Þó að nemendur væru með ólíkan bakgrunn og reynslu og hefðu vissulega mismunandi kunnáttu í íslensku myndaðist einstök samheldni og vinnusemi í hópnum. Konurnar voru ákaflega jákvæðar og duglegar og töldu ekki eftir sér að mæta í skólann eftir langan vinnudag. Þær voru til í að prófa mismunandi aðferðir og nálganir í íslenskunáminu, s.s. taka þátt í leikjum, hópvinnu, halda ræður og kynningar innan hópsins. Konurnar lásu draugasögu, íslenska þjóðsögu, unnu úr fréttatengdu efni, lærðu að skilja veðurspá og upplýsingar um færð, horfðu á íslenska kvikmynd og unnu verkefni við hana, þær kynntu heimaslóðir sínar hver fyrir annarri auk þess að skipuleggja ferð um Ísland og studdust þá við upplýsingar úr ferðaþjónustunni. Mér fannst sjálfri einstaklega gaman að kenna þeim enda vantaði hvorki áhugann eða viljann í þessa nemendur. Í ljós kom að í hópnum voru tveir líffræðingar, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, kokkur, hárgreiðslumeistari, tónlistarkennari og aðrar höfðu lokið starfstengdu styttra námi. Því miður á mannauðurinn, sem í býr í erlendu vinnuafl, ekki greiða leið inn í íslenskt samfélag en ég tel að Landnemaskólinn sé mikilvæg brú til þess að auðvelda þá leið.

Magda Kulinska var ein af nemendum Landnemaskólans. Hún býr í Stykkishólmi en er frá Kraká í Póllandi. Magda hefur búið hérlandis í 11 ár en hafði aldrei áður farið á íslenskunámskeið. Hún segir að aðaltilgangurinn með því að fara í skólann hafi verið til þess að læra íslensku og þá aðallega málfræði. Hún segir enn fremur að hún myndi fara aftur í Landnemaskóla ef hún ætti þess kost og mælir



hiklaust með honum við aðra. Þó fannst Mögdu að auka mætti við íslenskutímana á kostnað samfélagsfræðinnar en fannst námið gott og skemmtilegt og vel til þess fallið að efla erlenda íbúa og gera þá hæfari til að búa á Íslandi. Aðrar umsagnir nemenda voru á þá leið að í hópnum hefði verið góður andi, námsefni vel sett fram og kennsla fagleg en sumum fannst að kenna hefði átt meiri málfræði.

Í lok Landnemaskólans fór fram útskrift við hátíðlega athöfn en daginn eftir fórum við Birna Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri skólans, ásamt nemendahópnum í menningarferð til Reykjavíkur. Við heimsóttum Alþingishúsið, Listasafn Reykjavíkur og Alþjóðahúsið, skoðuðum miðbæinn auk þess að fara á kaffihús og líta í minjagripa-

verslanir. Ferðin var ánægjulegur endir á skólanum. Þegar þessi orð eru skrifuð höfum við sett Landnemaskólann af stað í Ólafsvík og stefnum á að halda hann í þriðja sinn á Vesturlandi á vorönn 2007.

UM HÖFUNDINN

Guðrún Vala Elisdóttir starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Hún er menntaður mannfræðingur, kennari, hefur lokið diplómagráðum í stjórnun og sérkennslu og stundar núna nám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ.

BIRNA GUNNLAUGSDÓTTIR

MÉR GENGUR BEST AÐ SKILJA ÞEGAR ÉG TENGI VIÐ ÞAÐ SEM ÉG ÞEKKI NÁMSKONUR Á FÉLAGSLIÐABRÚ RÆÐA UM NÁMIÐ

Þær Dora, Karla og Zenaida vöktu strax athygli við upphaf náms hjá Mími – símenntun fyrir áhuga og dugnað. Þær eru innflytjendur á Íslandi og eru því að læra á erlendu tungumáli. Konurnar starfa við aðhlynningu aldraðra. Þær ólust allar upp í litlum borgum í heimalöndum sínum, Zenaida á Filippseyjum, Dora í Tailandi og Karla í Hondúras.

Undirritaðri lék forvitni á að vita hvað varð til þess að þær hófu nám á félagsliðabru. Nám á félagsliðabru er einingánám á framhaldsskólastigi og er starfsreynsla metin sem hluti af náminu. Ekki síður er áhugavert að fá að heyra hvernig þær bera sig að við námið. Að loknu námskvöldi setjumst við í hornsófann í fræðslumiðstöðinni í Skeifunni 8 og kveikjum á kertum. „Einmitt svona slaka ég á heima,“ verður Zenaidu að orði.

Hvatinn að því að setjast á skólabeck segir Zenaida fyrst og fremst vera að auka persónulega hæfni sína og sjálfstraust en einnig að eiga betri möguleika á vinnumarkaði. Hinar taka undir þetta. Þær sáu líka, þegar námið var hafið, hversu gott íslenskunám það er og síðast en ekki síst finnst þeim

það nýtast sér vel í starfi. Heilbrigðisfræðin varpar nýju ljósi á aðhlynningu aldraðra. Það gera samskiptin líka sem tekin eru fyrir í faginu félagsleg virkni. „Menningarmunur, sem fjallað er um í félagsfræðinni, er ekki síður athyglisvert umræðuefni,“ bætir Dora við.

Það er mislangt síðan konurnar voru í skóla síðast, eða sjö til þrjátíu og fimm ár. Síðan þá hafa þær þó sótt námskeið á vegum Eflingar – stéttarfélags og Mímis. „Það er frábært að komast í nám sem ýmist stéttafélagið eða ríkið greiðir fyrir,“ segir Karla, „Það er svo miklu auðveldara að komast í nám á Íslandi en víða annars staðar. Það virðist líka vera



Birna Gunnlaugsdóttir



Karla E.B. Ocon, Dora Noodaeng Sawatdee og Zenaida Asayas Edenfjord stunda nám á félagslíðabré hjá Mimi, símenntun

keppikefli hér að sem flestir ljúki einhverju námi og að börn og unglingar detti ekki út úr skóla."

ÁSTIR OG ÆVINTÝRAPRÁ

Námskonurnar þrjár enduðu á Íslandi frekar fyrir tilviljun en af ásetningi. Eftir sjö til fimmtán ára búsetu hér eru þær þó komnar til að setjast að. Zenaida segir að ævintýraþráin hafi hvatt sig til ferðalaga og endastöðin hafi orðið Ísland. Eftir framhaldsskólanám aðstoðaði hún foreldra sína við að kosta aðra fjölskyldumeðlimi til náms en systkinin eru tólf talsins. Hún flutti til Manila, þaðan til Hong Kong, þar sem hún lærði meðal annars á tölvur, þá til Noregs og loks til Íslands.

Dora hefur búið á Íslandi í fimmtán ár og þar af verið einstæð móðir í sjö ár. Hún hefur staðið á eigin fótum, eignast íbúð og komið sér vel fyrir í lífinu. Karla kom fyrst til Íslands sem skiptinemi í eitt ár. Í kjölfarið gafst ungur Íslendingur ekki upp á því lokka hana aftur til sín á ísa-köldu eyjuna og er eiginmaður hennar í dag.

BRÓK OG LEISTAR = GÖMUL ÍSLENSKA

Dora og Zenaida byrjuðu báðar að læra íslensku með því að skrifa niður ný orð sem þær heyrðu og flettu síðan upp á þeim þegar heim var komið. Þær hlæja að því að vegna starfs þeirra við umönnun aldraðra hafi orðalistinn verið

tvískiptur: Gömul íslenska og ný íslenska. Brók og leistar voru t.d. í öðrum dálkinum en nærbuxur og sokkar í hinum.

Móðurmál Doru, taílenska er afar frábrugðin íslensku, bæði hvað varðar stafróf og framburð. Hún segist því mest styðjast við talað mál í náminu en vera seinlæs á íslensku og eiga erfitt með að skrifa hana. Hún tekur því kennslustundirnar upp á segulband með leyfi kennaranna. Upptökurarnar ætla hún sérstaklega að nota til undirbúnings fyrir próf. Auk þess notar hún vasatölvu sem getur þýtt hugtök af sex tungumálum en þó ekki íslensku. Hennar leið til að nota tölvuna er því að snara orðum fyrst á ensku og síðan yfir á taílensku með aðstoð tölvunnar. Þannig segist hún skilja best hvað um er að ræða. Þegar hún tekur niður glósur í kennslustundum er það oftast á taílensku.

Zenaida notar jafnt enska sem íslenska orðabók við námið og Karla segist aðallega hugsa um námsefnið á ensku en líka stundum á spænsku og íslensku, allt eftir innihaldi þess. Karla notar Netið mikið, sérlega vefsíður þar sem fjallað er um námsefnið á móðurmálinu eða á ensku. Það gera hinar líka og styðjast jafnframt við íslenskar vefsíður við verkefnavinnu og ritgerðarsmið.

Það kom Zenaidu á óvart hvað sum hugtakanna í félagsfræði eru erfið en henni létti þegar hún uppgötvaði að Íslendingum þætti það líka. Maðurinn hennar les því stundum með henni félagsfræði. Körлу finnast heilbrigðisfræðin hins vegar snúnari en félagsfræðin og segir það vera vegna þess að það sé henni alveg nýtt námsefni.

Vegna þeirrar miklu einbeitingar, sem nám á erlendu tungumáli krefst, segja Dora og Zenaida að þær eigi erfitt með að lesa lengur en eina klukkustund í senn. Það er kannski þess vegna sem þær hafa námsbækurnar með sér hvert sem þær fara, s.s. í vinnuna til að nýta hléin. En það er upp og ofan hvernig það gengur.

NÁMSNÁLGUN

Konurnar eru sammála um að fólk sé almennt mjög viljugt að aðstoða þær við námið, ekki síst hinar konurnar í nemendahópnum. Ein þeirra hefur tekið að sér að ljósrita fyrir þær vélritaðar glósur sínar úr kennslustundum.



Aðspurð segir Dora að allt að fimm konur komi að því að aðstoða hana við námið. Sumar hjálpa við að þýða úr íslensku yfir á ensku og aðrar yfir á tailensku og enn ein les yfir það sem hún skrifar. Eiginmaður Kõrlu er helsti þýðandi hennar.

„Mér gengur best að skilja hlutina þegar ég get tengt þá við það sem ég þekki fyrir,“ segir Dora, „t.d. umræðuna um menningu og trúarbrögð í félagsfræðinni. Þá umræðu get ég tengt við Búddaskólann sem ég gekk í sem unglingur en þar var fjallað um mismunandi áherslur innan Búddismans.“

Það er áhugavert að fá að vita hvernig Dora, Karla og Zenaida koma náminu fyrir í sólarhringnum með framlaunavinnu og móðurhlutverkinu.

„Ég læri á nóttunni, að minnsta kosti þegar það eru verkefnaskil,“ segir Zenaida og hlær um leið og hún biður mig að skrifa þetta ekki niður en leyfir mér það síðan. Zenaida á 11 mánaða gamlan son sem hún segir að krefjist sérstaklega athygli hennar þegar hún er að lesa. Annars er hún aðeins í 80% starfi eins og er. Dora segist vera búin að minnka við sig vinnu úr 150% í 120%. „Ég sagði bara við sjálfa mig að peningarnir væru ekki í forgangi núna heldur skólinn. Og svo hef ég ekki komist í ræktina síðan skólinn byrjaði en ég ætla að byrja aftur á morgun. Börnin eru orðin stór og þetta gengur vel.“

Zenaida segist hafa lítinn tíma til að sækja líkamsræktarstöðvarnar en stundar jóga og dans heima til að halda sér í formi. „Í jóganu liggur sonur minn stundum á bakinu á mér og okkur líður vel. Við leikum okkur mikið saman. Kertaljós og slökun gefst líka vel.“

Karla vinnur 70% starf en hún segir að starfið sé henni líka áhugamál, jafnvel lífsstíll. „Eftir því sem ég skil og kann íslensku betur finn ég meira fyrir því hvað margt gamalt fólk á Íslandi er einmana. Hraðinn og streitan í samfélaginu fer illa í það og ég skil ekki alveg hvers vegna þetta þarf að vera svona. Ég geri mikið að því að standa fyrir dansi, kaffiboðum eða öðrum uppákomum meðal gamla fólksins. Það er að vissu leyti fjölskyldan mín líka.“

ÞAÐ ER SJÁLFSTYRKJANDI AÐ LJÚKA FORMLEGU NÁMI

Það er vel liðið á kvöld og orðið tímabært að spyrja síðustu spurningarinnar um námið sjálft: „Hvað skiptir mestu máli við nám? Hvernig eru t.d. góðir kennarar?“

„Virðing í samskiptum nemenda og kennara skiptir máli“ er fyrsta svarið sem ég fæ. „Það er líka afskaplega gott þegar kennarinn gaukar að okkur aukaútskýringum þegar hann sér að við fylgjum honum ekki alveg. Það gera þeir yfirleitt.“

Það skiptir máli að kennarinn tali hægt og líka að nemendur viti hvað er fram undan í kennslustundinni. Að það sé sem minnst um óvæntar uppákomur. Hvernig glærurnar eru settar fram skiptir líka máli, að á þeim eða í máli kennarans komi fram hver tilvísunin í lesefnið sé. Konurnar segjast vera mjög ánægðar með kennarana sína.

Persónuleg hæfni, sjálfstyrking og betri möguleikar á vinnumarkaði eru meginhvatir Doru, Kõrlu og Zenaidu til náms. Það er eins og sumir Íslendingar séu orðnir þreyttir á að vinna með innflytjendum. „Þeir skilja ekki neitt,“ segja þeir og bæta jafnvel við „og vita ekki neitt“. Það er því góð tilfinning að geta einhvern tímann sagt: „Ég hef lokið prófi af félagslíðabrá.“

Það er að bera í bakkafullan lækinn að varpa rómantískum blæ á dugnað og eljusemi í fari Íslendinga. En Dora, Karla og Zenaida eru dugnaðarfólk hver með sínu lagi. Þær kunna þó ekki síður að njóta lífsins og eru dýrmætt litbrigði í íslenskri menningar- og menntaflóru.

Birna Gunnlaugsdóttir er verkefnisstjóri

á sviði Náms fyrir atvinnulífið hjá Mími – símenntun.

UM HÖFUNDINN

Birna Gunnlaugsdóttir er verkefnisstjóri hjá Mími-símenntun á sviði Náms fyrir atvinnulífið. Hún hefur starfað við fullorðinsfræðslu frá árinu 1999, ýmist sem sem kennari eða við stjórnun.

EMIL BJÖRNSSON, SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

AÐ BREYTA LÍFI FÓLKIS!



Emil Björnsson

Það er glampandi sól og blíða, haustlitirnir skarta sínu fegursta, litrófið spannar næstum allan skalann hér á suðvesturhorninu þegar ég tek upp tólið til þess að ræða við Emil Björnsson, námsráðgjafa hjá Þekkingarneti Austurlands, áður Fræðsluneti Austurlands, um námsráðgjöf fyrir fullorðið fólk. En hjá Fræðslunetinu hefur námsráðgjöf fyrir fullorðna verið sinnt um árabil. Emil svarar og er hress að vanda en segir aðspurður að það sé

skítaveður fyrir austan, norðanhraglandi og vart hundi út sigandi. „Hefði þetta verið fyrr á öldum þá hefði fólk orðið úti á ferðum á milli fjarða.“

Emil hafði nokkru fyrr tekið beiðni minni um viðtal fyrir Gátt góðfúslega og eftir að hafa skipst á upplýsingum um veður, gróðurfar og mannlíf almennt beinist talið að símenntunarmiðstöðinni fyrir austan. Ég byrja viðtalið af alvöru á því að spyrja hann hvenær Fræðslunetið hafi verið stofnað?

„Fræðslunet Austurlands var stofnað í nóvember 1998 og markmið með stofnun þess var að efla menntun og þar með atvinnu og styrkja byggð á Austurlandi en það má segja að á þessum árum var mjög að styrkjast krafa fólks á landsbyggðinni um aukið aðgengi að menntun,“ segir Emil.

Hverjir voru það sem stóðu fyrir stofnuninni?

Emil segir aðdragandann að stofnun FNA hafa verið áhuga sveitarstjórnarmanna, þingmanna og almennings á Austurlandi á að efla tækifæri til háskólamenntunar þar. Til að undirbúa þetta mál hafi verið skipuð svokölluð háskólanefnd SSA (Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi). Nefndin hafi gert könnun á þörf fyrir fræðslu og menntun á Austurlandi og niðurstaða þeirrar könnunar hafi m.a. verið að einnig væri þörf á að stóruka tækifæri fólks til símenntunar til að takast á við breytingar sem voru að eiga sér stað í atvinnuháttum á svæðinu. FNA var stofnað sem samstarfsverkefni flestra háskóla í landinu,

samtaka launþega, Atvinnuþróunarfélags Austurlands, SSA og um 20 fyrirtækja og stofnana þannig að strax við upphaf stofnunar FNA var símenntun og miðlun fjarnáms á háskólastigi sinnt jöfnum höndum. Síðastliðið vor (2006) var síðan stofnað nýtt félag á grunni FNA sem er Þekkingarnet Austurlands (PNA). Ástæðan fyrir þessari breytingu er aukin verkefni sem tengjast rannsóknum á Austurlandi þannig að verkefni PNA eru rannsóknir, símenntun og miðlun háskólanáms.“

Hvað kom til að þangað var ráðinn námsráðgjafi?

„Ég ákvað að hætta sem framkvæmdastjóri FNA vorið 2003. Þá ákvað stjórn félagsins að bæta við starfsmanni til þess að sinna fyrst og fremst ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. Mér leist vel á starfið og var ráðinn í það enda var ég kominn í fjarnám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ á þeim tíma.“

Varst þú ekki fyrsti ráðgjafinn sem tók til starfa við símenntunarmiðstöð?

„Eftir því sem ég best veit þá var ég fyrsti ráðgjafinn sem slíkur í starfi hjá fræðslumiðstöð utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar ég hóf störf sem ráðgjafi hjá FNA voru starfandi ráðgjafar hjá Mími – símenntun og þar fékk ég að vera í starfsþjálfun á námsárum mínum í náms- og starfsráðgjöf en hana tók ég í fjarnámi. Ég var mjög ánægður með að fá tækifæri til að vera í starfsþjálfun hjá símenntunarmiðstöð í stað þess að vera í almenna skólakerfinu sem ég þekkti orðið býsna vel eftir áratugastarf á þeim vettvangi. Það var „mitt fólk“ ef svo má segja sem voru viðskiptavinir Mímis sem og FNA/PNA, þ.e. fullorðið fólk sem var að afla sér menntunar og fræðslu, oft eftir langa fjarveru frá skólabekk.“

Hvernig hefur það helst gagnast?

„Það að starfa við símenntunarmiðstöð eins og ég geri er í veigamiklum atriðum frábrugðið því að starfa í hinu almenna skólakerfi. Verkefni miðstöðvanna eru yfirleitt mjög sveigjanleg og háð því hverju einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu sækjast eftir. Það má skilgreina markhópa okkar þannig að til okkar leitar fólk í fjarnámi við hina ýmsu

háskóla, fólk sem er að sækja símenntun og fólk í leit að styttri starfsmenntun. Það er engin sjálfvirkni í því hverjir leita til okkar og því verðum við að vera mjög sýnileg og dugleg að kynna og bjóða þjónustu okkar. Viðfangsefnin eru einnig mjög fjölbreytt og af margvíslegum toga.

Fyrir fyrirtækin þá sinnum við námskynningum og markaðssetningu á námi, veitum jafnt almennum starfsmönnum upplýsingar um námskeið og réttindanám sem og væntanlegum háskólanemum ráðgjöf um námsleiðir. Þá sinnum við einnig ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana um nám og framkvæmum greiningu á menntunarbörf með Markviss-tólinu. aðferðafræði sem nefnist Markviss (Markviss uppbygging starfsfólks).

Hvað varðar persónulega ráðgjöf þá snýst hún helst um námsvandamál, prófkvíða og frestunaráttu en einnig um tímastjórnun, ráðgjöf í persónulegum vandamálum (vísun) sem og námsaðstoð og upplýsingagjöf um styrki o.fl.

Þekkingarnetið stýrir umfangsmiklu námskeiðahaldi um starfsframa, sjálfsefningu, samskipti, viðtalstækni svo að eitthvað sé talið. Þá ber einnig að nefna námskeið eins og: Hér stend ég – hvert stefni ég? og Námstækni – próftökutækni – prófkvíðanámskeið. Og er það gjarnan verkefni námsráðgjafa að leiðbeina á þessum námskeiðum.

Emil deilir reynslu sinni á námsráðgjöfinni gjarnan með okkur, hann heldur áfram:

„Ég upplifði bæði jákvæð og neikvæð viðhorf gagnvart því að FNA á sínum tíma ákvað að ráða náms- og starfsráðgjafa til að vinna með fullorðnu fólki og fyrirtækjum. Sumum fannst þetta óþarfi, fullorðið fólk ætti að hafa þroska og einurð til að ákveða hvað það langar að gera með líf sitt, hvort það vill læra og þá hvað og hvernig. En reynslan hefur sannað að mínu mati að þetta var skynsamleg ákvörðun og nú eru allar miðstöðvarnar innan Kvasis, samtaka símenntunarmiðstöðva á Íslandi, að ráða náms- og starfsráðgjafa með öflugum stuðningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Reynsla og þekking hefur leitt í ljós að ráðgjöf og stuðningur við fullorðið fólk og fjarnema er mikilvæg forsenda þess að því farnist vel í námi.“

Aðspurður um hvert meginhlutverk námsráðgjafa sé svarar hann að bragði:

„Einn aðalþátturinn í mínu starfi er að vinna með fyrirtækjum og stofnunum að skipulagi fræðslustarfs. Þá beiti ég gjarnan aðferð sem nefnist Markviss uppbygging starfsfólks. Hún felst í því að vinna náið með almennu starfsfólki og stjórnendum fyrirtækis að skipulagi fræðslu fyrir starfsfólk. Það gefur fræðsluáætlunum aukið

gildi að vinna þannig beint með almennum starfsmönnum, fræðsluáætlunin er ekki síður sniðin að þeirra óskum og þörfum en ekki einungis að þörfum fyrirtækisins. Markviss-aðferðafræðin er ekkert annað en námsráðgjöf sem veitt er með sérstökum hætti og reynslan almennt mjög góð.“

Áður en ég sleppi Emil þá spyr ég hann hvað sé honum eftirminnilegast úr starfinu eða hvað sé mikilvægast fyrir hann sjálfan?

Hann svarar að bragði: „Mín tilfinning er sú að fólk kunni vel að meta ráðgjöf og aðstoð og sé þakklátt fyrir þá þjónustu sem miðstöðvarnar veita í auknum mæli. Ég minnst þess sérstaklega að kona af erlendum uppruna kom til mín sl. vor en hún hafði verið á námskeiði í gerð ferilskrár og tók síðan áhugasviðspróf sem leiddi greinilega í ljós að hún hafði eiginleika sem bentu til að henni hentaði vel að vinna með börnum. Hún tók það stóra stökk í lífinu að skipta um starf, hætta í fiskinum og fara að vinna í leikskóla. Þegar ég hitti hana á námskynningu í vor þá gaf hún sig á tal við mig, ánægð í bragði og sagði: „Þú hefur breytt lífi mínu.“

Það hljóta að vera lokaorðin í viðtali við námsráðgjafa – að hann fékk frá einstaklingi fyrstu einkunn fyrir veitta ráðgjöf.

Viðtal við Emil Björnsson, námsráðgjafa hjá Þekkingarneti Austurlands. Tekið af Sigrúnu Kr. Magnúsdóttur



Umdæmi þNA

SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

KENNSLUFRÆÐIMIÐSTÖÐ FA NÁMSKEIÐ – FRÆÐSLUFUNDIR - RÁÐGJÖF – GAGNASAFN



Ingemar Svantesson, kennslufræðingur frá Svíþjóð, hélt fjölsótt námskeið um námsnálgun fullorðinna í maí 2006

Í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er m.a. kveðið á um að FA eigi að þróa aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópin og miðla sérfræðipækkingu með ráðgjöf og kennslu. Í almennum samningsskilmálum við samstarfsaðila okkar, sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mímir – símenntun, er kveðið á um að framfylgt verði skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.

Til að sinna ofangreindum hlutverkum er starfsdeild innan FA sem nefnist kennslufræðimiðstöð. Á starfssviði hennar eru ýmis viðfangsefni á sviði kennslufræði fullorðinna sem felast í að þróa og halda kennslufræðinámskeið og fræðslufundi um málefni tengd fullorðinsfræðslu, að byggja upp gagnasafn og tengslanet sem nýtist við starfseminu og að byggja upp sérfræðipækkingu starfsfólks FA með þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum, ráðstefnum, námskeiðum og samstarfi við sérfræðingahóp frá KHÍ, HÍ og HA. Einnig hafa verið unnin gæðaviðmið um kennslu og framkvæmd námskeiða í fullorðinsfræðslu í samræmi við almenna samningsskilmála milli FA og samstarfsaðila.

Helstu verkefni kennslufræðimiðstöðvar til þessa hafa verið sérhönnuð kennslufræðinámskeið í fullorðinsfræðslu

í samræmi við nýja strauma og stefnur í kennslufræðum. Fjölsóttasta námskeiðið er Stíklur, grunnnámskeið með ýmsum undirstöðuþáttum árangursríkrar fullorðinsfræðslu ásamt skapandi kennsluaðferðum. Námskeiðið er í boði fyrir samstarfsaðila FA en einnig hefur það verið haldið fyrir aðra (sjá www.frae.is, námskeið).

Einnig eru fræðslufundir og sérsniðin námskeið á ýmsum sviðum kennslufræði í boði, t.d. dæmis um námsnálgun fullorðinna, um raunfærnimat, um fjarkennslu með fjarfundarbúnaði og starfsþjálfanámskeið.

Samstarfsaðilum býðst aðgangur að gagnasafni og ráðgjöf hjá sérfræðingum FA. Gagnasafnið samanstendur af bókum, rafrænum gögnum og ýmsum kennslutækjum. Nú þegar er búið að kaupa um 400 nýlegar bækur og rit um ýmis svið fullorðinsfræðslu og töluvert af öðrum gögnum (sjá www.frae.is, bækur).

Enn eitt af verkefnum kennslufræðimiðstöðvar er að halda utan um tengslanet þátttakenda á námskeiðum og annarra samstarfsaðila og fá þeir boð á fræðslufundi o.fl. á vegum kennslufræðimiðstöðvar.

Það fer fram fræðsla af einhverju tagi á velflestum vinnustöðum og fyrirtækjum.

Þeir sem vilja fá ráð og upplýsingar geta fundið ýmislegt á vefsíðu okkar eða haft samband við okkur og leitað ráða.

ABSTRACT

One of the Education and Training Service Centre's many tasks is to build a centre for pedagogic knowledge in the field of adult education. For this purpose courses have been developed and taught and meetings have been held about various pedagogical issues for trainers and those who work at training institutions or training departments in the employment sector. Advice is also given and assistance with various projects and innovation in the training sector and a database is maintained for information on the various aspects of adult education.

BJÖRN GARÐARSSON

FAGRÁÐ VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUGREINA

Fagrád verslunar- og þjónustugreina var stofnað um mitt ár 2005. Hlutverk þess er m.a. að stuðla að aukinni menntun meðal starfsfólks í verslunar- og þjónustufyrirtækjum og efla fagmennsku innan starfsgreinarinnar. Til að vinna að framgangi þeirra verkefna, sem Fagráðinu var falið, var gerður samstarfssamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um hýsingu Fagráðsins til rúmlega eins árs. Nokkur stór verkefni hafa einkennt starfsemina á þessu ári og ber þar hæst stuðning við Verslunarfagnamið og skipulagningu námsráðgjafa á vinnustað í samstarfi við Mími – símenntun. Þá hefur verið unnið að ýmsum öðrum verkefnum, s.s. drögum að ferilbók fyrir Verslunarfagnamið, kynningu á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og gerð yfirlits yfir hagnýt námskeið fyrir starfsfólk í verslun og þjónustu svo að nokkuð sé nefnt.

Fagrád verslunar- og þjónustugreina var stofnað um mitt ár 2005. Að því standa Samtök verslunar og þjónustu, Landsamband íslenskra verzlunarmanna og VR. Tilgangurinn var að skapa vettvang er gæti stuðlað að aukinni menntun og fagmennsku í röðum verslunarfólks og annarra er starfa við þjónustu.

Í þessu fyrsta Fagráði sátu Emil B. Karlsson fyrir hönd Samtaka verslunar og þjónustu, Anna Margrét Jónsdóttir, starfsmannastjóri Hagkaupa, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landsambands íslenskra verzlunarmanna og Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður VR. Anna Margrét og Emil sögðu sig úr Fagráðinu á árinu 2006 samhliða því að skipta um starfsvettvang. Í þeirra stað komu Hildur Björgvinsdóttir, starfsmannastjóri Hagkaupa og Sigríður Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum verslunar og þjónustu, og er Fagráðið þannig skipað í dag.

Markmið Fagráðsins er að stuðla að aukinni menntun meðal starfsfólks í verslunar- og þjónustufyrirtækjum og efla fagmennsku innan starfsgreinarinnar. Meðal annars er því ætlað að hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og starfsmanna, vakta nýjar menntaþarfir innan greinarinnar og mæta þeim með viðeigandi námstilboðum, kynna Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks fyrir félagsmönnum og fyrirtækjum og skipuleggja náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum auk fleiri verkefna.

Til að vinna markmiðunum framgöngu gerði Fagráðið samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að hún tæki að sér skipulagningu starfseminnar og aðra tengda þjónustu en endanleg ábyrgð er eftir sem áður hjá Fagráðinu. Þá eru markmið Fagráðsins skilgreind í samningnum og nánar kveðið á um útfærslu þeirra.

Starfsemi Fagráðsins er tilraunaverkefni til rúmlega eins árs og lýkur í lok árs 2006. Fyrir lok þess tíma mun árangur og ávinningur verkefnisins verða metinn áður en ákvörðun verður tekin um frekara framhald. Ráðinn var starfsmaður til að vinna að verkefnum Fagráðsins og hóf hann störf haustið 2005.

Á þessu fyrsta starfsári hefur verið unnið að ýmsum verkefnum. Má í því sambandi nefna stuðning við tilraunakennslu í Verslunarfagnami sem fram fór í Verzlunarskóla Íslands. Fólst það meðal annars í mati á lokaverkefnum nemenda og á námsárangri í námsáfanganum Sérstök færni. Þá hafa verið unnin drög að ferilbók í sama námi og að leiðum til að meta raunfærni umsækjenda í verslunarfagnám. Markmiðið með mati á raunfærni er að gefa umsækjendum með viðtæka reynslu innan verslunar- og þjónustufyrirtækja og/eða annað nám að baki sem nýtist, möguleika á að stytta náms-tímann. Þá hefur Fagráðið skipulagt náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum í samstarfi við Mími – símenntun og kynningar á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Verslunarfagnamið og náms- og starfsráðgjöfin hefur verið mjög áberandi í starfsemi Fagráðsins þetta fyrsta ár og því verður fjallað sérstaklega um það hér

NÁMRÁÐGJÖF Á VINNUSTAÐ

Eitt af þeim verkefnum, sem upphaflega var ætlunin að Fagráðið ynni að, var að bjóða fyrirtækjum í verslun og þjónustu upp á að fá til sín náms- og starfsráðgjafa. Samið var við Mími – símenntun um samstarf við framkvæmdina. Verkefnið er unnið þannig að haft er samband við fyrirtæki og þeim boðin heimsókn náms- og starfsráðgjafa. Eftir að leyfi hefur fengist kemur ráðgjafi í heimsókn ásamt starfs-



manni Fagráðsins. Á opnum fundi gerir ráðgjafinn grein fyrir hvað felst í náms- og starfsráðgjöf og hver ávinningur fólks getur verið af því að setjast niður, huga að stöðu sinni, bæði í starfi og einkalífi, og kanna hvaða ávinningur, persónulegur og gagnvart starfi, getur falist í því að sækja sér aukna menntun og þekkingu. Að lokinni kynningu er áheyrendum síðan gefinn kostur á að skrá sig í einstaklingsviðtal hjá ráðgjafanum. Þessi viðtöl fara síðan fram á vinnustaðnum nokkrum dögum síðar. Þá mætir ráðgjafinn aftur í samráði við vinnuveitanda og fær að kalla til sín þá einstaklinga sem óskuðu eftir viðtali. Fundurinn fer fram í lokuðu rými sem tryggir að það sem rætt er fer eingöngu milli ráðgjafans og starfsmannsins og að aðrir hafa ekki tök á að heyra það sem sagt er enda er ein forsenda viðtalanna að algjör trúnaður ríki. Þessi viðtöl eru að jafnaði 30-45 mínútur og dæmi eru um að þau hafi teygst allt að einni klukkustund.

Á fyrri hluta ársins 2006 hafði Fagráð verslunar- og þjónustugreina milligöngu um tólf slíkar vinnustaðakynningar og mættu þar alls 277 einstaklingar og af þeim skráðu sig 155 í einstaklingsviðtal eða 55% en það telst vera mjög gott.

Ekki liggur fyrir hvernig þessi hópur hefur almennt brugðist við í kjölfar viðtalanna, þ.e. hversu margir hafi sótt í einhvers konar nám eða námskeið, en þó er vitað um nokkra einstaklinga sem hafa í kjölfarið farið af stað í leit að námsleiðum.

VERSLUNARFAGNÁMIÐ

Verslunarfagnámið er 680 klukkustunda starfstengt nám. Námskráin er samin af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að frumkvæði Samtaka verslunar og þjónustu og nokkurra stórra verslanakeðja. Tilraunakennsla hófst hjá Verslunarskóla Íslands í janúar 2006 og útskrifaðist fyrsti hópurinn, alls 16 nemendur, vorið 2006. Annar hópur hóf nám í janúar árið eftir og sá þriðji haustið 2006. Þá hóf Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar einnig kennslu Verslunarfagnámsins haustið 2006. Fleiri fræðsluaðilar hafa sýnt náminu áhuga og standa vonir til að kennsla geti hafist hjá einhverjum þeirra á næsta ári.

Námið skiptist til helminga í nám í skóla, þar sem nemendur sækja tíma og í vinnustaðanám þar sem nauðsynleg starfsfærni er þjálfuð. Allir nemendur eru jafnframt í starfi hjá verslunar- eða þjónustufyrirtæki og fer starfsþjálfunin fram á vinnustað þeirra. Til að örva starfsfærnina er sérstakur

starfsþjálfari nemandanum til stuðnings á vinnustaðnum. Er það í mörgum tilfellum samstarfsmaður sem hefur viðtæka starfsreynslu innan verslunarinnar og þekkir vel til hinna fjölbreyttu verkferla sem kynntir eru og æfðir í náminu.

Árangur af náminu hefur verið góður og má í því sambandi nefna að 80% þeirra sem útskrifuðust úr fyrsta hópnum hafa öðlast frama í starfi, ýmist lárétt, t.d. flutning milli deilda innan vinnustaðar, eða lóðrétt, þ.e. stöðuhækkun.

Nú er mikill fjöldi námskeiða í boði sem nýst geta starfsfólki verslana beint. Er þar um að ræða ýmis styttri námskeið í boði símenntunarmiðstöðvanna eða annarra fræðsluadila. Auk þeirra eru nokkrar lengri námsleiðir í boði og eins og verslunarfagnámið sem er eitt og hálf ár, diplómanám í verslunarstjórnun við Háskólann á Bifröst (tvö ár, fjarnám að mestu); þar er einnig í boði tveggja ára viðskiptabraut á háskólastigi með áherslu á verslun og þjónustu (fjarnám að mestu) og verslunarbraut við Borgarholtsskóla (tvö ár).

Það er ánægjuleg þróun að sjá þetta aukna framboð af námsleiðum fyrir starfsfólk verslunar- og þjónustufyrirtækja koma fram á svipuðum tíma og sérstakt fagráð er stofnað en tilfinnanlega hefur skort á að viðeigandi og raunhæft nám hafi staðið þessu fólki til boða fram að þessu.

ABSTRACT

The Professional Advisory Board for Commerce and Services was founded in mid 2005. Its role includes increasing education for staff in commerce and services and support for professionalism in the sector. To assist implementation of the tasks allotted to the Advisory Board an agreement was made with the Education and Training Service Centre to house the Board's office for about one year. Operations have mainly involved implementation of a few large projects, particularly in support for Commerce Training and for organisation of training advisory services at the work place in cooperation with Mímir Life Long Learning. There have also been other tasks, such as compiling a draft procedure manual (?) for Commerce Training, dissemination of information about the Commerce and Services Vocational Training Fund and the publication of an overview guide to practical courses for staff in the Commerce and Services sector, to name but a few.

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR


NORRÆNT TENGLANET UM NÁM FULLORÐINNA (NVL) WWW.NORDVUX.NET

Nám fullorðinna er svið sem nýtur forgangs í norrænu samstarfi. NVL, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, er nú að ljúka sínu öðru starfsári. Netið er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Starfsemi tengslanetsins byggist á stefnu ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir, á áætlun stýrihóps um fullorðinsfræðslu (Styrgruppen för vuxnas lärande, SVL) og einnig á áherslum landsins sem fer með formennsku hverju sinni en árið 2006 hafa Norðmenn gegnt formennsku fyrir norræna samstarfið. Í þessari grein er farið yfir starfsemi NVL á Íslandi árið 2006. Þar ber hæst fjögur verkefni, tvö mismunandi verkefni á sviði fjar- kennslu, gæði í fullorðinsfræðslu og starf þankabanka um færni til framtíðar og er starfi hans lýst sérstaklega í annarri grein í ritinu.

Eins og fram kom í grein um tilurð og stofnun Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna í Gátt 2005 eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi í netinu. Fulltrúarnir koma frá mismunandi stofnunum í löndunum, danski fulltrúinn er frá danska kennaraháskólanum, sá finnski og sá norskri eru frá regnhlífarsamtökum fullorðinsfræðsluaðila, sænski fulltrúinn frá fullorðinsfræðslu sveitarfélagsins Kristianstad og á Íslandi var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið verkefnið og er þar í umsjá undirritaðar.

Regluleg starfsemi fer að stærstum hluta fram rafrænt. Hópurinn hittast á sýndarskrifstofu, Virtuella kontoret. Þar er skjalasafn, spjallrás, dagatal, grunnupplýsingar um alla sem standa að netinu og enn fremur vefumsjónarkerfi heimasíðu tengslanetsins, www.nordvux.net. Á sýndarskrifstofunni fara einnig fram reglulegir fundir NVL tvisvar í mánuði. Hægt er að fara inn á skrifstofuna hvar sem er í heiminum ef fyrir hendi er tölva og háhraðatenging við Netið.

Fulltrúarnir í netinu hittast á venjulegum fundum fjórum sinnum á ári og þar að auki kemur hópurinn saman tvisvar á ári í tengslum við stærri viðburði sem tengslanetið stendur fyrir. Á fyrsta árinu var lögð sérstök áhersla á að marka stefnu netsins. Fulltrúarnir skiptu síðan á milli sín verkum við að fylgja eftir tengslanetum sem til voru fyrir, s.s. Fangelsismálaneti og Lestrarráði, eða koma á laggirnar nýjum tengslanetum. Einnig kemur NVL að verk- efnum og rannsóknum sem þegar hafði verið komið af stað og vinnur að undirbúningi nýrra.



Sýndarskrifstofan (Virtuella kontoret VK)



Nokkrir fulltrúar í NVL á námstefnu þankabanka NVL um færni til framtíðar á Selfossi í ágúst 2006 í þjóðbúningum lands sinna. Frá vinstri talið: Ellen frá Noregi, Antra framkvæmdastjóri, Kate verkefnastjóri, Sigrún frá Íslandi og Carola frá Finnlandi



NVL á Íslandi hefur á árinu 2006 sinnt fjórum meginverk-
efnum:

1. Þátttöku í starfshópi um símenntun fyrir fjarkennslu-
kennara um upplýsingatækni og lýðræði
2. Vinnu með tengslanet um fjarkennslu
3. Stofnun bakhóps og undirbúningi og framkvæmd
námstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu
4. Störfum með þankabanka um færni til framtíðar og
miðannar námstefnu, samanber greinina Færni til
framtíðar? Norrænn þankabanki sem einnig er í árs-
ritinu



Starfshópur um símenntun á Íslandi í nóvember 2005, frá vinstri: Staffan Hubinette,
Johanni Larjanko, Björn Garefelt, Elisabeth Kempe, Ingemar Svensson

STARFSHÓPUR UM SÍMENNTUN FYRIR FJARKENNSLUKENNARA

Fulltrúi Íslands í NVL starfaði með hópi sem vann að þróun
símenntunarnámskeiðs fyrir kennara/leiðbeinendur í full-
orðinsfræðslu sem nýta sér upplýsingatækni við kennsluna
með áherslu á virkt lýðræði og fjarkennslu. Á vegum hóps-
ins var kennt eitt 12 vikna námskeið í tilraunaskyni frá
febrúar til maí 2006 og annað var sett af stað í september
í haust. Námskeiðið er hluti af stærra verkefni á vegum

norrænu ráðherranefndarinnar, DEMOS, og markmiðið er
að efna til funda meðal aðila sem fást við fullorðins- og
alþýðufræðslu til þess að miðla reynslu af notkun upplýs-
ingatækni við fjarkennslu þvert á landamæri Norðurland-
anna. Í námskeiðinu er áhersla á þrjú þemu:

- Hugtök, viðhorf og reynslu í kennslu um notkun upp-
lýsingatækni
- Umræður. Náms hópurinn fundar og stundar lýðræðis-
legar umræður á Netinu
- Netið sem vettvangur lýðræðislegra ferla til að virkja
fólk til þátttöku í samfélaginu

Á námskeiðinu gefst tækifæri til þess að komast í samband
við aðra norræna kennara og leiðbeinendur. Námskeiðið er
ókeypis, stendur yfir í fimmtíu stundir á tíu vikum og fer
einungis fram á Netinu. Ætlast er til að þátttakendur leggi
af mörkum fimm tíma á viku til námskeiðsins.

FJARKENNSLUNET

Annar hópur, sem fulltrúi Íslands tekur þátt í, er tengslanet
fjarkennslu. Í þeim hópi sitja fulltrúar frá félögum þeirra
sem notfæra sér upplýsingatækni í kennslu.

Eitt af fjórum markmiðum NVL er að eiga frumkvæði að
þverfaglegu samstarfi til þess að auka samkeppnishæfni
atvinnulífsins og samfélaganna á Norðurlöndunum. Tæki-
færi til þess er að hafa vettvang þar sem ólíkar stofnanir,
verkefni eða tengslanet, sem vinna að menntun eða þró-
un, geta komið saman. Þetta er hugmyndin sem liggur
til grundvallar stofnunar tengslanets sem vinnur að fjar-
kennslu. Markmið tengslanetsins er að sýna fram á lausnir,
miðla reynslu og nýsköpun. Tengslanetið hefur ákveðið að
einbeita sér árið 2007 að námi á vinnustöðum og undirbýr
ráðstefnu í samstarfi við danska rannsóknaráðuneytið á
Eigtved-bryggju í maí á næsta ári. Í tengslum við ráðstefnu-
una mun hópurinn safna dæmum um fyrirmyndarverkefni
og setja á laggirnar gagnagrunn með upplýsingum um
verkefni.



Fulltrúar í fjarkennslunetinu funda í Finnlandi í september 2006. Frá vinstri: Torhild Slåtto, Jyrki Käppi, Sigrún Kr. Magnúsdóttir, Jørgen Grubbe, Hróbjartur Árnason og Elisabeth Isaksson



GÆÐI Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Annað af markmiðum NVL er að vinna að eflingu gæða í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum. Það kom í hlut Noregs að stofna norrænt tengslanet um gæði. Þar var ákveðið að fara óhefðbundna leið, byrja á því að stofna bakhópa í hverju landi sem svo veldu fulltrúa úr sínum hópi til þess að vera með í norræna hópnum. Bakhópnum var auk þess falið ákveðið hlutverk: að gera grein fyrir gæðavinnu, hver í sínu landi og standa fyrir námstefnu um gæðastarf í heimalandinu á árinu 2006. Fyrsti fundur í bakhópnum á Íslandi var haldinn mánudaginn 6. mars í húsnæði FA. Í hópnum eru Arnbjörn Ólafsson, Mennt, Guðmunda Kristinsdóttir, FA, Guðrún Jóhannsdóttir, Fræþingi, Gylfi Einarsson, Iðunni, Kristín Njálsdóttir, Landsmennt, Sigríður Ágústsdóttir, Fjöltækniskóla Íslands, og undirrituð. Hópurinn hittist nokkrum sinnum, undirbjó námsstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu sem haldin var á Kríunesi 31. maí. Fundurinn hófst með hádegisverði. Þá fluttu erindi um gæðamál frá ólíkum sjónamiðum: Einar Ragnar Sigurðsson, gæða- og öryggisstjóri SKÝRR, Aðalbjörn Ólafsson, Mennt. Julie Ingham, Enskuskólanum, Guðmunda Kristinsdóttir, FA og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, FA. Að erindunum loknum fór fram hópavinna sem Sigrún Jóhannsdóttir leiddi. Nærri fimmtíu manns sóttu námsstefnuna við góðan róm. Bakhópurinn á Íslandi heldur áfram störfum og vinnur nú að kortlagningu á stöðu gæðamála á Íslandi. Fulltrúar úr bakhópnum, sem sitja í norræna hópnum, eru: Gylfi Einarsson og Sigríður Ágústsdóttir.

UPPLÝSINGAVEITA

NVL heldur úti heimasíðu á slóðinni www.nordvux.net. Þar eru birtar upplýsingar um hvaðeina sem viðkemur námi fullorðinna og starfsemi netsins. Rafrænt fréttabréf, sem fulltrúar landananna skrifa, kemur út 11 sinnum á ári og tímaritið DialogWeb átta sinnum á ári. Sérstök ritstjórn stendur fyrir útgáfu tímaritsins, ritstjórnarfulltrúi Íslands er Arnbjörn Ólafsson, Mennt. Einu sinni á ári er ritið gefið út á prentuðu formi. Þeir sem hafa áhuga á að fá ritin er bent á að hægt er að skrá sig í áskrift á heimasíðunni með því að senda tölvupóst á sigrunkri@frae.is eða hringja í síma 599 1407. Þeir sem hafa hug á að koma á framfæri fréttum af fullorðinsfræðslu er bent á að hafa samband við undirritaða.

ANNAÐ STARF

Starfsemi NVL hefur eflst mjög mikið á þessu öðru starfsári. Öll löndin sjá um starf að minnsta kosti tveggja starfshópa eða tengslaneta og starfsemin er afar fjölbreytt. Tengslanetin spanna yfir svið eins og náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, fullorðinsfræðslu í formlega skólakerfinu, eldra fólk í atvinnulífinu, atvinnulíf fyrir alla, lestrarráð, kennslufræði og rannsóknir. Fjöldi þeirra Íslendinga, sem taka á einn eða annan hátt í norrænu samstarfi á vegum þess, er nú á þriðja tug.



UM HÖFUNDINN

Sigrún Kr. Magnúsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún er ritstjóri Gáttar og fulltrúi Íslands í norrænu tengslaneti um nám fullorðinna. Sigrún Kristín hefur B.A.-próf frá Háskóla Íslands í norsku, tónlistarfræðum og heimspeki, M.sc.-próf í stjórnsýslu og ferðaþjónustu frá University of Massachusetts og kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur sinnt ýmsum störfum við menntun og fræðslu fullorðinna frá 1987, sem framkvæmdastjóri fræðsluráðs hótél- og veitingagreina og kennslustjóri Hótél- og matvæðaskólans í MK og Listaháskóla Íslands. Sigrún Kristín hefur einnig sinnt þýðingum, bæði kennslubóka og bókmenntaverka.

ABSTRACT

Adult education has priority in Nordic cooperation. NVL, Nordic Network for Adult Learning, is now completing its second year of operations. The Network is run under the auspices of the Nordic Council of Ministers. Operations are based on the Nordic Council of Ministers' research and education policy and on the planning elaborated by the Steering Committee for Adult Learning. The country holding the NCM presidency, currently Norway (2006), also influence policy. This article covers NVL, Nordic Network for Adult Learning, operations in Iceland during 2006. There are four main projects, two on differing aspects of distance learning, one on quality in adult education and one on an idea bank on skills for the future. The last-mentioned is covered in a separate article in this document.

ÁSMUNDUR HILMARSSON

HUGRENNINGAR UM FRAMSETNINGU

Í markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru vafalaust margir sem kjósa hlutbundna nálgun í námi fremur en óhlutbundna. Mörg þeirra hafa vafalaust fremur kosið meira verklegt nám í grunn- og framhaldsskóla en raunin var. Á unglingsaldri hættu þeir í skóla og réðu sig til fullrar vinnu. Ólíkt unglungum annars staðar í Evrópu gátu þeir valið á milli náms eða vinnu. Þegar þeir eru 35 ára hafa flestir þeirra verið meira en 15 ár á vinnumarkaði. Félagslegar hliðar vinnunnar eru mikilvægar og tekjur af vinnu móta lífsstíl þeirra að verulegu leyti. Flestir deila þeir ábyrgð á fjölskyldu með maka sínum.

Allan tímann hafa þeir verið í óformlegu námi. Fátt hvetur þá til annars en óformlegs náms og þeir finna ekki hjá sér


sérstaka hvöt til að læra öðruvísi. Störf sín hafa þeir lært af vinnufélögum og starfsreynslu. Fjölskylduna annast þeir eins og reynslan kennir þeim og leita ráða um fjölskyldumál hjá vinum og vandamönnum áður en þeir snúa sér annað. Félagslíf og félagsstörf eru mótuð af reynslu þeirra og leiðbeiningum annarra.

Þeir eru reiðbúnir til annars en óformlegs náms eins og þeir hafa vanist í lífi og starfi ef það raskar lítið frístundum þeirra og tekjuöflun jafnframt því að þeir séu vissir um að það gagnist. Þeir eru orðnir vanir óformlegu námi og kjósa þess vegna leiðbeiningar og leiðsögn verkstjóra eða leiðtoga til að leysa viðfangsefni fremur en kennslu kennara eins og tíðkaðist þegar þeir voru í skóla.



Fullorðinsfræðsla (Andragogy)	
Námsmaðurinn	Lífsreynður, fullmótaður persónuleiki. Kys helst leiðsögn, leiðbeiningu, verkstjórn eða forystu leiðtoga til að leysa viðfangsefni.
Reynsla námsmannsins	Mikilvæg fyrir nám sem byggir t.d. á skoðanaskiptum, umræðum, leit að lausnum, jafningjafræðslu o.fl.
Námsframboðið	Þeim sé ljós nytsemi þess einkum til að bæta kunnáttu sína eða færni.
Skipulag námsins	Stangist ekki á við lífsafkomu og skyldur. Byggi sem mest á raunhæfum hlutbundnum viðfangsefnum.

Í rannsókn Jóns Torfa og Kristjönu Stellu Blöndal um brottfall úr framhaldsskóla kom í ljós að flestum þeirra sem höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla líkaði betur verklegt en bóklegt nám (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002). Starfsmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins lagði fyrir rýnihóp, sem skipaður var verkafólki í fiskvinnslu, spurningar með tveimur kostum. Af svörum þeirra má ráða að þegar þeir eru í námi vilja þeir vinna, snerta og sjá fremur en sitja og hlusta.




(Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2004).

Í viðhorfsrannsókn, sem gerð var meðal verslunarmanna kemur í ljós að 64% aðspurðra hafa verið í einhverju námi eða sótt einhver námskeið á sl. tveimur árum (Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2003). Þau 36% sem ekki höfðu verið í námi voru spurð hvers vegna. Flestir merktu við tímaskort. Flest þeirra voru á aldrinum

35-44 ára. Hlutfallslega voru heldur fleiri konur en karlar sem merktu við tímaskort.

Hvers vegna hefur þú ekki verið í námi eða farið á námskeið (á s.l. tveimur árum)?



(Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2003).

Fyrir hópinn var lögð spurningin: Klukkan hvað mundir þú vilja byrja námskeið? Valið stóð á milli þriggja kosta; á bilinu 7:00 til 12:30, 13:00 til 17:30 eða 18:00 til 21:00. Hlutfallslega skiptust svörin í þrjá á móta stóra hópa. Fjölmenastur var þó hópurinn sem valdi að byrja á bilinu 18:00 til 21:00. Flestir töldu aðspurðir lengd námskeiðs vera hæfilega 2,5 – 3 tímar.

Athyglisvert er hvar þeir fá upplýsingar um námskeiðin. Spurt var: Hvernig færð þú upplýsingar um námskeið í þínu fagi? Hlutfallslega flestir fengu upplýsingar á Internetinu. Næst þar á eftir komu auglýsingar í blöðum, þá félagsblaði og næst þar á eftir hjá yfirmönnum sínum.

HVÖT OG HVATNING TIL NÁMS

Hvöt og hvatning eru afar mikilvægir þættir til að ná árangri í námi eins og annarri vinnu. Af ýmsum ástæðum




tel ég víst að markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þurfi bæði mikla og sérstaka hvatningu til náms. Samfélagsleg hvatning auk hvatningar frá nærsamfélagi, svo sem fjölskyldu og vinnustað, er þeim mikilvæg til að hefja og halda sér að námi. Einnig frá námsumhverfi, leiðbeinendum og námsfélögum. Kynning, hönnun og framsetning náms og námsefnis þarf að fela í sér hvatningu til að hefja og stunda nám. Eins og áður hefur komið fram er talið að helsta hvöt fullorðinna til náms sé nytsemi einkum til að efla kunnáttu og færni. Áþreifanleg og sýnileg framsetning og árangur efla hvöt þeirra til að hefja og stunda nám fremur en óhlutbundin.

Hvatningar eru stundum flokkaðar í fimm flokka; félagslegar, sálfræðilegar, kynslóðaskiptar, kunnáttu og menningarlegar. Félagsleg hvatning er t.d. umgengni við viðkunnanlegt fólk eða hóp sem maður á eitthvað sameiginlegt með. Sálfræðilegar hvatningar eru t.d. umbun fyrir það sem vel er gert og annað sem eflir sjálfstraust og styrkir sjálfmynd. Kynslóðamunur er á því sem hvetur ungt fólk, miðaldra eða eldri til að leggja sig fram. Fyrirtæki eru háð kunnáttu enda veltur velgengni þeirra og samkeppnisforskot á kunnáttu og færni starfsmanna. Alþjóðavæðing og vaxandi flutningar fólks leiða til þess að nauðsynlegt er að taka tillit til, læra af og jafnframt því að bræða saman fólk með rætur í mismunandi menningu.


Þarfir hafa verið skilgreindar sem líf- eða sálfræðilegur skortur sem hvetur til framkvæmda og frammistöðu. Þarfir eru sterkar eða veikar auk þess að vera breytilegar bæði í tíma og aðstæðum. Þrjár þekktar þarfakenningar eru kenndar við Abraham Maslow, Clayton Alderfer og David McClelland. Maslow og Alderfer telja báðir að mismunandi þarfir hafi áhrif á hvatir. Kenning Maslows byggist á svonefndum þarfapíramíta sem skiptist í fimm þrep. Á hverju þrepi er tiltekin þörf eða hvöt sem ræsir hegðun og beinir henni að ákveðnum markmiðum. Maslow segir að einstaklingar reyni stöðugt að komast ofar í píramítann. Neðst í píramítanum eru grunnþarfirnar en efst viðurkenningarþörfin og sjálfþroski. Alderfer skiptir þörfum í tilvist, tengsl og vöxt. Tilvistarþörfin samsvarar líkams- og öryggisþörfunum hjá Maslow, tengslapörfin félagsþörfunum en vaxtarþörfin viðurkenningarþörfinni og sjálfs-

þroskanum. McClelland dregur einkum fram árangursþörf, valdaþörf og félagsþörf. Árangursþörfin hvetur til að skara fram úr, valdaþörfin til að fá aðra að lúta að vilja sínum og félagsþörfin er löngunin eftir vinsamlegum og nánnum samskiptum við aðra.

Telur þú að atvinnurekandi þinn hvetji þig eða letji til að stunda endur- eða símenntun í þínu fagi?



Áhersla á starfs- eða endurmenntun í þínu fyrirtæki?



Í fyrrnefndri viðhorfsrannsókn verslunarmanna kom fram að 88% töldu símenntun mjög eða frekar mikilvæga. Um helmingur taldi litla áherslu lagða á starfs- eða endurmenntun á vinnustöðum sínum. Afar fáir telja atvinnurekendur letjandi í þessum efnum. Tæpur helmingur voru á því að þeir hvettu til endur- eða símenntunar. Ámóta stór hluti svarenda taldi þá hvorki letja né hvetja til endur- eða símenntunar.

HEIMILDIR

Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). Brottfall úr námi - Afstaða til skóla, félagslegr og sálfræðilegr þættir

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. (2003). Þörf fyrir menntun – Viðhorfsrannsókn

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2004). Greining fræðsluþarfa í fiskvinnslu á Íslandi. Óútgefið efni.





FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is

Skeifan 8 • 108 Reykjavík
Sími 599 1400 • Fax 599 1401 • frae@frae.is